


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur







FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
2. september 2011
204. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



## Nánast heilt lið heima

*Stjörnustúlkan Gunnhildur Yrsa fær nægan stuðning heima fyrir.*

fólk 42

## Tímabært verkefni

*Sex háskólanemar hafa rannsakað íslenska samtímalistfræði.*

tímamót 22



## Mæta Noregi í kvöld

*Rúrik Gíslason vorkennir Ólafi Jóhannessyni þjálfara fyrir þá gagnrýni sem hann hefur fengið.*

sport 38

## veðrið í dag




**VÍÐA VÆTA** Í dag verða víða austan 5-10 m/s, en norðaustan 8-13 á Vestfjörðum. Víða væta en talsverð rigning SA-lands. Hiti 10-16 stig.

VEÐUR 4

# Fjöldi undanþága veittur

**Veittar hafa verið 24 undanþágur um kaup á fasteignum hérlendis til aðila utan EES frá 2007. Einu asísku fyrirtæki hefur verið synjað. Kína á að fá sömu meðferð og önnur lönd samkvæmt fjárfestingarsamningi.**

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið, áður dómsmálaráðuneytið, hefur frá árinu 2007 veitt 24 undanþágur frá banni við því að aðilar utan Evrópska efnahagssvæðisins kaupi fasteignir og lóðir hér á landi.

Einum aðila hefur verið synjað um undanþágu. Var þar um að ræða asískt fyrirtæki sem vildi festa kaup á húsnæði í fyrra. Ekki fengust frekari upplýsingar frá ráðuneytinu um ástæðu synjunarinnar.

Um tíu aðilum frá Bandaríkjunum hafa verið veittar undanþágur frá 2007. Hinir koma frá Ástralíu, Indónesíu, Rússlandi, Argentínu, Mön, Úganda, Ísrael, Malasíu og Kína.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu voru skráð nokkur tilvik, flest árin frá 2007, þar sem erlendir borgarar sem hafa lögheimili á Íslandi hafa keypt eign. Þeir þurfa þó ekki undanþágu ef lögheimili þeirra er hérlendis.

Ísland og Kína gerðu með sér samning sem tók gildi 1. mars árið 1997 til að hvetja til fjárfestinga í ríkjunum tveim. Í þriðju grein samningsins segir „að hvorugur samningsaðili skuli á landsvæði sínu veita fjárfestingum eða arði fjárfesta hins samningsaðilans óhagstæðari meðferð en hann veitir fjárfestingum eða arði fjárfesta hvaða þriðja ríkis sem er.“

Einnig er kveðið á um að fjárfestar skuli ekki sæta óhagstæðari meðferð hvað snertir umsýslu, notkun, nýtingu eða ráðstöfun fjárfesting- anna en fjárfestar frá öðrum ríkjum.

Kínverski fjárfestirinn Huang Nubo hefur sótt um undanþágu til að geta keypt meirihluta Grímsstaða á Fjöllum og er málið nú á borði Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra.

Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður segir að með því að hafa þykkt svipaða beiðni verði krafan um rökstuðning enn ríkari eigi að hafna henni. „Út frá jafnræði og öðru verða að vera enn veigameiri rök en ella fyrir því að synja þessu. Stjórnsýslan hefur dálítið bundið hendur sjálfrar sín með því að hafa sagt já í yfir 95 prósent tilvika.“

- sv, kóp / sjá síðu 6

### Ísland ekki eina viðskiptatækifærið

Xu Hong, framkvæmdastjóri hjá Zhongkun, fyrirtæki Nubos, segir í samtali við kínverska dagblaðið Global Times í gær að tortryggni í garð fyrirtækisins komi honum á óvart. Zhongkun hafi reist fyrsta ferðmannastað sinn í Tennessee í Bandaríkjunum án nokkurra vandkvæða af hálfu stjórnvalda þar. „Zhongkun þarf ekki á þessum þrýstingi að halda. Ísland er ekki eina viðskiptatækifærið okkar.“



**FLJÚGANDI BUSAR** Nýnemar voru boðnir velkomnir í Menntaskólann í Reykjavík í gær með hefðbundnum hætti. Tolleringin svokallaða er ein elsta hefð skólans og sögð sprottin úr vígslusiðum sem voru viðhafðir í Skálholtsskóla á öldum áður. Þengill Björnsson, inspector scholae í MR, segir athöfnina hafa farið vel fram. „Við munum alltaf eftir að grípa,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fólkið í landinu les Fréttablaðið




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu.
Meðallestur á tölublað, apr.-jún 2011

Innanríkisráðherra mun setjast yfir starfshætti fjármögnunarfyrirtækja:

# Vill afnema verðtrygginguna

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir að verðtryggingin standi þjóðinni fyrir þrifum við að komast út úr kreppunni. Hann segir önnur ríki láta verðbólguna rýra fjármagnið, en hér á landi sé það varið á kerfislægan hátt.

„Við erum með fjármagnið varið og færum þetta allt saman upp, alveg sama hvað gerist. Þess vegna segi ég: verðtryggingin er efnahagslega skaðleg og við verðum að losna við hana.“

Ögmundur hefur sent fjármögnunarfyrirtækjum tilmæli um starfshætti þeirra. Hann segist höfða til ábyrgðarkenndar fyrirtækjanna. Hann vill skoða málefni þeirra.

„Ég mun beita mér fyrir því að það verði gert að því leyti sem snertir ráðuneyti dómsmála og réttarkerfis.“

Ögmundur segist ekki trúa öðru en að fjármálafyrirtækin vilji vera vönd að virðingu sinni og hann muni dæma þau á þeim mælikvarða, kjósi þau að vanvirða reglurnar.

- kóp / sjá síðu 12



ÖGMUNDUR JÓNASSON




## Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum




Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

## SPURNING DAGSINS



*Kamilla, er ekkert bóluefni til við þessu?*

„Dr. Airwaves mælir með 200 hljómsveitarpillum sem teknar eru yfir fimm daga. Þá ætti fólk að hafa veturinn af.“

Kamilla Ingibergsdóttir starfar fyrir Iceland Airwaves. Breska hljómsveitin The Vaccines, eða Bóluefnin, hefur hætt við að koma fram á tónlistarhátíðinni vegna veikinda söngvarans.

Nítján ára síbrotamaður fær sjöunda dóminn á þremur árum:

# Í árs fangelsi fyrir ránstilraun

**DÓMSMÁL** Nítján ára síbrotamaður hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir ránstilraun og önnur auðgunarbrot.

Maðurinn ruddist inn í útibú Arion banka í Hraunbæ í janúar síðastliðnum, með andlit sitt hulið og vopnaður steinhellu. Hann skipaði gjaldkera að afhenda sér peninga og henti hellunni í gegnum glerið á næstu gjaldkerastúku. Hann hvarf á brott eftir að gjaldkerinn sagðist enga peninga hafa til að afhenda honum. Þá er maðurinn einnig dæmdur fyrir að stela hinu og þessu; bílum, mat úr verslun, síma, bíllyklum og græjum og greiðslukorti annars manns og nota það.

Maðurinn játaði brot sín skýlaust og var tekið tillit til þess við ákvörðun refsingar, sem og þess hversu ungur að árum hann er. Manninum er gert að greiða Arion banka 208 þúsund krónur í bætur. **- sh**

### Ungur en með mikinn afbrotaferil

Þrátt fyrir að vera aðeins nítján ára hefur maðurinn hlotið sjö dóma frá árinu 2008. Fyrst þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir þjófnað og síðar sama ár hlaut hann dóm fyrir brot gegn valdstjórninni en var ekki gerð sérstök refsing. Hann hlaut eins árs fangelsi árið 2009 fyrir rán, líkamsárás og fleira og sex mánaða fangelsi í apríl 2010 fyrir líkamsárás, þjófnað, brot gegn valdstjórninni og fleira til. Þá hefur hann hlotið tvo aðra dóma á þessu ári, einn tveggja mánaða fyrir fjársvik og annan fyrir þjófnað og nytjastuld án þess að vera gerð sérstök refsing.

Breyttur útivistartími:

# 16 ára mega vera úti til tíu

**FÓLK** Útivistartími barna og unglinga tók breytingum í gær, 1. september. Nú mega 12 ára börn og yngri vera úti til klukkan 20 en 13 til 16 ára unglingar til klukkan 22. Aldur miðast við fæðingarár.

Bregða má út af reglunum fyrir síðartalda hópinn þegar unglingar eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Þeim er meðal annars ætlað að tryggja nægan svefn.

Færri námsmenn fyrir vestan:

# Fleiri konur en karlar í námi

**VESTFIRÐIR** Þeim einstaklingum með lögheimili á Vestfjörðum sem sóttu menntun á framhaldsskólastigi á síðasta ári hefur fækkað sé miðað við árið 2009. Alls voru 578 nemendur skráðir í nám á síðasta ári en þeir voru 660 árið 2009. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.

Fleiri konur en karlar sækja nám í framhaldsskóla, en árið 2010 voru 309 konur með lögheimili á Vestfjörðum skráðar, 15 ára og eldri. Karlarnir voru 269 talsins. Árið 2009 voru konurnar 357 en karlarnir 303 og árið 2008 voru þær 342 en karlarnir 273. **- sv**

Ný könnun á fylgi flokkanna:

# Um þriðjungur styður stjórnina

**KÖNNUN Um 34 prósent landsmanna styðja ríkisstjórnina, samkvæmt þjóðarpúlsi Capacent Gallup. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.**

**Samkvæmt þjóðarpúlsinum nýtur Sjálfstæðisflokkurinn stuðnings 35,6 prósenta kjósenda. Um 21,9 prósent styðja Samfylkinguna, og 16,8 prósent Framsóknarflokkinn.**

**Fylgi Vinstri grænna hefur ekki verið minna í fjögur ár, og mælist nú 14,3 prósent. Um 2,9 prósent sögðust styðja Hreyfinguna í könnuninni.**

**Alls sögðust 8,6 prósent ætla að kjósa önnur framboð.** **- bj**

## LANDSDÓMUR

### Frávísunarkrafa fyrir dóm

Landsdómur mun koma saman á mánudag, en þá mun fara fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu Geirs. H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Landsdómur hefur áður hafnað frávísunarkröfu Geirs, sem byggði á því að Landsdómur hafi ekki verið rétt skipaður.

# Matarkarfan reynist ódýrust í Krónunni

**Allt að 28 prósenta verðmunur er á matarkörfu ASÍ í Krónunni og Nóatúni. Krónan, Bónus og Víðir bjóða lægsta verðið. Bónus gagnrýnir könnunina en ASÍ vísar gagnrýninni á bug. Dæmi eru um 56 prósenta verðmun á vörum.**

**NEYTENDUR** Allt að 28 prósenta verðmunur er á matarkörfu ASÍ á milli Krónunnar, þar sem hún er ódýrust, og Nóatúns, þar sem hún er dýrust.

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í átta matvöruverslunum síðastliðinn mánudag. Matarkarfan í Krónunni kostaði 10.103 krónur en 12.912 krónur í Nóatúni. Lítill verðmunur reyndist vera á verði matarkörfunnar á milli Bónuss, Krónunnar og Víðis, en karfan var 26 krónum dýrari í Bónus en í Krónunni, og 179 krónum dýrari í Víði.

Dæmi eru um mikinn verðmun í öllum vöruflokkum. Sem dæmi má nefna morgunkornið Cheerios, sem var ódýrast á 804 krónur kílóið hjá Fjarðarkaupum en dýrast á 1.254 krónur kílóið hjá Nóatúni, sem er 56 prósenta verðmunur.

Matarkarfa ASÍ samanstendur af 33 almennum neysluvörum til heimilisins, til dæmis mjólkurvörum, morgunkorni, grænmeti, kjöti, og drykkjarvörum, ásamt ýmsum pakkavörum, dósamat og fleiru.

Könnunin var gerð á sama tíma í verslunum Bónuss, Krónunnar, Nettó, Fjarðarkaupa, Samkaupa Úrvals, Víðis, Hagkaupa og Nóatúns. Kostur Dalvegi neitaði sem fyrr að taka þátt í könnuninni. Forsvarsmenn verslunarinnar hafa ítrekað bannað starfsfólki ASÍ að taka niður verð í versluninni.

Bónus gagnrýnir vinnubrögð ASÍ varðandi verðkönnunina. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að ítrekað hafi verið gerðar athugasemdir við vinnubrögð ASÍ, meðal annars vegna þess að ekki séu teknir ódýrustu kostir í hverjum vöruflokki hjá Bónus.

„Dæmi um misræmi í vinnubrögðum ASÍ eru ódýrustu bananarnir sem kosta 198 krónur kílóið í verslunum Bónus, en eru sagðir kosta 257 krónur,“ segir í tilkynningunni. Leiðrétting á þessari einu rangfærslu geri Bónus ódýrustu verslunina í könnuninni.

ASÍ svara gagnrýninni fullum hálsi og segir að verðlagseftirlitið vinni eftir ákveðnum verklagsreglum. Þessi verðkönnun hafi verið framkvæmd á sama tíma í öllum verslunum og skráð niður það verð sem neytendum stóð til boða á þeim tímapunkti. Það sé venjan við slíkar kannanir.

„Nokkuð ber á því að afslættir séu ekki sýnilegir og eru þeir þar af leiðandi ekki teknir með,“ segir í yfirlýsingu frá ASÍ.

**sunna@frettabladid.is**
**kolbeinn@frettabladid.is**



**KRÓNAN** Dæmi eru um 56 prósent verðmun á vörum á milli verslana í verðkönnun ASÍ. Matarkarfan reyndist ódýrust í Krónunni en dýrust í Nóatúni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Matarkarfa 29. ágúst 2011




12 ára stúlkur bólusettar:

# Bólusett við leghálskrabba

**HEILBRIGÐISMÁL Almenn bólusetning gegn leghálskrabbameini hefst hér á landi seinni hluta þessa mánaðar, að því er segir í frétt á vef landlæknis. Í vetur verður stúlkum sem fæddar eru 1998 og 1999 boðin bólusetning og framvegis verða 12 ára stúlkur bólusettar árlega.**

**Bólusett verður með bóluefninu Cervarix og felur full bólusetning í sér þrjár sprautur sem gefnar verða á sex til tólf mánaða tímabili.**

**Ætlað er að bólusetja stúlkurnar í skólum landsins en framkvæmd bólusetningarinnar er í höndum heilsugæslunnar.** **- ibs**



**FRELSIÐ ER YNDISLEGT** Þýska flóttakýrin Yvonne náðist loks í Ölpunum eftir 98 daga flótta. NORDICPHOTOS/AFP

Þýsk kýr frjáls í 98 daga:

# Yvonne handsömuð á flótta

**ÞÝSKALAND** Eftir 98 daga hlaup um skóga Bæjaralands náðist að koma böndum á þýsku kúna Yvonne í gær. Kýrin hafði notið frelsisins síðan í maí, en er nú komin undir manna hendur.

Óvíst er hvort Yvonne átti sældarlíf í frelsinu, en hún var hundelt af veiðimönnum eftir að lögreglan hafði sett 10 þúsund evrur til höfuðs henni. Forsendan var að hún gæti verið ökumönnum á svæðinu hættuleg. Illa gekk þó að ná Yvonne og virtist henni líka vistin í Ölpunum betur en á bóndabýlinu, hvar hún hafði fram að því alið manninn, tja eða kúna. **- kóp**




Sautján Nóbelsverðlaunahafar segja evruna lífvænlega þrátt fyrir skuldakreppu:

# Þjóðverjar fari frekar en Grikkir

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Sautján Nóbelsverðlaunahafar í hagfræði lýstu því yfir nýverið að evrusvæðið muni lifa af skuldakreppu Grikkja og fleiri nauðstaddra evruríkja.

Fari hins vegar svo, að skipta þurfi evrusvæðinu upp, þá telja þeir skynsamlegra að Þýskaland taki pokann sinn og segi skilið við myntbandalagið en að Grikkland verði rekið úr hópnum.

Það var fréttastofan Reuters sem skýrði frá þessu. Meðal hagfræðinganna sautján eru Joseph Stiglitz, Myron Scholes og Robert Mundell.

Í viðtali við Reuters segir Stiglitz að það yrði enginn hægðarleikur að skipta evrusvæðinu niður í smærri svæði: „Það er mjög erfitt að afhræra hrærð egg,“ segir hann.

Hann segir hins vegar að hagfræðingar séu almennt að komast á þá skoðun að Þýskaland, sem er vel stætt efnahagslega, ætti auðveldara með að segja skilið við hópinn en Grikkland.

Skuldabagginn myndi halda áfram að sliga Grikkland, sem ætti afar erfitt með að ná sér á eigin spýtur. Þjóðverjar myndu hins vegar spjara sig ágætlega. **- gb**



**PAPANDREÚ OG MERKEL** Forsætisráðherra Grikklands og kanslari Þýskalands á einum fjölmargra funda um skuldavanda evruríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP



HYUNDAI
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.
UEFA EURO2012 POLAND-UKRAINE
„Þú verður að prófa Hyundai!“
Þú uppgötvar gæðin með reynsluakstri
HYUNDAI ix35
5 ÁRA ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
LÉTTSKOÐUN
Hyundai ix35
Nýr Hyundai ix35 er hannaður með það fyrir augum að mæta ört vaxandi kröfum venjulegs fjölskyldufólks sem vill fyrst og fremst tæki til að komast þangað sem ferðinni er heitið á öruggan og hagkvæman hátt. Ekki skemmir að hafa útlitið með sér og ferðast í þægindum með stæl.
Verð frá: 5.590.000 kr.
Eyðsla í langkeyrslu 6,8 l/100 km
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.
i30
i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.
Verð frá 2.790.000 kr.
Eyðsla í langkeyrslu 5,1 l/100 km
Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is
INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

## GENGIÐ 01.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,92 | 114,46 |
| Sterlingspund | 184,62 | 185,52 |
| Evra | 162,63 | 163,55 |
| Dönsk króna | 21,826 | 21,954 |
| Norsk króna | 21,109 | 21,233 |
| Sænsk króna | 17,838 | 17,942 |
| Japanskt jen | 1,4778 | 1,4864 |
| SDR | 182,29 | 183,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,4457

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur birt nýja hagvaxtarspá fyrir Ísland:

# AGS spáir minni sveiflum í hagvexti

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) spáir minni sveiflum í hagvexti á Íslandi á næstu árum en Seðlabankinn. Þá spáir AGS meiri hagvexti í ár og á næsta ári en OECD. AGS birti nýjustu hagvaxtarspá sína fyrir Ísland í fyrradag.

Forvitnilegt er að bera hagvaxtarspá AGS saman við spár Seðlabankans og OECD sem birtar hafa verið síðustu mánuði. Í spá sinni gerir AGS ráð fyrir nokkuð stöðugum hagvexti næstu ár. Á næsta ári er gert ráð fyrir 2,5 prósenta hagvexti, 3,1 prósents hagvexti árið 2012 og svo 2,8 prósenta hagvexti 2013.

Í nýjustu spá Seðlabankans er hins vegar gert ráð fyrir töluvert meiri sveiflum í hagvexti. Seðlabankinn spáir 2,8 prósenta hagvexti í ár, 1,6 prósenta hagvexti 2012 og 3,7 prósenta hagvexti árið 2013.

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu hefur einnig birt hagvaxtarspá fyrir Ísland en hún nær einungis fram á næsta ár.

Stofnunin er varfærnari en AGS og spáir 2,2 prósenta hagvexti í ár og 2,9 prósenta hagvexti á næsta ári. **- mþl**

**Hagvaxtarspá**




OECD gefur ekki út hagvaxtarspá fyrir árið 2013

Ný dönsk viðhorfskönnun:

# Pabbar fyndnari en mömmur

**DANMÖRK** **Dönskum börnum þykja feður sínir jafnan skemmtilegri en mæðurnar.**

**Þetta kemur fram í nýrri rannsókn frá Háskólanum í Álaborg. Könnunin náði til 1.562 barna á aldrinum 11 til 16 ára, sem voru spurð að því hvort foreldrið hefði meiri húmor, hvort væri betra í að segja brandara og hvort væri líklegra til að sprella.**

**Feður komu betur út bæði hjá stúlkum og drengjum, í öllum þremur flokkum. - þj**

Nýskráningar enn fleiri:

# Fleiri fyrirtæki gjaldþrota

**EFNAHAGSMÁL** Alls 97 fyrirtæki voru tekin til gjaldþrotaskipta í júlí. Það er tvöfaldur fjöldi þeirra fyrirtækja sem úrskurðuð voru gjaldþrota í sama mánuði í fyrra. Þetta kom fram í Morgunkorni Íslandsbanka á miðvikudag.

Þetta er sjötti mánuðurinn í röð sem aukning á sér stað í fjölda gjaldþrota á milli ára. Alls hafa því 938 fyrirtæki orðið gjaldþrota á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er aukning um 55 prósent á milli ára. Í Morgunkorni segir að sú seinkun sem orðið hefur á fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja skýri málið að stórum hluta.

Í júlí voru gjaldþrot tíðust hjá fasteigna- og byggingarfyrirtækjum. Þá voru fleiri fyrirtæki nýskráð í mánuðinum en urðu gjaldþrota. **- mþl**

Fjármálaráðherra Hollands:

# Stóru evruríkin bera ábyrgðina

**HOLLAND, AP Frakkland og Þýskaland bera verulega ábyrgð á skuldakreppu evruríkjanna, segir Jan Kees de Jage, fjármálaráðherra Hollands.**



JAN KEES DE JAGER

**Hann segir að fordæmi þessara tveggja stærstu ríkja evrusvæðisins, þegar fjárlagahalli þeirra beggja fór yfir þriggja prósenta markið árin 2003 og 2004, hafi orðið til þess að smærri ríki leyfðu sér hömlulítið að safna skuldum langt umfram þau mörk, sem reglur evrusvæðisins kveða á um. Þetta hafi á endanum leitt af sér kreppuna, sem nú sligar ríkin á evrusvæðinu. - gb**



**GRÍMSSTAÐIR Á FJÖLLUM** Gangi kaup Huangs Nubo á um 72 prósenta hlut á Grímsstöðum eftir, mun hann þurfa að leita eftir samþykki ríkisins hvað varðar allar meiriháttar framkvæmdir á svæðinu. MYND/SIGGA HALLGRÍMS

# Nubo háður samþykki hins opinbera með framkvæmdir

**Gangi kaup Huangs Nubo á Grímsstöðum eftir verður hann háður samþykki opinberra aðila varðandi allar framkvæmdir. Ríkið og Nubo munu eiga landið í óskiptri sameign þar til því verður skipt upp.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig verður nýtingarrétti Huangs Nubo háttað á Grímsstöðum, gangi kaup hans eftir?

Allar meiriháttar framkvæmdir sem kínverski fjárfestirinn Huang Nubo vill ráðast í á Grímsstöðum á Fjöllum verða háðar samþykki meðeiganda hans, ríkisins. Nubo hefur sótt um undanþágu hjá innanríkisráðuneytinu frá banni við fasteignakaupum ríkisborgara utan EES til að geta keypt 72 prósenta hlut í Grímsstöðum, sem er um 300 ferkílómetra jörð, ein sú stærsta á landinu öllu. Ríkið á 25 prósenta hlut í jörðinni og stendur ekki til að selja hann, samkvæmt Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Fái Nubo undanþágu hjá ráðuneytinu mun hann eiga Grímsstaði í óskiptri sameign með ríkinu. Með óskiptri sameign er átt við að eignarhlutum landsins er ekki skipt upp landfræðilega, heldur eiga báðir aðilar sinn hlut, óháð staðsetningu.

Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður segir Nubo í raun og veru vera með hendur bundnar hvað framkvæmdir varðar þar til ríkið veiti samþykki sitt.

„Hann gæti hugsanlega farið í eitthvað sem væri ekki á neinn hátt að ganga á hagsmuni sameiganda hans, eins og til dæmis að koma sér upp sauðfé og beita því á landið. Allt umfram það útheimtir samþykki sameigandans."

Þeir sem eiga saman jörð í óskiptri sameign geta látið skipta lóðinni upp landfræðilega. Karl bendir þó á að það sé ekki einungis stærð landsins sem skipti máli, heldur einnig hvernig landið er metið.



HUANG NUBO



KARL AXELSSON

„Hluti af Grímsstöðum er reginfjöll og öræfi – algjörlega verðlaust land. Annað er undirlendi sem er miklu verðmætara," segir Karl. „Eftir skiptingu þurfa eigendur að eiga það sem svarar hlutfallslegri eign þeirra í verðmætum. Stærð er ekki eini mælikvarðinn, heldur líka gæði og eðli landsins."

Ef til þess kæmi að ríkið seldi Nubo sinn hlut í Grímsstöðum, væri hann háður sömu lögum er varða lóðareignir og allir aðrir landeigendur.

„Ef hann ætti landið einn og áformaði framkvæmdir, þá þyrfti hann að fá samþykkt deiliskipulag eða breytingu á aðalskipulagi, byggingaleyfi, leyfi samkvæmt auðlindalöggjöf og svo framvegis. Allt með nákvæmlega sama hætti og ef íslenskur aðili ætlaði að fara sömu leið," segir Karl en sveitarfélög fara með skipulagsvald.

Innanríkisráðuneytið hefur veitt 24 erlendum aðilum utan EES undanþágu til kaupa á fasteignum og lóðum hér á landi síðan árið 2007. Einum aðila hefur verið synjað og var það í fyrra. Ráðuneytið vill ekki gefa upp ástæðu synjunarinnar.

**sunna@frettabladid.is**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**HELGARSPÁIN**
Veðrið um helgina verður nokkuð gott. Vindur verður yfirleitt mjög hægur en strekkingur á Vestfjörðum. Víða dálítil væta á morgun en á sunnudag styttir víðast upp og léttir jafnvel eitthvað til, einkum syðra.




**Á MORGUN**
Strekkingur á V-fjörðum annars mun hægari.

**SUNNUDAGUR**
Hæg norðaustlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 25° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 25° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 18° |
| París | 29° |
| San Francisco | 27° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




# MAROKKÓSKUR KJÚKLINGARÉTTUR MEÐ HARISSA OG HUNANGI fyrir 4

*að hætti Rikku*

1 stórt eggaldin, sneitt og skorið í bita
1 msk ólífuolía
4 kjúklingabringur, skornar í bita
2 hvítlauksrif, pressuð
1/2 msk rifinn engifer
1 tsk cumin
2 tsk Harissa-mauk
3 msk hunang
2 msk sítrónusafi
salt og nýmalaður pipar

Raðið eggaldininu á skurðarbretti og saltið. Látið standa í 10 mínútur. Steikið kjúklingabitana upp úr olíunni við meðalhita. Bætið hvítlauknum, engiferinu og eggaldininu við og steikið þar til að kjúklingurinn er eldaður í gegn. Stráið cumin-kryddinu yfir ásamt Harissa maukinu, hunanginu og sítrónusafanum og látið malla í 5-10 mínútur. Kryddið með salti og pipar eftir smekk. Gott er að bera réttinn fram með hýðishrísgrjónum og fersku salati.

NÆRINGARGILDI LDS
Kcal: 639/ 32% LDS*
Prótín: 30.9 g/ 62% LDS
Fita: 35 g/ 54% LDS
Kolvetni: 52 g/ 17% LDS
C-vítamín: 11.2 mg/ 19% LDS
Járn: 2.6 mg/ 15% LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.




**Nýslátrað lífrænt**
lambakjöt




**Grísakótilettur**




**Lambatvírifjur**
kryddlegnar




**Kjúklingaleggir**
ferskir
































24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 4. september á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Telurðu rétt að lækka tolla á innflutt kjöt?*

| | |
|---|---|
| Já | 70,9% |
| Nei | 29,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Ísland að bjóða fram aðstoð við uppbyggingu í Líbíu eftir að friður kemst á í landinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Lagabreyting nauðsynleg til að breyta bótum til fórnarlamba ofbeldis:

# Samsetning bóta til skoðunar

**DÓMSMÁL** Samsetning bóta til fórnarlamba ofbeldis er nú til skoðunar í innanríkisráðuneytinu. Til þess að breyta samsetningu bótanna þarf að breyta lögum, að sögn Höllu Gunnarsdóttur, aðstoðarmanns innanríkisráðherra.

Hámarksbætur sem ríkissjóður greiðir fyrir líkamstjón eru 2,5 milljónir króna en fyrir miska 600 þúsund krónur. Ef um kynferðisbrot er að ræða greiðir ríkissjóður eingöngu miskabætur. Þessar hámarksbætur hafa verið óbreyttar frá árinu 1996.

Úrskurði dómari fórnarlambi ofbeldis bætur undir 400 þúsundum króna fær fórnarlambið engar bætur greiddar úr ríkissjóði vegna líkamstjóns og annars tjóns. Þetta var ákveðið 1. júlí 2009 vegna brota framinna eftir þann tíma. Lögfræðikostnaðurinn fellur jafnframt á fórnarlambið en annars greiðir ríkið yfirleitt þann kostnað.



HALLA GUNNARSDÓTTIR

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagðist í byrjun sumars ætla að beita sér fyrir því að samsetning á ráðstöfun bótanna, annars vegar skaðabóta og hins vegar miskabóta, yrði skoðuð. „Það má vel vera að breyta þurfi innbyrðis vægi óháð því hvort aukin framlög koma til sögunnar,“ sagði innanríkisráðherra.

„Það var kallað eftir sjónarmiðum frá þeim sem halda utan um þessi mál og þau eru nú til skoðunar. Það er vilji til að breyta þessu,“ segir Halla Gunnarsdóttir. **- ibs**

Kanna afstöðu til þjóðkirkju:

# Um 34 prósent íhugað úrsögn

**KÖNNUN** Ríflega þriðjungur þeirra meðlima þjóðkirkjunnar sem tóku afstöðu í nýlegri könnun MMR sagðist hafa hugsað um að segja sig úr þjóðkirkjunni á síðustu mánuðum.

Alls sögðust 34,4 prósent hafa íhugað að segja sig úr þjóðkirkjunni, en 64,5 prósent höfðu ekki hugsað um það.

Yngra fólk hafði frekar hugsað um að segja sig úr þjóðkirkjunni en þeir sem eldri eru. Þá hafði hærra hlutfall karla en kvenna íhugað úrsögn. **- bj**

Nauðgun á Þjóðhátíð:

# Málið sent til Ríkissaksóknara

**DÓMSMÁL** Lögregla hefur lokið rannsókn á máli manns sem situr í gæsluvarðhaldi, grunaður um að hafa nauðgað ungri konu á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Málið hefur verið sent Ríkissaksóknara til ákærumeðferðar.

Í greinargerð lögreglu til héraðsdóms vegna málsins kemur fram að maðurinn sást elta stúlkuna að veitingatjaldi á svæðinu, þar sem hún leitaði aðstoðar þriggja gæslumanna eftir að hafa flúið undan manninum. Gæslumönnunum ber saman um að hún hafi verið hrædd og hafi skýlt sér bak við þá. Maðurinn hafi verið mjög ölvaður og viðhaft „kynferðislega tilburði og orðbragð“ gagnvart stúlkunni.

Maðurinn hefur orðið margsaga við yfirheyrslur en framburður stúlkunnar er stöðugur. Gæsluvarðhald yfir manninum rennur út í dag. **- jss**

Ljósanótt formlega sett:

# Slepptu 2 þúsund blöðrum

**REYKJANESBÆR** Ljósanótt var sett með pomp og prakt í Reykjanesbæ í gærmorgun þegar nemendur leik- og grunnskóla bæjarins slepptu 2.000 blöðrum til himins. Hátíðin stendur alla helgina.

Fjölbreytt dagskrá er í boði á Ljósanótt, meðal annars listsýningar víðs vegar um bæinn auk þess sem hægt er að heimsækja Skessuna í hellinum.

Hápunktur hátíðarinnar verður á útisviðinu við Ægisgötu en þar munu helstu tónlistarmenn landsins troða upp og korter yfir tíu verður flugeldasýning Björgunarsveitar Suðurnesja.

# Óvíst að hægt sé að halda verðbólgu lágri

**Hægt er að afnema verðtryggingu á Íslandi en því gæti fylgt nokkur kostnaður. Hve mikill sá kostnaður yrði fer eftir verðbólguþróun segir hagfræðingur.**

**EFNAHAGSMÁL** Hægt er að afnema verðtryggingu án mikils kostnaðar ef verðbólga helst lág og stöðug. Hvort það sé raunhæft er hins vegar önnur og flóknari spurning.

Þetta sagði Ásgeir Daníelsson, forstöðumaður á hagfræðisviði Seðlabankans, á málstofu um verðtrygginguna sem Íslandsbanki stóð fyrir í gær.

Í máli sínu velti Ásgeir því fyrir sér hverjar afleiðingar þess yrðu að afnema verðtryggingu á Íslandi. Slíkt væri hægt að gera með ýmsum hætti; banna hana með lögum eða þá vinna gegn notkun hennar með því að skapa þannig aðstæður að fólk væri ólíklegra til að gera verðtryggða samninga.

„Lykilatriði til að það sé hægt er hins vegar að verðbólga sé lág og stöðug, fyrst og fremst þarf hún þó að vera stöðug,“ sagði Ásgeir. „Vandinn er að verðbólga, sérstaklega ef hún er veruleg, er mjög ófyrirsjáanleg. Hér á landi höfum við til dæmis haft á þessari öld tvö eða þrjú verðbólguskot. Þau valda óvissu sem er langt umfram það sem þekkist víðast hvar annars staðar og því er eðlilegt að það skapist viðleitni, bæði hjá lánveitendum og lántakendum, til að verðtryggja lán.“

Ásgeir sagði kostnaðinn af afnámi verðtryggingar skiptast í tvennt. Raunvextir yrðu hærri þar sem lánveitendur myndu krefjast áhættuálags vegna verðbólguáhættu. Þá myndi endurgreiðsluferilinn af óverðtryggðum lánum verða mjög framhlaðinn ef verðbólga myndi skyndilega hækka töluvert. Það myndi valda lántakendum miklum vandræðum þar sem stærstur hluti raunvirðis lánsins yrði greiddur upp á skömmum tíma. Ásgeir sagði þó hægt að leysa þessi vandamál að hluta með því að setja tíð endurskoðunarákvæði inn í lánasamninga.

Þá sagði Ásgeir það ekki rétt sem oft væri haldið fram að ábyrgðin og hættan af verðtryggðum lánum væri alfarið hjá lántakendum.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar og formaður efnahags- og viðskiptanefnda, sagði alveg ljóst að hægt væri að reka hagkerfi án verðtryggingar. Víðast hvar væri málum háttað þannig.

„Verðtrygging er hins vegar ekki orsök vandans heldur birtingarmynd óstjórnar í efnahagsmálum,“ sagði Helgi og bætti við að langtímamarkmiðið ætti að sínu mati að vera að yfirgefa krónuna og taka upp evru sem tryggði lægri raunvexti og verðbólgu. Það gæti hins vegar tekið tíma og þangað til ætti að draga úr vægi verðtryggingarinnar eins og ríkisstjórnin stefndi að.

Þá sagði Helgi mikilvægt að bankarnir sem og Íbúðalánasjóður byðu neytendum upp á óverðtryggð lán samliða verðtryggðum.

**magnusl@frettabladid.is**



**ÍSLANDSBANKA Í GÆR** Málstofan í gær var hluti af fundaröð sem VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, hefur staðið fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**PENINGASTEFNUNEFNDIN** Fundargerðir nefndarinnar eru birtar tveimur vikum eftir vaxtaákvörðun.

Peningastefnunefnd:

# Einn á móti vaxtahækkun

**EFNAHAGSMÁL** Einn nefndarmaður peningastefnunefndar Seðlabankans vildi halda vöxtum óbreyttum við vaxtaákvörðun bankans í ágúst þegar vextir voru hækkaðir um 0,25 prósent.

Meirihluti nefndarmanna taldi rétt að draga úr örvandi áhrifum peningastefnunnar vegna versnandi verðbólguhorfa. Að mati eins nefndarmanns vó hins vegar óvissan um þróun á alþjóðvettvangi og áframhaldandi viðkvæm staða innlendra efnahagsreikninga þyngra og mælti hann því með óbreyttum vöxtum.

Þetta kemur fram í fundargerð nefndarinnar sem birt var í fyrradag. Fimm eiga sæti í nefndinni en á fundi hennar í ágúst var einn meðlimur fjarverandi. **- mþl**

**LÖGREGLUMÁL**

**Sló konu í andlitið á sportbar**

Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Vesturlands fyrir líkamsárás. Manninum er gefið að sök að hafa slegið konu á svipuðu reki og hann er sjálfur, í andlitið. Atvikið átti sér stað í maí síðastliðnum á skemmtistaðnum Breiðinni á Akranesi.




Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins segir evrópsk ríki samsek Bandaríkjunum:

# Leyfðu gróf mannréttindabrot

**EVRÓPURÁÐIÐ, AP** Thomas Hammarberg, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, gagnrýnir stjórnvöld margra Evrópuríkja harðlega fyrir aðgerðir þeirra í svonefndri baráttu gegn hryðjuverkum.

Hann segir þau meðal annars hafa aðstoðað Bandaríkin við óteljandi glæpaverk undanfarinn áratug. Næstu daga, þegar þess er minnst að tíu ár eru liðin frá árásunum 11. september, eigi að nota til þess að rannsaka viðbrögðin við þessari árás, hvort þau hafi verið viðeigandi og hvort þau hafi skilað einhverju.

„Í baráttunni gegn glæpum, sem hryðjuverkamenn eru sakaðir um, hafa óteljandi aðrir glæpir verið framdir,“ segir Hammarberg og tekur fram að þessa glæpi hafi verið reynt að fela vandlega.

Hann segir stjórnvöld Evrópuríkja hafa gerst samsek Bandaríkjunum, meðal annars hvað varðar pyntingar og ólöglegt flug með fanga milli leynilegra fangelsa.

„Þau leyfðu, vörðu og tóku þátt í aðgerðum leyniþjónustunnar CIA, sem brutu gegn grundvallarreglum réttarfars okkar og mannréttindaverndar,“ sagði Hammarberg í yfirlýsingu, sem hann sendi frá sér í gær. **- gb**



**THOMAS HAMMARBERG** Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins er harðorður í garð evrópskra stjórnvalda. NORDICPHOTOS/AFP

www.peugeot.is

Nýr Peugeot 508.

# Fer einfaldlega lengra.

1.800km á einum tanki.







**Peugeot 508**, micro-Hybrid, dísil, sjálfskiptur

| | | |
|---|---|---|
| Innanbæjar akstur | **5,1L/100km - 1.411km** | á einum eldsneytistanki |
| Utanbæjar akstur | **4,0L/100km - 1.800km** | á einum eldsneytistanki |
| Blandaður akstur | **4,4L/100km - 1.634km** | á einum eldsneytistanki |

$CO_2$ útblástur **115g/km.**

Peugeot 508 frá kr.

**4.445.000**

Peugeot 508 fer lengra, með nýjar hugvitsamlegar lausnir, nýja hönnun og nýja míkrótækni í sparneytni veitir hann ökumanni og farþegum gæðastundir til að upplifa aukið öryggi, þægindi og áður óþekkta eldsneytiseyðslu.
**Peugeot 508 fer einfaldlega lengra, alla leið á einum vistvænum orkugjafa, sem þú færð um land allt.**

NÝR PEUGEOT 508

PEUGEOT
MOTION & EMOTION

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir nýi viðtalsþátturinn sem Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir stýrir í Sjónvarpinu?*
2. *Til hvaða liðs var knattspyrnumaðurinn Guðjón Pétur Lýðsson lánaður?*
3. *Hvaða íslenski fatahönnuður er fluttur heim eftir tíu ára búsetu í Danmörku?*

**SVAR:**

1. Ísþjóðin 2. Helsinborg 3. Marín Manda Magnúsdóttir

Framkvæmdir standa yfir við nær allar sundlaugar í Reykjavíkurborg:

# Áætlaður kostnaður við laugarnar 320 milljónir

**REYKJAVÍK** Framkvæmdir við endurgerð sundlauganna í Reykjavík eru hafnar og er áætlaður kostnaður nú kominn upp í 320 milljónir króna eftir endurskoðaða fjárhagsáætlun frá 30. júní. Í apríl síðastliðnum kom fram að áætlaður kostnaður yrði um 275 milljónir króna, en þó var gert ráð fyrir 500 milljónum í framkvæmdirnar í upphaflegri fjárhagsáætlun 2011. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Unnið er við nær allar sundlaugar í Reykjavík og var verkefnastaðan kynnt fyrir borgarráði í gær. Dagur B. Eggertsson, forseti borgarráðs, segir ástæðu kostnaðarbreytinganna þá að nú sé búið að fullhanna framkvæmdaáætlunina og því liggi hinar endanlegu viðmiðunartölur fyrir.

> Við ætlum að leggja áherslu á það sem er mannaflsfrekt í framkvæmda- og atvinnumálum
>
> **DAGUR B. EGGERTSSON**
> FORSETI BORGARRÁÐS

„Við ætlum að leggja áherslu á það sem er mannaflsfrekt í framkvæmda- og atvinnumálum,“ segir Dagur. „Sundlaugarnar okkar eru algengustu og vinsælustu ferðamannastaðirnir í borginni og eru í gríðarlega mikilli notkun allt árið um kring. Því er afar mikilvægt að halda þeim við þannig að við séum stolt af þeim.“

Meðal framkvæmda verða upphitaðar gönguleiðir við Laugardalslaug, möguleg uppsetning líkamsræktaraðstöðu við Breiðholtslaug og eimbað og leiktæki á Ylströndinni í Nauthólsvík. **- sv**



**SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR** Forseti borgarráðs segir að margar sundlaugar borgarinnar, þar á meðal Sundhöll Reykjavíkur, þarfnist mikilla viðhaldsaðgerða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ENN Á FULLU** Fauja Singh lætur aldurinn ekki stöðva sig og mun að öllu óbreyttu hlaupa heilt maraþon næsta vor, þá 101 árs gamall. NORDICPHOTOS/GETTY

Afrekshlaupari lýkur ferlinum:

## 100 ára hleypur heilt maraþon

**SKOTLAND** Hinn 100 ára gamli Fauja Singh mun væntanlega skrá nafn sitt í metabækurnar næsta vor þegar hann mun ljúka glæstum hlaupaferli með því að hlaupa heilt maraþon í Edinborgarmaraþoninu.

Hann varð í gær fyrsti keppandinn til að skrá sig til leiks en hlaupið verður í maí.

Singh hefur vakið heimsathygli síðustu ár fyrir vasklega framgöngu sína í hinum ýmsu kapphlaupum. Hann hefur nú þegar hlaupið sjö maraþonhlaup, öll eftir að hann varð 89 ára gamall.

Hann á heimsmet í maraþoni 90 ára og eldri, tæpar sjö klukkustundir, og einnig tíu kílómetra hlaupi 100 ára og eldri.

Hann byrjaði ekki að hlaupa af alvöru fyrr en hann var kominn á gamals aldur, en segir að næsta maraþonhlaup hans verði tvímælalaust það síðasta. **- þj**

# Þrotabú á fyrir Icesave-skuld

**Verðmæti eigna þrotabús Landsbankans hefur hækkað um 45 milljarða á þremur mánuðum. Eignir duga fyrir öllum forgangskröfum, þar með talið öllum kröfum vegna Icesave. Mat á eignum enn sagt varfærið.**

**EFNAHAGSMÁL** Eignir þrotabús Landsbankans duga fyrir öllum forgangskröfum og ríflega það miðað við nýtt mat á eignum búsins sem kynntar voru kröfuhöfum í gær.

Stærstu forgangskröfurnar í búið eru vegna Icesave-reikninganna. Miðað við matið ættu því eignir þrotabúsins að duga að fullu fyrir Icesave-skuldinni.

Eignir þrotabúsins námu í lok júlí 1.332 milljörðum króna, á föstu gengi 22. apríl 2009. Miðað er við þá dagsetningu þar sem kröfur í þrotabúið eru reiknaðar á gengi þess dags. Verðmæti eignanna hefur aukist um 45 milljarða króna frá því það var metið síðast í lok mars síðastliðins.

Forgangskröfur í búið nema 1.319 milljörðum króna, og eignir umfram forgangskröfur eru um 13 milljarðar króna, samkvæmt tilkynningu frá þrotabúi Landsbankans. Allt sem eftir stendur þegar forgangskröfur í þrotabúið hafa verið greiddar fer upp í almennar kröfur í búið.

„Það eru stór tímamót fyrir okkur sem höfum tekið þátt í þessari vinnu [...] að endurheimtur séu hærri en forgangskröfur í búið,“ sagði Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndar Landsbankans, á fundi með fjölmiðlafólki í gær.

„Enn sem fyrr teljum við þrátt fyrir þessa niðurstöðu mat okkar á eignum búsins varfærið,“ sagði Lárentsínus. „Að okkar mati er ekkert áþreifanlegt í stöðunni í dag sem bendir til þess að mat á eignum sé óraunhæft.“

Verðmæti eigna þrotabúsins hefur hækkað jafnt og þétt frá því það var fyrst metið af slitastjórn bankans. Um 45 milljarða hækkun á síðustu þremur mánuðum skýrist aðallega af hækkandi mati á kröfum bankans á fjármálafyrirtæki, útlánum til fyrirtækja í lánasafni og hækkun á verðmæti skuldabréfs sem þrotabúið fékk frá nýja Landsbankanum á móti eignum sem fluttar voru frá þrotabúinu til nýja bankans.

Verðmat skilanefndar Landsbankans á erlendum hlutabréfum búsins hefur ekki verið uppfært frá því fyrir þremur mánuðum.

Langstærsta eignin í þeim flokki er tæplega 67 prósenta hlutur búsins í bresku verslunarkeðjunni Iceland Foods. Lárentsínus segir ástæðuna fyrir því að mat á þessari stóru eign þrotabúsins sé ekki uppfært þá að eignin sé nú í söluferð og því óeðlilegt að endurmeta verðmæti hennar í bili.

Söluferli Iceland Foods hefur gengið mjög vel, og verður gagnapakki fyrir áhugasama kaupendur tilbúinn um miðjan september, segir Lárentsínus. Hann segist reikna með að tilboð taki að berast nokkrum vikum síðar.

Nú er enn fremur til skoðunar hvort koma eigi öðrum eignum þrotabúsins í Bretlandi í sölumeðferð, en verðmæti þeirra bliknar í samanburði við verðmæti Iceland Foods.

**brjann@frettabladid.is**

### Lykiltölur

- Eignir þrotabús Landsbankans eru nú 1.332 milljarðar króna.
- Forgangskröfur í búið nema 1.319 milljörðum króna.
- Eignir umfram forgangskröfur eru 13 milljarðar króna.
- Mat á eignum þrotabúsins hefur hækkað um 45 milljarða á þremur mánuðum.





**KOSIÐ** Um 60 prósent landsmanna höfnðu öðrum Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Mat á eignum þrotabús Landsbankans

**allar tölur eru í milljörðum króna.**





Heimild: Skilanefnd Landsbankans

### Jákvætt að þrotabúið eigi fyrir kröfum Breta og Hollendinga

## Icesave ætti að vera úr sögunni



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

„Það er mjög jákvætt ef þetta verður niðurstaðan og eignirnar duga fyrir öllum forgangskröfum,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, um nýtt mat á eignum þrotabús Landsbankans.

„Ef þetta gengur eftir og þrotabúið getur byrjað að greiða út fyrr en síðar hlýtur það að létta þrýstingi í þessu máli,“ segir Sigmundur Davíð.

Hann segir að reynist mat skilanefndarinnar rétt ætti Icesave-málið að vera úr sögunni fyrir Íslendinga. Bresk og hollensk stjórnvöld eigi kröfu á þrotabúið sem stefni í að þau fái greidda að fullu. „Það telst mjög gott að fá 100 prósent af kröfum sínum greidd úr þrotabúi,“ segir Sigmundur. Hvað vaxtakröfur breskra og hollenskra stjórnvalda varðar segir hann aldrei greidda vexti í gjaldþrotamálum, og verði þetta niðurstaðan ættu Bretar og Hollendingar að falla frá öllum kröfum um vexti. **- bj**

## Ánægjuleg þróun



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

„Það er mjög ánægjulegt að þessi þróun heldur áfram, heildarendurheimtuhorfurnar batna og fé kemur hraðar inn þannig að handbært fé er orðið umtalsvert,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um nýtt mat á eignum þrotabús Landsbankans.

„Icesave-málinu væri í sjálfu sér lokið ef seinni samningurinn hefði verið staðfestur og allar líkur á því að við hefðum komist frá án kostnaðar,“ segir Steingrímur.

Hann segir nú allar líkur á því að endurheimtuhlutfallið verði 100 prósent og útgreiðslur verði hraðari, sem sé jákvætt í öllu tilliti. „Vonandi hjálpar þetta til hvernig sem málinu reiðir af.“ **- kóp**

## Bretar og Hollendingar fá allt til baka



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

„Þetta eru afskaplega góð tíðindi. Þetta sýnir að þær breytingar sem við gengumst fyrir í hruninu með neyðarlögunum, þegar innstæðum var skapaður forgangur, munu leiða til þess að innstæðueigendur í Bretlandi og Hollandi fái allt sitt til baka, jafnvel þó að þeir hafi verið með innstæður umfram það sem innstæðutryggingarkerfið átti að tryggja,“ segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, um nýtt mat á eignum þrotabús Landsbankans.

„Þetta mun væntanlega þýða að inneign í búinu dugi fyrir öllum innstæðum, líka innstæðum góðgerðarfélaganna í Bretlandi og sveitarfélaganna og innstæðum umfram þau mörk sem til dæmis hollensk stjórnvöld kusu að ábyrgjast, það er að segja 100 þúsund evrur,“ segir Árni Páll.

Hann segir þá mynd sem nú blasi við í Icesave-málinu annars eðlis en áður og það skapi forsendur til að ræða málið á annan hátt. „Þessi niðurstaða mundi líka þýða að Bretar væru að fá að fullu til baka þá peninga sem þeir kusu að tryggja umfram lágmarkstrygginguna til að verja eigið fjármálakerfi. Ef þetta verður niðurstaðan, og Hæstiréttur staðfestir forgang allra innstæðueigenda, getur málið aldrei snúist um annað en mögulega kröfu Breta og Hollendinga um greiðslu vaxta í einhvern tíma.“ **- kóp**




MENNTAVÍSINDASVIÐ

**Íþróttir – Heilsa – Þjálfun – Vellíðan**

Fjölskyldudagur á Laugarvatni
Laugardaginn 3. september kl. 13–16

Laugvetningar taka á móti gestum og bjóða fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna með áherslu á hreyfingu og heilsu. Meðal þess sem verður á boðstólum er:

- Næringar- og heilsuráðgjöf
- Ratleikir, knattleikir og fleiri leikir
- Sundleikfimi í heilsulindinni Fontana
- Frjálsar íþróttir fyrir krakka
- Bátsferðir (ef veður leyfir)
- Gönguferðir með Mullersæfingum
- Stafagöngunámskeið á vegum ÍSÍ
- Ráðgjöf um útivistarbúnað
- Tveir fyrir einn í heilsulindina Fontana
- Tilboð á heilsuréttum á Lindinni – Bistro

**Háskólalestin** heimsækir Laugarvatn með eldorgel, undraspegla, teiknirólu, snúningshjól, syngjandi skál, stjörnuverið landsfræga og margt fleira.

Allir velkomnir

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ
1911–2011




PIPAR\TBWA • SÍA • 111720



**MANNLEGUR TURN** Í bænum Villa-franca í Penedes á Spáni var í vikunni haldin keppni í því að búa til lifandi turn. NORDICPHOTOS/AFP

Fjármálastjóri látinn fara eftir að upp komst um fjárdrátt sem stóð í áraraðir:

# Dró sér tugmilljónir frá Hval hf.

**LÖGREGLUMÁL** Fyrrverandi fjármálastjóri Hvals hf. hefur játað að hafa dregið sér tugmilljónir úr bókum fyrirtækisins.

Guðmundur Steinbach hjá Hval hf. segir að upp hafi komist um brotin í mars síðastliðnum og fyrirtækið hafi strax fengið endurskoðanda sinn hjá Deloitte til að rannsaka fjármál félagsins aftur í tímann. Þegar þeirri rannsókn er lokið og heildstæð mynd komin á málið verður það kært til lögreglu.

Maðurinn hóf störf sem fjármálastjóri Hvals hf. árið 2007 og er talið að brotin hafi byrjað þá þegar og staðið fram að brottrekstri hans í mars. Endurskoðandinn grandskoðar nú allar peningafærslur fyrirtækisins á þeim tíma.

Málið uppgötvaðist þegar endurskoðandinn var að fara yfir síðasta ársreikning félagsins og rak augun í misræmi í bókhaldinu. Þegar fjármálastjórinn var spurður hvernig á þessu gæti staðið viðurkenndi hann allt og gaf sig strax fram við lögreglu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hann mun hafa verið í óreglu en hefur nú leitað sér aðstoðar.



**HVALUR Í SLIPP** Fjármálastjórinn hafði starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Guðmundur segir að rannsókn málsins sé á lokastigi hjá fyrirtækinu. Ekki náðist í Kristján Loftsson, forstjóra Hvals hf., í gær. **- sh**

Flugfélag sparar:

# Spara milljónir lítra með iPad

**BANDARÍKIN** Bandaríska flugfélagið United Airlines hyggst spara 1,2 milljónir lítra af eldsneyti á ári með því að láta flugmenn nota iPad í stað þykkra handbóka úr pappír.

Bækurnar sem flugmennirnir hafa hjá sér í flugstjórnarklefanum vega 17 kíló en iPad aðeins 700 grömm, að því er greint er frá á fréttavef Dagens Nyheter.

Fred Abott, aðstoðarframkvæmdastjóri United Airlines, segir pappírslausa flugstjórnarklefa dæmi um flug framtíðarinnar. **- ibs**


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Fyrsta uppboð vetrarins

Listmunauppboð

mánudaginn 5. september, kl. 18

í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg



Ásgrímur Jónsson

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is





HEIMSPÍANISTAR Í HÖRPU

ARTHUR OG LUCAS JUSSEN

4. september kl. 20.00

Miðasala hafin

Undrabörnin frá Hollandi: Arthur og Lucas Jussen

Hinir ungu og margverðlaunuðu Arthur og Lucas Jussen frá Hollandi koma fram á opnunartónleikum nýrrar tónleikaraðar: **Heimspíanistar í Hörpu.**

Bræðurnir eru fæddir 1993 og 1997 og hafa farið sigurför um heiminn. Þeir hlutu nýverið ein virtustu verðlaun sem veitt eru ungum tónlistarmönnum í Hollandi og gerðu samning við útgáfufyrirtækið Deutsche Grammophon.

Arthur og Lucas leika verk eftir Schubert, þar á meðal Fantasíu í f-moll sem þeir leika fjórhent.

**Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar undir stjórn Gustavo Dudamel verða þann 18. september. Miðasala á www.harpa.is**

www.harpa.is

HARPA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

ÍSLENSKA SIA.IS POR 56188 09/11


## Hugsanlegir framtíðarleiðtogar Líbíu

Uppreisnarsveitirnar gegn Gaddafí-stjórninni mynda ekki samstæða hreyfingu heldur koma liðsmenn þeirra og leiðtogar úr ýmsum áttum. Sumir eru trúaðir og vilja koma á fót íslömsku ríki, aðrir eru veraldlega sinnaðir og vilja skýran aðskilnað trúar og stjórnmála.

Sumir eru fyrrverandi félagar og stuðningsmenn Gaddafís, aðrir eru gamlir andstæðingar hans, sumir hverjir nýkomnir til landsins aftur eftir margra ára eða jafnvel áratuga útlegð.

Sumir eru úr austurhluta landsins, þar sem uppreisnin hófst og fékk fljótlega fjöldafylgi, aðrir úr vesturhlutanum þar sem Gaddafí hefur jafnan átt meiri ítök.



**Moustafa Muhammed Abdul Jalil**
*Leiðtogi þjóðarráðs uppreisnarmanna*
Fyrrverandi dómsmálaráðherra Gaddafís sagði af sér þegar stjórnarherinn beitti mótmælendur ofbeldi strax á fyrstu dögum uppreisnarinnar. Hefur sagst ætla að segja af sér ef uppreisnarmenn grípa til hefndaraðgerða.
Hefur sett fram hugmyndir um 20 mánaða aðlögunartímabil fram að kosningum.



**Ali Tarhouni**
*Fjármálaráðherra bráðabirgðastjórnarinnar*
Menntamaður, bjó í Bandaríkjunum, hefur lengi verið andstæðingur Gaddafí-stjórnarinnar.



**Abdul Hafiz Ghoga**
*Talsmaður og varaformaður bráðabirgðastjórnarinnar*
Mannréttindalögmaður og félagsmálafrömuður.



**Mahmoud Jibril**
*Forsætisráðherra bráðabirgðastjórnar þjóðarráðsins*
Fyrrverandi embættismaður hjá Gaddafí, fór með þróunarmál.



**Shokri Ghanem**
*Fyrrverandi forsætisráðherra Gaddafís og yfirmaður olíumála síðan 2003*
Flúði land í maí og lýsti yfir stuðningi við uppreisnarmenn.

# Aðstoða uppreisnarmenn

**Sameinuðu þjóðirnar munu taka forystu í að aðstoða við uppbygginguna Líbíu. Uppreisnarmenn munu fá aðgang að fjármunum Líbíu erlendis.**

**FRAKKLAND, AP** Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) munu taka forystu í málefnum Líbíu og munu aðstoða uppreisnarmenn í landinu eftir föngum. Þetta kom fram í máli Bans Ki-moon, framkvæmdastjóra SÞ, á alþjóðlegri ráðstefnu í París, þar sem leiðtogar sextíu ríkja hittust til að ræða framtíð Líbíu.

Ban hvatti öryggisráð SÞ til að ákveða sem fyrst að senda borgaralega sérfræðinga til Líbíu til að hjálpa til við að koma á stöðugleika í landinu.

Meðal þátttakenda á ráðstefnunni voru Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og leiðtogar Sameinuðu þjóðanna, NATO og Arababandalagsins.

Fyrir ráðstefnuna sögðu bæði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, mikilvægt að Líbíumenn tækju sjálfir forystuna um mótun framtíðar landsins, frekar en að utanaðkomandi ríki skipti sér mikið af því.

Sarkozy sagði jafnframt að frystingu verði aflétt af fjármunum sem líbísk stjórnvöld eiga á erlendum bankareikningum.

Angela Merkel Þýskalandskanslari sagði fjárskort til lengri tíma ekki vera vandamál nýrra stjórnvalda í Líbíu. „En ég held að núna þurfi að gera margt mjög hratt hvað varðar tæknilega aðstoð og einnig við að byggja upp lýðræðislegt fyrirkomulag."



**FUNDAÐ** Nicolas Sarkozy heilsar leiðtogum uppreisnarmanna, Mustafa Abdel Jalil og Mahmoud Jibril, við upphaf fundarins í París í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Uppreisnarmenn hafa nú stærstan hluta landsins á valdi sínu, en stuðningsmenn Gaddafís stjórna enn borginni Sirte, sem er fæðingarbær Gaddafís.

Ekki er vitað hvar Gaddafí sjálfur er niðurkominn, en eftir honum var haft í gær á sjónvarpsstöð í Kúvæt að hann aflétti alls ekki að gefast upp. „Líbíska þjóðin getur ekki bognað, getur ekki látið undan, við erum ekki konur, við getum ekki gefist upp, við erum ekki þrælar."

**gudsteinn@frettabladid.is**




# FRÁBÆR TILBOÐ VIKULEGA




























Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 1.-4. sept.**

eða meðan birgðir endast

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra

# Almannarétturinn að styrkjast

**Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra telur að hefðbundnar markaðsaðstæður eigi ekki við um landsölu. Hann telur verðtrygginguna viðhalda kreppunni og mun beita sér fyrir afnámi hennar. Hann sagði *Kolbeini Óttarssyni Proppé* frá því að hann muni skoða starfshætti fjármögnunarfyrirtækja. Endurskoðun á málefnum flóttamanna er hafin innan ráðuneytis hans.**



**INNANRÍKISRÁÐHERRA** Ögmundur vill endurskoða lagaumhverfi varðandi auðlindir landsins. Hann telur almannaréttinn vera að styrkjast á kostnað einkaeignarréttarins og vill afnema verðtrygginguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kauptilboð kínverska auðmannsins Huangs Nubo í Grímsstaði á Fjöllum er komið inn á borð Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra. Hann þarf að taka afstöðu til þess hvort undanþága verður veitt á lögum sem hamla einstaklingum utan evrópska efnahagssvæðisins að kaupa íslenskt land. Ögmundur vill nýta málið til algjörrar endurskoðunar á samhengi eignarréttar og annarra réttinda.

„Ég tel að þetta eigi að vera okkur tilefni til að taka löggjöf sem snýr að auðlindum til gagngerrar endurskoðunar. Ég hef vísað í tvenn lög af þessu tilefni, annars vegar vatnalögin sem nú liggja fyrir þinginu og hins vegar til löggjafar um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu frá 1998. Það er sennilega versta löggjöf sem sett hefur verið á Íslandi í langan tíma og getur haft mjög alvarlegar afleiðingar til framtíðar ef við tökum hana ekki til alvarlegrar endurskoðunar.

Þar er kveðið á um eignarhald landeigenda á öllum auðlindum í jörðu, þar á meðal vatninu sem án efa á eftir að reynast verðmætasta auðlind 21. aldarinnar."

Ögmundur fagnar því að ríkisstjórnin hafi ákveðið að vinda ofan af þeirri þróun og vill að verkin verði látin tala og starfinu flýtt.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra hafa báðar lýst sig óhræddar við söluna á Grímsstöðum til Nubos, enda sé íslensk löggjöf svo trygg. Því er Ögmundur ósammála.

„Ég væri sannast sagna rólegri vegna beiðni af þessu tagi ef ég tryði því að við byggjum við mjög trausta auðlindalöggjöf."

> Verðtryggingin er efnahagslega skaðleg og við verðum að losna við hana

### Ekki endilega markaðslögmál

Ögmundur segir nauðsynlegt að horfa til þess að náttúran sé auðlind og verðmæti í sjálfu sér, þótt ekki sé alltaf hægt eða rétt að meta hana í krónum og aurum. Aðgengi að náttúrunni og rétturinn til að njóta hennar séu einnig verðmæti.

„Við erum að fá áminningu þessa dagana þegar rammaáætlun var lögð fram um mikilvægi þessara mála. Þar er talað um friðun Gjástykkis, svo dæmi séu tekin, og þá rísa landeigendur upp og gagnrýna þá ákvörðun með tilliti til þess að verið sé að skerða þeirra eignarrétt. Þeim finnst þó bót í máli að þeir muni væntanlega fá skaðabætur.

Það leiðir hugann að öðru. Þegar boðnar eru 1.000 milljónir í jörð hefur það áhrif inn í allt verðkerfi landsins. Það var þetta sem breyttist í auðmannasápukúlunni, sem reyndist ekki sápukúla að því leyti að hún hækkaði allt jarðarverð í landinu. Venjulegir Íslendingar sem fram til þessa höfðu átt kost á því að kaupa jarðarskika og jafnvel jarðir voru settir út fyrir dyr."

En á ekki markaðslögmálið að ráða þarna eins og við önnur viðskipti?

„Ég er ekki viss um það. Það eru ýmis önnur sjónarmið sem þar koma til greina og þess virði að skoða löggjöf annarra þjóða. Þetta er eitt af því sem hefði þurft að ræða betur þegar EES-samningurinn var gerður, hvort ekki ætti að setja þar inn einhver landnýtingarákvæði.

Er það endilega rétt að auðkýfingar kaupi land án þess að nytja það nokkuð, bara sem eigið prívat hobbí? Þetta skiptir líka máli."

### Almannarétturinn styrkist

Ögmundur segir að hann vilji gera greinarmun á þeim eignum sem um er að ræða. Margoft hafi verið sótt um undanþágu frá banni á sölu út fyrir EES-svæðið, en hann vill gera greinarmun á því sem eðlilegt sé að fólk utan Íslands geti keypt og því sem skilgreint sé sem sameignir þjóðarinnar.

„Þegar farið er að selja hluta af hálendi Íslands og íslensku víðerni og svæði sem innihalda auðlindir eins og vatn þá hljótum við að horfa á langtímahagsmuni."

Ögmundur segir reynsluna af kvótakerfinu eiga að ýta undir langtímahugsun; menn reki upp ramakvein þegar við því eigi að hrófla. „Ef menn ætla að víkja til hliðar léttilega þeim lagaramma sem við búum við og snýr að auðlindunum, þá erum við á miklum villigötum."

Búið er að skilgreina stóran hluta landsins sem þjóðlendur og þar með ríkiseign, dugar það ekki til?

„Það er enginn endapunktur kominn á þetta. Það er athyglisvert að menn sem töluðu fyrir lagabreytingunni í tíð ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks árið 1998, vísuðu í dómapraxís 20. aldarinnar og að margt hefði breyst þar frá því lögin voru fyrst sett 1923. Og hvað hafði breyst? Jú einkaeignarréttur hafði verið að styrkjast.

Nú segi ég: Almannarétturinn er að styrkjast í vitund almennings, ekki bara hér á Íslandi heldur alls staðar, samanber samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá 2003 þar sem aðgangur að vatni var skilgreindur sem mannréttindi."

### Afnemum verðtrygginguna

Ögmundur segir að verðtryggingin standi þjóðinni fyrir þrifum við að komast út úr kreppunni. „Allar þjóðir heims sem lenda í efnahagslegum þrengingum leita leiða til að rýra allar efnahagsstærðir í samræmi við það hrun sem þær hafa orðið fyrir. Síðan takast menn á um það hvaða stærðir eigi að reyna að standa vörð um.

Það er ein stærð sem alltaf er varin á kerfislægan hátt og það er fjármagnið. Jú jú, menn tapa peningum og lánastofnanir tapa peningum, en fjármagnið sem slíkt; það er lögum samkvæmt alltaf varið."

Ögmundur segir ríki í Evrópu og vestanhafs láta verðbólguna um það að rýra fjármagnið, en á Íslandi sé það alltaf varið. „Verðtryggingin er efnahagslega skaðleg og við verðum að losna við hana.

Ég var aldrei mikill talsmaður þess fyrr en í seinni tíð að afnema verðtrygginguna vegna þess að hún tryggir lægri raunvexti en breytilegir vextir gera og jafnar greiðslubyrðina. Þegar lánið er hins vegar gert upp hefur fólk borgað það margfalt upp. Þetta er dæmi um það að það er dýrt að vera fátækur."

En mun Ögmundur beita sér fyrir afnámi verðtryggingar?

„Já ég mun gera það, alveg tvímælalaust. Ég tel að það sé grundvallaratriði. Það er annað í því samhengi sem rétt er að skoða, en það er að vextir bíta ekki sem hagstjórnartæki í verðtryggðu fjármálakerfi. Hækkun vaxta á að slá á þenslu og segja fólki og fyrirtækjum að nú eigi það að fara varlega í lántökur.

Það bítur hins vegar ekki þar sem afborgunarbyrðin breytist ekki, hún færist inn í framtíðina. Vextir bíta ekki sem hagstjórnartæki í verðtryggðu fjármálakerfi. Það virðist hins vegar ekki hafa komist til skila inn fyrir veggi Seðlabankans."

### Flóttamannamálin

Ríkisstjórnin hefur oftsinnis legið undir ámæli fyrir stefnuna í flóttamannamálum. Ögmundur hefur skipað nefnd undir forystu Höllu Gunnarsdóttur sem mun fara yfir þann málaflokk.

„Sú áhersla sem ég hef beitt mér fyrir er að breyta þessum þankagangi á þann veg að við hugsum meira um mannúð og ýmsa félagslega þætti. Það er náttúrulega fráleitt að einstaklingur sem vill vera hér í einhvern skamman tíma, heiðvirð manneskja, fái ekki leyfi til þess og fari hugsanlega að sækjast eftir því að verða íslenskur ríkisborgari án nokkurra óska í þá veru; allt vegna kergju kerfisins."

Nefnd Höllu mun hafa samstarf við þær stofnanir sem um málaflokkinn fjalla, en einnig félagasamtök eins og Rauða krossinn, Attack og No Borders. Ögmundur vill opna gagnsæja umræðu um málið. Hann segir Schengen-samstarfið setja Íslendingum ákveðnar skorður sem hann sé ekki sérstaklega sáttur við.

„Sérstaklega þegar fólk sem hefur gerst brotlegt um alvarlega ofbeldisglæpi og verið vísað úr löndum á alltaf inngengt aftur. Mér finnst það ekki nógu gott."

Ögmundur vill frekar efla landamæraeftirlit og leyfa fólki að vera eins frjálst og kostur er innan landamæranna, heldur en að fylgjast með því þar.

Ísland er aðili að Dyflinnarsamkomulaginu og Ögmundur segir að í því verði menn einfaldlega að treysta hver öðrum fyrir meðferð flóttamanna. Þó hafi Ísland og Noregur hætt að senda flóttamenn til Grikklands.

„Ef við virðum ekki verkaskiptingu samkomulagsins að neinu leyti þá mun það náttúrulega gerast að allir þeir sem fá höfnun á einum stað koma til Íslands. Erum við tilbúin til þess? Teljum við að við búum það vel að fólki eða höfum möguleika og mannskap til að sinna því og taka það verkefni að okkur? Ég held ekki. Ég held að í sumum tilvikum verðum við í alþjóðasamstarfi að treysta að einhverju leyti hvert á annað."

## Ríkisstjórnin lifir

Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs hefur eins atkvæðis meirihluta á þingi. Ögmundur telur framtíð hennar þó bjarta.

„Ég hef stundum sagt að ef það væri tekið úr forriti sérhvers þingmanns hvaða flokki hann tilheyrir og menn kæmu fram sem skynsemisverur, en hugsuðu ekki um flokkshagsmuni, yrði margt sem er illleysanlegt auðleysanlegt. Ef ríkisstjórninni auðnast að koma fram góðum málum, eins og við erum að gera núna á mörgum sviðum, þá hef ég engar áhyggjur af framtíð hennar. Ekki bara næstu tvö árin heldur til miklu lengri tíma.


Nicotinell
IceMint
NICOTINELL ICEMINT LYFJATYGGIGÚMMÍ
VELDU REYKLAUST LÍF
Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins
Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.
Nicotinell lyfjatyggigúmmí inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínpólacrillín). Nicotinell lyfjatyggigúmmí er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmí eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Ráðfærðu þig við lækninn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPNUM KL. 10:00

**259** KR. PK
GÆÐAKLEINUR
NÝBAKAÐAR 10 STK.

**295** KR. 1 KG
30% MEIRA MAGN
SAMA VERÐ
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 1 KG.

**298** KR. 2 STK
TVÖ SPELTBRAUÐ
Á VERÐI EINS

**1995** KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

**985** KR. KG
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

**695** KR. KG
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

**198** KR. 1 LTR
TRÓPÍ 1 LTR.

**98** KR. 330 ML
TRÓPÍ 33 CL.

**98** KR. 330 ML
FLORIDANA 33 CL.

**359** KR. 1/2 KG.
AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR

**359** KR. 950G.
LÍFRÆN EPLI FRÁ ARGENTÍNU

960 GRÖMM Í FÖTU
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
**459** KR. 960G.
HOLTA ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR

HREINN BÓNUS ÁVAXTASAFI
250 ML 3 FERNUR
**159** KR. 3 STK
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR

## Góður tilbúinn matur fyrir 3-4

**998** KR. BAKKINN
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!

BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS PASTA CARBONARA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Tilkynning frá Bónus

Bónus harmar að ASÍ láðist að taka ódýrasta valkostinn í Bónus í nýrri verðkönnun sem birtist í fjölmiðlum í gær 1. september.

Leiðrétting gerir Bónus að ódýrasta valkosti íslenskra heimila




ÞÝSKAR
**FROSNAR GRÍSALUNDIR**




ÞÝSKAR
**FROSNAR NAUTALUNDIR**




FROSNAR 900G
**KJÚKLINGABRINGUR**




**NIVEA** BLAUTKLÚTAR
NORMAL OG SENSETIVE




MYLLAN
**LANGLOKUR 4 STK.**




MYLLAN
**MJÚKAR KRINGLUR 4 STK.**




**FJÓRAR COKE 1.5 LTR**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Á fjárfesting í ferðaþjónustu á Íslandi að gjalda fyrir meinta kínverska heimsvaldastefnu?

# Ekki fjárfesta takk

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er efins um að veita eigi kínverska fjárfestinum Huang Nubo heimild til að kaupa 72 prósenta hlut í Grímsstöðum á Fjöllum. Auðmaðurinn hyggst greiða eigendum jarðarinnar nærri milljarð króna fyrir landið, sem er um 300 ferkílómetrar.

Þá hefur hann mikil áform um uppbyggingu ferðaþjónustu á jörðinni fyrir milljarða króna, meðal annars til að stuðla að fjölgun ferðamanna yfir vetrartímann, sem er eitt af markmiðum stjórnvalda og ferðaþjónustufyrirtækja hér á landi. Hann hefur skrifað undir viljayfirlýsingu með sveitarfélögum á svæðinu um þessa fjárfestingu. Hann hefur sagzt hafa mikinn áhuga á náttúruvernd og að vinna með þjóðgörðum í nágrenninu, en hefur ekki áhuga á vatnsréttindum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ástæðurnar fyrir efasemdum Ögmundar eru meðal annars hugsanleg ítök í auðlindum á borð við vatnið. Þá vitnar hann til þess að Kínverjar séu að „kaupa upp heiminn“ og hugsi í „langtímafjárfestingum og langtímaáhrifum/yfirráðum“.

Nú er út af fyrir sig ástæða til að hafa varann á sér gagnvart kínverskri heimsvaldastefnu. En gerist það með því að banna einkafyrirtæki að fjárfesta fyrir milljarða króna? Ef ráðherrar hafa áhyggjur af útþenslustefnu Kínverja, af hverju leyfðu þeir þá Seðlabankanum að gera gjaldeyrisskiptasamning við Kína í fyrra? Slíka samninga gerir Kína víða um heim og þeir hafa verið túlkaðir sem viðleitni til að gera júanið að heimsgjaldmiðli.

Staðreyndin er sú að hér eiga útlendingar fjölda eigna, bæði hús og jarðir. Margir eru frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og þurfa ekkert opinbert leyfi til að kaupa þær. Aðrir koma frá ríkjum utan EES. Svissneskur maður á til dæmis tugi hektara í Heiðardal í Mýrdal og á þar vatns- og veiðiréttindi. Hefur það verið eitthvert vandamál frekar en aðrar erlendar fjárfestingar?

Á það hefur verið bent að eignarréttur Huangs Nubo verður háður sömu takmörkunum og réttur annarra landeigenda. Hann verður háður íslenzkri löggjöf um auðlindir, framkvæmdir og skipulag. Ef kínversk stjórnvöld færu að beita sér til að reyna að hafa áhrif á þessa löggjöf í þágu kínverskra fjárfesta væri ástæða til að hafa áhyggjur. En nákvæmlega ekkert bendir til slíks.

Fréttablaðið segir frá því í dag að undanfarin ár hafi tugir undanþágna verið veittir útlendingum, sem kaupa vilja fjárfestingar á Íslandi. Fjárfestingarsamningur Íslands og Kína kveður á um að kínverskir fjárfestar njóti hér sömu réttinda og aðrir. Og að íslenzkum fjárfestum sé heldur ekki mismunað í Kína, sem flestum þykir líklega sjálfsagt.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur áhyggjur af því að ríkisstjórnin hafi ekki kynnt með nægilega skýrum hætti hvernig hún hyggist auka fjárfestingu á Íslandi. Á meðan ráðherrar haga sér eins og þeir hafa gert í máli Magma Energy og gera nú í máli Huangs Nubo, gefa þeir beinlínis til kynna að þeir hafi engan áhuga á erlendri fjárfestingu í landinu. Það er vissulega áhyggjuefni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skemmdarverkin ógurlegu

Björn Bjarnason fer mikinn í pistli á Evrópuvaktinni og segir að núverandi ríkisstjórn sé verri afleiðing bankahrunsins en fjárhagstjónið. Hann tínir til þrjú skemmdarverk sem stjórnin á að hafa unnið. 1) Að reka Davíð Oddsson úr Seðlabankanum. 2) Að ætla sér að breyta stjórnarskrá lýðveldisins. 3) Að fela forsætisráðherra vald til að breyta stjórnarráðinu. Óvíst er hvort margir taka undir með Birni að þessir þrír gjörningar séu þeir hræðilegustu. Meira að segja hörðustu stjórnarsinnar yrðu ekki í vandræðum með að finna dæmi um verri stjórnarathafnir en að vilja breyta stöðnuðu valdakerfi Björns Bjarnasonar.

### Að kyngja því meltu



Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er maður hagur á íslenska tungu. Honum hefur undanfarið orðið tíðrætt um að hann vilji ekki „kyngja því ómeltu“ að Kínverji nokkur kaupi sér jörð á Norðurlandi. Vissulega hefst meltingin í munnholinu, en flestir kjósa þó að kyngja ómeltri en meltri fæðu.

### Ekki um kvikmyndaskóla



Hér var í gær rætt um þá furðuskýringu á málefnum Kvikmyndaskóla Íslands að Vinstri grænum mislíkaði að hafa þurft að feðra Georg Bjarnfreðarson. Skýringin var eignuð Birni Brynjúlfi Björnssyni. Þetta er misskilningur. Björn Brynjúlfur skrifaði grein um niðurskurð til kvikmyndasjóða og birti hann þessa sögu frá kunningja sínum, ekki þó sem hina réttu skýringu. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ný stjórnarskrá – ný grundvallarlög

Ný stjórnarskrá



Tryggvi Gíslason
fv. skólameistari

Stjórnlagaráð Alþingis lagði í fyrra mánuði fram frumvarp til nýrra stjórnskipunarlaga sem hlýtur að vekja athygli allra sem áhuga hafa á þróun lýðræðis og mannréttindum. Stjórnlagaráð Alþingis vann á stuttum tíma gott starf og náði samstöðu um erfið ágreiningsmál.

Skiptar skoðanir eru um frumvarpið. Það er eðlilegt í lýðræðislandi þar sem ekki er amast við ólíkum skoðunum og ekki krafist pólitísks rétttrúnaðar. Vonandi kemst Alþingi að farsælli niðurstöðu á grundvelli frumvarpsins sem byggt er á gildandi stjórnarskrá og tekur mið af afstöðu þjóðfundar sem þúsund manns af öllu landinu og á öllum aldri sátu í lok síðasta árs, enda benda líkur til að meirihluti alþingismanna sé hlynntur grundvallaratriðum frumvarpsins.

> Hins vegar er æskilegt að víðtæk samstaða náist um nýja stjórnarskrá – ný grundvallarlög lýðveldisins Íslands.

Hafa ber í huga að Alþingi Íslendinga þiggur vald sitt frá þjóðinni, enda er slíkt tekið fram í stjórnarskrám margra lýðræðisríkja og í frumvarpi stjórnlagaráðs Alþingis segir: „Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.“

Öll stórmál ber í framtíðinni að leggja í dóm þjóðarinnar eins og „hið nýja lýðræði“ gerir ráð fyrir. Þetta er grundvöllur lýðræðis nýrrar aldar og það er m.a. þetta sem stefnt er að með nýrri stjórnarskrá: að efla lýðræði í landinu, auðvelda aðkomu almennings að stjórn landsins og koma í veg fyrir óheft flokksræði sem ríkt hefur á Íslandi um áratuga skeið.

Hins vegar er æskilegt að víðtæk samstaða náist um nýja stjórnarskrá – ný grundvallarlög lýðveldisins Íslands – með málefnalegri umræðu þar sem skipst er á skoðunum um mikilsverðasta mál íslenskrar stjórnskipunar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Tilboð í nafla alheimsins

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Það kemur margt gott frá útlöndum. Ég er til dæmis þakklátur fyrir að hafa IKEA á Íslandi, mér finnst leiðinlegt að McDonald's hafi farið, ég vona að Bauhaus opni einn daginn og mig dreymir um H&M-búð á ofanverðum Laugaveginum. Ég myndi fátt vilja frekar en að hingað kæmu fleiri vondar erlendar keðjur til að græða á Íslendingum. Þeir sem verslað hafa beggja vegna hafsins, og víðar, vita að þar er oft gaman að láta græða á sér.

Ekki misskilja mig. Mér finnst líka gaman að láta innlenda aðila græða á mér. Um daginn lét ég smyrja hjólið mitt á hjólaverkstæði úti á Granda og nú hjólar það næstum því sjálft upp brekkur. Það eru fjölmörg lítil og metnaðarfull fyrirtæki um land allt sem yndislegt er að styðja með viðskiptum. Sum selja pítsusneiðar í miðbænum, önnur flytja inn hljóðfæri frá fjarlægum heimshlutum og enn önnur keyra mann heim um miðja nótt.

Mér finnst almennt gaman að láta taka af mér peninga. Mér er sama hvort sá sem þá fær er Íslendingur eða ekki, eða íbúi hér, svo lengi sem ég verð glaður með það sem ég fæ. Sama ætlast ég til af þeim sem tekur af mér peninga: að hann skeyti sem minnstu um hver og hvaðan ég er og sem mestu um það hvort ég verði ánægður með viðskiptin.

### „Marxíska" prófið

Það er til fræg tilvitnun í bandarískan grínista, Groucho Marx, þar sem hann segist ekki vilja tilheyra neinum þeim klúbbi sem myndi samþykkja sig sem meðlim. Þetta getur verið sniðug kríteria á fleiri sviðum. Ef maður kláraði ekki grunnskóla þá ætti maður til dæmis að efast eilítið um þann háskóla sem samþykkir námsumsókn manns fyrirvaralaust. Svipaðar áhyggjur hef ég raunar stundum, í fullri hreinskilni, af sumum þeirra erlendu fjárfestinga sem rætt er um hérlendis nú um stundir. Ég er ekki viss um að þeir sem eru á þessari stundu tilbúnir í að fjárfesta í því hagkerfi sem ríkir á Íslandi séu þeir sem við helst vildum fá. Það er dálítill ævintýrabragur á sumum þeirra.

Mér líður þannig eins og verið sé að tala niður til okkar þegar erlendar fjárfestingar eru rökstuddar með klisjum um græna orku, og Íslandsáhuga þeirra sem fjárfesta. Að auki er auðvitað rétt að hafa áhyggjur af því að sum þeirra sveitarfélaga sem taka eiga á móti stórum fyrirtækjum muni ekki hafa burði til þess. Getur sveitarfélag veitt vinnuveitanda fjórðungs íbúa þess sterka viðspyrnu? Varla. En þá skiptir litlu máli hvers lenskur vinnuveitandinn er. Gæta þarf að lagaumgjörðinni um fjárfestingar en ekki ætti að reyna að hindra þær með úreltum þjóðernistólum.

> Og þótt þau áform sem nú hafa verið kynnt á Grímsstöðum hljómi nákvæmlega eins og hið margtuggða „eitthvað annað" sem ítrekað var kallað eftir, þá ættu menn ekki að æsa sig um of.

Auðvitað megum við ekki vera of bláeyg. Jarðakaup eru eitt. Loforð um uppbyggingu og hvernig hún eigi að vera eru annað. Og þótt þau áform sem nú hafa verið kynnt á Grímsstöðum hljómi nákvæmlega eins og hið margtuggða „eitthvað annað" sem ítrekað var kallað eftir, þá ættu menn ekki að æsa sig um of. Ekki þarf að vera að af þeim áformum verði eða að þau verði með þeim hætti sem lofað er. Það skiptir samt ekki öllu máli. Í grunninn snýst þetta um hvort banna eigi Íslendingum að selja útlendingum jarðir.

### Þjóðerni er vont skilyrði

Í lok eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar segir „Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi". Það er tillaga stjórnlagaráðs að þessi setning fari út. Það er góð hugmynd. Ríkisborgararéttur eða lögheimili á Íslandi í einhvern tíma er ekki trygging fyrir því að menn hagi sér skynsamlega. Þar að auki geta klókir samningamenn leyst slíkar hindranir. Peningar finna leið.

Við Íslendingar viljum, eðli málsins samkvæmt, geta keypt fasteignir í öðrum löndum. Að sama skapi ættu íslensk lög ekki að krefja útlendinga um leyfi til að kaupa fasteignir hér. Vilji menn stuðla að náttúruvernd, stýra auðlindanýtingu og hafa áhrif á atvinnuuppbyggingu eru flestar aðrar leiðir skynsamlegri og sanngjarnari en sú að líta til þjóðernis væntanlegra kaupenda.

AF NETINU

### Afhjúpandi

Framsetning Samtaka fjármálafyrirtækja vegna afskrifta lána er athyglisverð – eða kannski má segja að hún sé afhjúpandi. Þar segir að lán einstaklinga hafi verið færð niður um 143,9 milljarða. Þetta eru lán í bönkum og fjármálafyrirtækjum, hjá Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðum. En 120 milljarðar eru komnir til vegna gengistryggðra lána – sem dómstólar úrskurðuðu að væru ólögleg. Þá eru ekki eftir nema um 25 milljarðar sem eru raunveruleg niðurfærsla lána. Það er að megninu vegna hinnar svonefndu 110 prósenta leiðar, en eins og bent hefur verið á getur ábatinn af henni horfið fljótt þegar verðbólga er jafn mikil og nú. Það má svo bera þetta saman við ýmsar aðrar afskriftir í kerfinu – auðmenn eru að fá miklu stærri fjárhæðir en þetta felldar niður og það sem meira er, þess er gætt að þeir þurfi ekki að sjá á bak eignum sínum.

http://silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**

### Biðlund aumingja

Biðlund Þingeyinga er að bresta, segir Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Norðurþings. Eftir lýsingu hans að dæma bíða Þingeyingar með hendur í skauti eftir að ríkisstjórnin útvegi þeim vinnu. Átakanlegasta dæmi um pilsfalda-kapítalisma, sem ég hef séð. Samkvæmt bæjarstjóranum gerist ekkert í Þingeyjarsýslum, nema ríkið útvegi vinnuna. Helzt við að byggja orkuver í Gjástykki og álver á Húsavík. „Biðin eftir atvinnuuppbyggingu er orðin býsna lönd, biðlundin er að verða anzi lítil," segir hann. Geta þessir aumingjar ekki andskotast upp af rassinum og stofnað sprotafyrirtæki eins og aðrir?

http://jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**

### Vörslusviptingar

Staðreyndin er sú að langflestir greiðendur afhenda bifreiðarnar til fjármálafyrirtækjanna þegar þeir geta ekki staðið í skilum með greiðslur. Það eru hins vegar alltaf einhverjir sem hætta að greiða fyrir afnotin, neita að afhenda bifreiðina og nýta hana áfram á ábyrgð fjármálafyrirtækjanna gagnvart tjóni þriðja aðila og sköttum og gjöldum. Slík háttsemi er refsivert auðgunarbrot.

http://www.pressan.is/pressupennar/Lesa_Brynjar/

**Brynjar Níelsson**



# Tannlækningar barna

Heilbrigðismál

Stefán Hallur Jónsson
tannlæknir og varaformaður TFÍ



Nokkuð hefur verið ritað og rætt um tannlækningar barna undanfarin misseri. Hefur þar hæst borið sú staðreynd að tennur íslenskra barna skemmast meir en hjá frændþjóðum okkar í Skandinavíu. En hvers vegna skemmast tennur? Jú það er almenn þekking að bakteríur sitja á tönnum í lengri tíma og mynda sýru sem holar tennur að innan og skemmir fyrst glerung og síðar tannbein. Bakteríur nýta helst kolvetni (t.d. sykur og hveiti) til að lifa og því er almennt talið óhollt fyrir tennur að neyta mikils sykurs, því það fæðir bakteríurnar og gerir þær virkari í niðurbroti tanna. Þá hefur verið lögð áhersla á að hreinsa tennur með tannbursta og flúortannkremi en flúor gengur í efnasamband við tennur og endurnýjar yfirborð skemmdra tanna, í einfölduðu máli. Því er mikilvægt að foreldrar hirði tennur barna sinna samviskusamlega, passi upp á að börn neyti sætinda í hófi og bursti alltaf tennur barna sinna kvölds og morgna og noti tannþráð reglulega. Jæja, þá er búið að fara í gegnum helstu ástæður tannskemmda og hvernig hægt er að fyrirbyggja þær. Einfalt ekki satt? En því miður gengur þetta ekki alltaf svona fyrir sig og tennur íslenskra barna skemmast meir en annarra þjóða.

Regluleg skoðun barns hjá tannlækni og þær fyrirbyggjandi meðferðir sem hægt er að bjóða upp á eru svo þær aðferðir sem algengast er að nota til að greina og koma í veg fyrir tannskemmdir. En hversu algengar eru tannskemmdir? Samkvæmt nýjustu rannsókn sem gerð hefur verið á Íslandi eru tannskemmdir um tvisvar sinnum algengari á Íslandi en í Danmörku (árið 2005) hjá tólf ára börnum. Þetta segir kannski ekki mikið en við greiningu á þessum staðreyndum má segja: Helmingur fullorðinsjaxla sem hafa verið lengur en eitt ár í munni, í 12 ára börnum, er skemmdur. Tannskemmdirnar versna svo þegar unglingsárin taka við og hjá 15 ára krökkum á Íslandi árið 2005 voru skemmdirnar orðnar að meðaltali fjórar á hvert barn(!). Þá eru ótaldar byrjandi skemmdir í munni sömu barna. Það er vert að lesa þetta aftur og íhuga hversu margar skemmdar tennur þetta eru á landsvísu. Tannlæknar hafa vakið máls á þessum staðreyndum, ítrekað. Komur barna til tannlækna eru þó ekki alveg í samræmi við vandann en allt að 40% barna komu ekki til tannlæknis á Íslandi árið 2010. Hvers vegna koma mæður og feður barna ekki með börn sín í reglulegt eftirlit? Er þetta algjört hirðuleysi? Vanræksla? hafa sumir spurt. Mín reynsla er að langflestir foreldra eru mjög umhyggjusamir um börn sín, koma með þau reglulega í eftirlit og vilja ekki að börn sín séu með skemmdar tennur. Hver er þá ástæðan? Í fyrrnefndri rannsókn (MUNNÍS 2005) kemur einnig fram að efnahagur foreldra hefur áhrif á komu þeirra með börn til tannlækna. Þetta stafar af þeirri einföldu staðreynd að kostnaður foreldra við tannlækningar á Íslandi hefur aukist til muna síðustu ár. Er það einkum vegna þess að á sama tíma og verðhækkanir hafa dunið yfir þjóðina í öllum geirum þjónustu og vörukaupa hefur framlag ríkisins til almennra tannlækninga barna staðið í stað í krónutölu frá árinu 2004.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) sjá um endurgreiðslu (styrk) vegna tannlækninga. Heilbrigðisráðherra hefur frá árinu 2002 sett, fyrst Tryggingastofnun og síðar SÍ, s.k. ráðherragjaldskrá og er það hún sem hefur ekkert hækkað. Þannig hefur það verið á valdi heilbrigðisráðherra hverju sinni hver gjaldskráin er. Óhætt er að spyrja þá alla sjö talsins (frá árinu 2004) hverju sætir að ekki hafi hækkað styrkir til tannlækninga barna. Það segir auðvitað nokkuð um þá opinberu stjórnsýslu sem hefur verið í þessum málaflokki að fimm mismunandi ráðherrar hafa komið að ákvörðunum um málaflokkinn þegar mest hefur riðið á síðastliðin fimm ár. Ekki einu sinni sú dapra staðreynd um samanburð okkar barna við önnur í Evrópu hefur náð að vekja þingmenn til verka, tönnum barna til bjargar. Það er hins vegar fyrir löngu nóg komið og mál er að hið opinbera styðji við barnafjölskyldur til að koma í veg fyrir tannskemmdir í æsku landsins.

> Komur barna til tannlækna eru þó ekki alveg í samræmi við vandann en allt að 40% barna komu ekki til tannlæknis á Íslandi árið 2010. Hvers vegna koma mæður og feður barna ekki með börn sín í reglulegt eftirlit? Er þetta algjört hirðuleysi? Vanræksla? hafa sumir spurt.

Nú fyrr í sumar voru samningaviðræður milli SÍ og Tannlæknafélag Íslands (TFÍ) um þessi mál. Má segja að þær hafi farið þokkalega fram og von okkar í stjórn TFÍ var að grundvöllur fyrir samningum yrði nú á haustdögum. SÍ og Heilbrigðisráðuneyti lýstu því yfir að forgangsraða yrði í fjárheimildum til heilbrigðismála og ef tannlækningahlutinn myndi hækka, kæmi það niður á öðrum málaflokkum (sem nota bene hafa hækkað umtalsvert síðan 2004). Þessu ræður ráðuneytið og TFÍ gerði að sjálfsögðu ekki athugasemdir við. Þá slitu SÍ samningaviðræðum svo til fyrirvaralaust í júlí og lýstu yfir að „tannlæknar væru með algjörlega óraunhæfar kröfur um hækkanir á verðskrá“. Þar sem hækkanir hafa ekki orðið á gjaldskrá ráðherra síðan 2004 og áður 2002, hefur TFÍ lagt til grundvallar útreikningum á hækkun verðskrár tannlækna, að samningur milli Tryggingastofnunar og TFÍ frá árinu 1998 yrði lagður til grundvallar kostnaðarútreikningum á verðskrá. Þetta þýddi mjög umtalsverða hækkun ráðherragjaldskrár sem SÍ taldi algjörlega óraunhæfa. Í samningaviðræðunum óskaði TFÍ að þriðji aðili (nk. gerðardómur) yrði fenginn til að meta umræddan kostnaðargrunn en því hafnaði SÍ algerlega á þeim forsendum að slíkt yrði alltof dýrt fyrir stofnunina.

Nú hefur SÍ boðað að samningar séu að nást við tannlækna um aðild að sk. rammasamningi um tannlækningar barna. Á hann að taka gildi þann 16. september næstkomandi. Sá samningur er því miður afar illa framsettur af hálfu SÍ. Í raun er ekki um „samning“ að ræða heldur útboð. Markmið SÍ er að fækka tannlæknum í viðskiptum við SÍ en það leiðir til þess að foreldrar hafa ekki lengur frjálst val um tannlækni barns síns (nema styrkur SÍ sé afþakkaður). Þá eru mörg atriði sem TFÍ hefur tilgreint SÍ bréflega að séu óaðgengileg en mitt mat er að útboðið í heild sinni sé algjört klúður af hálfu SÍ. Að öllum líkindum verða það mjög fáir, ef einhverjir, tannlæknar sem taka þátt í því.

Margar leiðir eru færar til lausnar á þessu vandamáli en það verður að gera í samráði við þá sem eiga að vinna verkin – tannlækna. Það er með öllu óviðunandi að fjárheimildir SÍ nýtist ekki vegna þess að endurgreiðslustyrkir eru alltof lágir. 300 milljónir á ári síðastliðin ár hafa ekki verið notaðar af þeim peningum sem Alþingi hefur ætlað í málaflokkinn. Er það ásættanlegt? Hver er uppsafnaður „sparnaður“ ríkisins vegna þessa? Því miður enginn, því miður er þetta meira tap en gróði þegar horft er til langs tíma. Það er mjög dýrt að láta tennur í íslenskum börnum skemmast, en það má reikna með að viðgerðir þurfi að endurnýja á 10 ára fresti út ævi einstaklings. Miklu ódýrara væri að koma í veg fyrir skemmdirnar með hefðbundnum forvörnum.

# Fagurgali Samfylkingarinnar um íbúalýðræði

Íbúalýðræði

Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði



Mörgum er það enn í fersku minni þegar Samfylkingin í Hafnarfirði ákvað fyrir nokkrum árum að láta Hafnfirðinga kjósa um stækkun álversins í Straumsvík. Nú eftir hrun er flestum ljóst að stækkun þessa öfluga fyrirtækis hefði skapað mörg hundruð störf sem hefðu haft hagfelld margfeldisáhrif út um allt samfélagið. Þáverandi meirihluti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn hafði unnið með forsvarsmönnum álversins að undirbúningi á stækkun þess í nokkur ár. Þegar ljóst var í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna 2006 að mjög skiptar skoðanir væru í bæjarfélaginu um stækkunaráformin var skyndilega sett upp leikrit sem nefndist íbúalýðræði. Þarna var ákvarðanafælni og kjarkleysi sett í umbúðir lýðræðisástar og Hafnfirðingar fengnir til að greiða atkvæði um stækkunina. Sett var ákvæði í samþykktir Hafnarfjarðarbæjar, þar sem segir: „Bæjarstjórn ber að leggja þau mál í dóm kjósenda sem hún álítur vera mjög þýðingarmikil fyrir bæjarfélagið með skoðanakönnun eða atkvæðagreiðslu. Ef 25% kosningabærra manna eða fleiri krefjast atkvæðagreiðslu um tiltekin mál ber bæjarstjórn að verða við þeirri kröfu.“

Með þessu skreytti Samfylkingin í Hafnarfirði sig óspart, ekki síst í kosningabaráttunni 2006, og má vera að þetta hafi átt einhvern þátt í góðu gengi flokksins í kosningunum. Já, íbúalýðræðið í Hafnarfirði var til fyrirmyndar, eða hvað? Þegar á reyndi kom í ljós að þetta voru orðin tóm. Þau stækkunaráform sem íbúarnir kusu um vorið 2007, á hápunkti góðærisins, voru naumlega felld og ljóst að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir yrðu að engu. Rúmu ári síðar fóru íbúarnir af stað, í góðri trú um að lýðræðisákvæðið í samþykktum bæjarins væri virkt, trúa stjórnmálaflokkanna þriggja í bæjarstjórn við fulltrúa álversins. Eftir margra mánaða viðræður og viðamikla rannsóknavinnu varð niðurstaðan sú að ekki væri tímabært að kjósa aftur um mögulega stækkun. Reyna á að hanna stækkunarkost sem tæki betur tillit til sjónarmiða bæjarbúa. Fróðlegt verður að sjá hvernig Vinstri grænir muni bregðast við þegar á reynir, enda svarnir andstæðingar mögulegrar stækkunar álversins. Eftir situr svo Samfylkingin í Hafnarfirði sem hlustaði ekki á íbúana. Fagurgalinn um íbúalýðræðið reyndist falskur. Og til að kóróna allt og söfnuðu tilskildum fjölda undirskrifta bæjarbúa, eða á fimmta þúsund undirskrifta, og fóru fram á að íbúakosning um álversstækkun yrði endurtekin. Þessar undirskriftir hafa nú safnað ryki á bæjarskrifstofunum, og íbúunum svo ekki mikið sem verið svarað.

> Nú er því viðurkennt að mistök hafi verið gerð í upphafi. Eðlilegt er því að spyrja hvort fulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarstjórn hyggist viðurkenna mistök sín opinberlega og biðja Hafnfirðinga og kjósendur afsökunar á þessum íbúalýðræðisblekkingum?

**Hvað varð um íbúalýðræðið?**

Nú hefur lýðræðið verið tekið úr höndum íbúanna og stofnaður var viðræðuhópur fullhefur fyrrgreindum samþykktum Hafnarfjarðarbæjar verið breytt og ákvæðið um að 25% kosningabærra manna geti krafist atkvæðagreiðslu verið þrengt. Nú er því viðurkennt að mistök hafi verið gerð í upphafi. Eðlilegt er því að spyrja hvort fulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarstjórn hyggist viðurkenna mistök sín opinberlega og biðja Hafnfirðinga og kjósendur afsökunar á þessum íbúalýðræðisblekkingum?

# Brestur í brynju verðtryggingar

Verðtrygging

Eygló Harðardóttir
þingmaður Framsóknarflokks



Almenningur kallar eftir afnámi verðtryggingar. Í skýrslu verðtryggingarnefndar voru skoðaðar fjölmargar leiðir til að draga varanlega úr notkun verðtryggingar. Ein þeirra var að Íbúðalánasjóður fengi heimild til að bjóða upp á óverðtryggð húsnæðislán. Fagnaði forstjóri sjóðsins þessari hugmynd og hafa nú jafnvel þingmenn stjórnarflokkanna tekið undir hana.

Þessi breyting er mikilvægt upphafsskref í átt að óverðtryggðu umhverfi – en meira þarf til.

> Stríðið við verðtrygginguna verður langt og strangt, en loksins hillir í fyrsta sigurinn.

**Lækka vexti**

Verðtrygging tekur út stærstu áhættuþætti lánveitenda, verðbólgu og gengisþróun. Þrátt fyrir þetta hafa raunvextir verið hærri en í nágrannalöndunum þar sem verðtrygging þekkist varla. Það er ekki hægt að sætta sig við núverandi ástand. Því verður að leita allra leiða til að lækka raunvexti til frambúðar. Sérfræðingahópur um skuldavanda heimilanna reiknaði út að lækkun raunvaxta í 3% til frambúðar svaraði til þess að höfuðstóll lána væri lækkaður um 20%. Því vil ég endurskoða ávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna og hvetja til sparnaðar vegna kaupa á húsnæði og búseturétti með skattkerfinu.

**Óverðtryggð húsnæðislán**

Ég vil óverðtryggt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd. Þar yrðu boðin óverðtryggð húsnæðislán með endurskoðunarákvæðum vaxta á ákveðnum tímabilum (0, 3, 5 og 7 ára fresti). Ég vil sjá almenna húsnæðislánalöggjöf um lánstíma og veð. Lyklafrumvarpið verður að samþykkja. Bjóða þarf ný íbúðabréf í samræmi við breytt fyrirkomulag útlána og tryggja jafnvægi á milli einstaks húsnæðisláns og íbúðabréfs. Auðvelda þarf fólki flutning í nýtt kerfi með því að fella niður gjaldtöku við skilmálabreytingu og endurfjármögnun. Jafnframt þarf að semja við lífeyrissjóði um endurfjármögnun útistandandi skuldabréfa Íbúðalánasjóðs til að flýta kerfisbreytingu.

**Þak á verðtrygginguna**

Stór hluti verðbreytinga verður vegna gengisþróunar. Þrýstingur er á gengi krónunnar til lækkunar. Verðbólguskot myndi þýða að þúsundir heimila myndu lenda í vanskilum með lán sín. Því vil ég að sett verði þak á verðtrygginguna núverandi lána sem miðist á ársgrundvelli við 4% hámark, sbr. tillögu Framsóknarflokksins frá því haustið 2009. Leita þarf einnig samninga við lánveitendur um að hækka ekki annan kostnað lántakenda til að komast framhjá þessu þaki á meðan unnið er að afnámi verðtryggingar.

Stríðið við verðtrygginguna verður langt og strangt, en loksins hillir í fyrsta sigurinn.


NÝ SENDING AF AEG ÞVOTTAVÉLUM
KOMIN Í HÚS!
TILBOÐSVERÐ!
Þvottavél LAVAMAT 62840
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 119.900,-
Þú sparar: 20.000,-
TILBOÐSVERÐ – 99.900,-
Þvottavél LAVAMAT 64840
1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 129.900,-
Þú sparar: 20.000,-
TILBOÐSVERÐ – 109.900,-
Þurrkari LAVATHERM T55460
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 119.900,-
Þú sparar: 20.000,-
TILBOÐSVERÐ – 99.900,-
Þvottavél LAVAMAT 74850
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 169.900,-
Þú sparar: 25.485,-
TILBOÐSVERÐ – 144.415,-
Þvottavél LAVAMAT 74950
1400 snúninga
Taumagn 8 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 175.900,-
Þú sparar: 26.385,-
TILBOÐSVERÐ – 149.515,-
Þurrkari LAVATHERM T56740
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 139.900,-
Þú sparar: 27.980,-
TILBOÐSVERÐ – 111.920,-
Uppþvottavél FAVORIT 45000W
FRÍSTANDANDI MEÐ TOPPPLÖTU
Tekur 12 manna stell
4 þvottakerfi
4 hitastillingar
Framvinduskjár
Hljóðlát vél
– 49db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
Íslenskar leiðbeiningar
TILBOÐSVERÐ – 89.900,-
Þvottavél & þurrkari
LAVAMAT 62840 & LAVATHERM T55460
ÞVOTTAVÉL
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Listaverð: 119.900,-
ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
Listaverð: 119.900,-
PAR 1
Listaverð á PARINU: 239.800,-
Þú sparar: 49.975,-
TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 189.825,-
Þvottavél & þurrkari
PAR 2
LAVAMAT 64840 & LAVATHERM T55460
ÞVOTTAVÉL
1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Listaverð: 129.900,-
ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
Listaverð: 119.900,-
Listaverð á PARINU: 249.800,-
Þú sparar: 49.975,-
TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 199.825,-
Þvottavél & þurrkari
PAR 3
LAVAMAT 74850 & LAVATHERM T58840
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
ÞVOTTAVÉL
1400 snúninga · Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 169.900,-
ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Stafrænn framvinduskjár
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 149.900,-
ÞURRKGRIND FYRIR SKÓ OG VIÐKVÆMAN FATNAÐ
Listaverð á PARINU: 319.800,-
Þú sparar: 62.960,-
TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 256.840,-
AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
Umboðsmenn um land allt
ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

## Áhrif netsins

| Aðstæður í málsferli: | Jákvæð áhrif netsins | | Neikvæð áhrif netsins | |
|---|---|---|---|---|
| | *Hvernig* | *Áhrif* | *Hvernig* | *Áhrif* |
| **Upplýsingagjöf og gagnsæi** | Opin, samræmd upplýsingagjöf, infrastructure hins opinbera | Aukið traust, skilningur og samheldni, aukinn félagsauður | | |
| **Þátttaka almennings á félagsmiðlum** | Skipulegt aðhald með stjórnvöldum (spurningar/svör), hugmyndavinna og málefnaleg, opin umræða | Minni spilling, aukið traust | Netnotkun | Rétttrúnaður, öfgar, útskúfun þeirra sem eru ósammála, gjár myndast, traust minnkar |
| **Ákvarðanataka** | | Skoðanakannanir, „like"-takkar, atkvæðagreiðslur | Áhersla á meirihlutaræði (hætta á harðræði meirihlutans) | |

**JÁKVÆÐ OG NEIKVÆÐ ÁHRIF NETSINS** Einfalt áhrifamódel sem sýnir jákvæð og neikvæð áhrif netsins á félagslegar breytur eftir því við hvaða aðstæður og hvernig samtal stjórnvalda og almennings fer fram.

# Netið og stjórnmálin

Stjórnmál
Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufræðingur



Á tímum netsins stendur lýðræðið frammi fyrir margskonar breytingum. Á síðustu 20 árum hefur hópur vísindamanna, einkum í félagsvísinda- og tölvunarfræðideildum, rannsakað áhrif netsins á stjórnmál og kallað rannsóknirnar e-government og e-democracy. Töluverð þekking liggur þegar fyrir.

Heildarniðurstaða rannsóknanna er að áhrif upplýsingatækni á lýðræðið eru mótsagnakennd. Annars vegar kemur tæknin að einhverju leyti í stað skipulagseininga, svo sem stjórnmálaflokka, og gerir byltingu á stjórnarfari heilla ríkja, mögulega án skipulagsforma, sbr. arabíska vorið, en hins vegar hefur hún lítil áhrif á sjálfar undirstöður lýðræðiskerfisins.

Samt má ekki gleyma því að samfélagið hefur gerbreyst og ekki síst fjölmiðlarnir og áhrif netsins og netverja á samtímann eru mikil og margs konar. Meginform netsins, samskipti jafningja, munu að öllum líkindum ryðja sér rúms sem ríkjandi skipulagsform í félögum og stofnunum. Og framhjá netinu verður ekki gengið sem aðalmiðli stjórnmálanna.

Ýmiss konar samfélagsmál er auðveldara að leysa með verkfærum netsins en áður var og er helst að nefna upplýsingagjöf, aðhald almennings með stjórnvöldum og jafnvel hugmyndavinnu (sbr. hugtakið wisdom of crowds). Ef lýðræðislegum aðstæðum er lýst með þremur hugtökum; upplýsingagjöf, þátttöku og ákvarðanatöku, þá er nú ljóst að netið styrkir fyrst og fremst upplýsingagjöf, en miklu síður þátttöku og síst ákvarðanatöku, en seinni hugtökin skapa auk þess lýðræðislegar ógnir.

### Nýjar kenningar

Cass R. Sunstein skrifaði bókina Republic.com 2.0, sem kom út fyrir nokkrum misserum og fjallar um netið og áhrif þess á nútíma stjórnmál. Hann situr nú í stjórnunarstöðu í Hvíta Húsinu.

Meginkenningar hans eru um „echo chambers" eða bergmálsherbergi netverja. Ekki er lengur til staðar útvarp og því síður ríkisútvarp, sem gæti gefið almenningi sameiginlegan reynsluheim eins og fyrri kynslóðum og ekki endilega fjölmiðlar sem birta andstæðar skoðanir, heldur geta netverjar valið það sem þeir vilja lesa, heyra og sjá. Þannig búa þeir til sína eigin dagskrá – og þeir vilja ekki heyra sjónarmið andstæð sínum.

Límið í samfélaginu gæti látið undan. Sunstein fjallar sérstaklega um öfgar (polarization) og segir þær taka við, alls konar teboð og einstaklingshyggja gæti aukist og jafnvel annað verra eins og Norðmenn þekkja nú. Og hann leiðir að því líkur að umburðarlyndi gagnvart andstæðum skoðunum minnki með sama hætti meðal netverja.

Þá hefur komið í ljós að einföld ákvörðunartökumódel eiga miklu fylgi að fagna á netinu rétt eins og leysa megi samfélagsmál með því að skoða hvað margir segi „like" við ákveðnum sjónarmiðum.

### Talandi dæmi

Það er því forvitnilegt að fylgjast með störfum Stjórnlagaráðs sem að nokkru leyti starfaði í samráði við grasrótina á netinu, í fyrsta skipti sem það er gert hér á landi.

Íslensk stjórnvöld hafa eftir að kom fram á þessa öld sýnt lýðræðishlutverki upplýsingatækni lítinn áhuga og lýðræðisleg verkfæri ríkisins á netinu eru fá og frumstæð. Með sama hætti hefur ríkið hunsað uppbyggingu opinna samþættra miðlægra gagnagrunna sem eru forsenda gagnsæis og raunar einkavætt helstu gagnagrunna sína og aðrir innviðir ríkisins í upplýsingatækni eru oft lítið þróaðir.

Við þessar aðstæður er hætt við því að tækifæri netsins til þess að hafa jákvæð áhrif á lýðræðið, svo sem á traust og öryggi, komi ekki fram á Íslandi, en helstu forsendur þess eru gagnsæi, en að lýðræðislegu ógnanirnar af tilkomu netsins verði áberandi. Það hefur lengi verið áhyggjuefni þess sem þetta ritar að íslenskir stjórnmálamenn búi til nýjar og erfiðar mótsagnir í samfélaginu með því að ríkið hunsi hinn nýja miðil og að til verði gjá milli netsins og hefðbundinna stjórnmála, þar sem netverjar ráðist af ábyrgðarleysi á hina síðarnefndu og rýri hugsanlega traust og samkennd í samfélaginu. Má segja að stjórnmálamenn grafi sína eigin gröf.

Tillaga Stjórnlagaráðs leggur áherslu á meirihlutaræði, en veikir þingræðið og virkni í því módeli, en leggur til beint lýðræði í staðinn. Það sérkennilegt því beinu lýðræði hefur verið hafnað í okkar heimshluta sem frumstæðu stjórnarformi með mörgum innbyggðum hættum.

Þá myndar hún eitt landskjördæmi, sem styrkir stöðu ótilgreindra netverja, upplýsingaelítunnar (þeir sem vinna meira en 4 klst. á dag á netinu), sem býr einkum á höfuðborgarsvæðinu, en veikir beint samband þingmanna við kjósendur sína, því eitt kjördæmi verður of stórt. Þar með hverfur jarðsamband þingmanna við kjósendur sína og þeir verða ofurseldir almenningsálitinu og rétttrúnaði fjölmiðlanna. Þetta gengur þvert gegn hefðum margra nágrannaríkja.

> Stjórnkerfi Vesturlanda eru ekki að taka neinum grundvallarbreytingum þrátt fyrir mikla og vaxandi notkun netsins, heldur er netið notað til að styðja hið þróaða lýðræðisform þeirra.

Þá er gerð tillaga um veikingu á stöðu landsbyggðarinnar, sem opnar fyrir að allir þingmenn verði frá höfuðborgarsvæðinu, og vægi atkvæða getur orðið neikvætt og tillagan tekur auðlindir af landsbyggðinni, sem hafa verið í dreifðu eignarhaldi frá landnámi og leggur þær undir ríkið.

### Niðurlag

Hér skína í gegn hin neikvæðu áhrif netsins. Þau gætu fallið saman við áhuga meirihlutans á höfuðborgarsvæðinu á að stjórna samfélaginu, en mörgum hefur fundist fulltrúalýðræðið styðja landsbyggðarsjónarmið og mikill áróður hefur verið gegn þeim.

Þessar áherslur Stjórnlagaráðs og netverjanna eru tímaskekkja og ganga þvert á grundvallarhugmyndir Vesturlandabúa um lýðræði. Stjórnkerfi Vesturlanda eru ekki að taka neinum grundvallarbreytingum þrátt fyrir mikla og vaxandi notkun netsins, heldur er netið notað til að styðja hið þróaða lýðræðisform þeirra.

Þá gengur alþjóðasamfélagið lengra og lengra í stuðningi við minnihlutahópa og þá sem búa afskekkt og eru árásir á stöðu þeirra einkennilegar.

# Kvikmyndagerð á krossgötum?

Kvikmyndagerð
Gunnar Bragi Sveinsson
þingmaður Framsóknarflokks



Kvikmyndagerð á Íslandi er að mínu mati afar merkilegt fyrirbæri. Það mat byggi ég á því að hafa fylgst með iðnaðinum úr fjarska en ekki af innihaldsríkri þekkingu á greininni þó svo að ég hafi leikið í „Annir og appelsínur" 1988. Flóra íslenskra kvikmynda er afar mikil og þjónustu við erlenda framleiðendur er hælt. Það er margt samofið kvikmyndagerð. Nægir þar að nefna gerð auglýsinga, fræðslu og menningarefnis og fleira auk þess sem leiklistin er náskyldur ættingi. Við sjáum gjarnan sama fólkið á sviði og í kvikmyndum en svo stíga fram leikarar og framleiðendur sem sýna okkur hvað hægt er að gera með einni myndavél og leikara. Fyrir nokkru ákvað núverandi ríkisstjórn að skera niður framlög til kvikmyndagerðar þótt sannað væri að kvikmyndagerð býr til mun meiri tekjur en hún fær í styrki. Skrítinn sparnaður það.

Kvikmyndaskólinn er í umræðunni vegna fjárhagsvanda. Fyrir mér er kvikmyndaskólinn álíka mikilvægur og bændaskólar landbúnaðinum og viðskiptaskólar fjármagnsgeiranum. Ef við menntum ekki bændur þá leggst landbúnaðurinn af og gjaldeyrir fyrir tugi milljarða fer úr landi til að flytja inn mat. Ef við menntum ekki kvikmyndagerðarmenn þá er hætta á að greinin dragist saman og við verðum af mikilvægum gjaldeyri. Kvikmyndagerð er iðnaður, list, inn- og útflutningsgrein. Við getum ekki verið svo blönk og skammsýn að láta kvikmyndagerðina svelta og drabbast niður.

Það má vel vera að rekstur kvikmyndaskólans hafi verið erfiður og þar þurfi að laga til. Það réttlætir hins vegar ekki að námið sé látið reka á reiðanum. Auðvitað á ríkisstjórnin að grípa inn í og sjá til þess að skólastarfið haldi áfram meðan framtíðarlausn er fundin.

Það var haustið 2006 sem þáverandi ráðherrar menntamála og fjármála og fulltrúar kvikmyndagerðarmanna undirrituðu samkomulag um stuðning við innlenda kvikmyndagerð. Átti samkomulagið að ná til fjögurra ára, 2007–2010. Samkomulagið markaði tímamót í sögu íslenskrar kvikmyndagerðar þar sem búið var að tryggja fjármagn fram í tímann. Samkvæmt samkomulaginu var gert ráð fyrir að fjárframlag ríkisins yrði 700 millj. kr. árið 2010 en í fjárlögum ársins var framlagið skorið niður í 450 millj. kr., eða um 35%. Á fjárlögum ársins 2011 er fjárframlag ríkisins einnig 450 millj. kr. Fljótlega munu fjárlög ársins 2012 líta dagsins ljós og þá verður forvitnilegt að sjá hvort ríkisstjórnin hefur breytt um stefnu gagnvart kvikmyndagerðinni. Ég vona að kvikmyndagerðarmenn verði kallaðir til fundar og samkomulagið frá 2006 endurnýjað.

# Árangurinn er eini jarðneski mælikvarðinn á rétt og rangt

Skattlagning ferðamáta
Haukur Eggertsson
verkfræðingur



Hinn 29. ágúst sl. fjallar leiðari Fréttablaðsins um stefnu ríkisstjórnar Vinstri grænna og Samfylkingar í skattlagningu ferðamáta. Að sönnu er ýmislegt sem betur mætti fara í skattastefnu þeirrar stjórnar, en henni er þó ekki alls varnað. Hið sama á við um leiðaraskrifin.

Leiðarahöfundur kvartar undan því að dísilolían sé dýrari en bensínið.

Það er ekki að undra þar sem heimsmarkaðsverð dísilolíu er að jafnaði hærri en bensíns, en orkuinnihaldið er hins vegar nokkru meira.

Skattlagning á dísilolíu er því örlítið lægri á lítra, nokkru minni á orkueiningu og talsvert lægri á $CO_2$-losun en á bensín. Því er vandséð hví munurinn ætti að vera meiri.

Þá talar leiðarahöfundur um meinta „skattpíningu" bíleiganda sem og að þeim sé ætlað að skila „óheyrilega" miklu til hins opinbera. Skoðum þetta nánar. Tekjur ríkissjóðs af bifreiðum og eldsneyti hafa á undanförnum árum staðið undir rekstri Vegagerðarinnar og nýframkvæmda á vegum hennar sem og Samgönguráðuneytisins, sjá t.d. þingskjöl 1.084 og 1.679 frá 139. löggjafarþingi. En kostnaður Vegagerðarinnar er bara hluti af kostnaði hins opinbera. Meira og minna öll gatnagerð í þéttbýli er á hendi sveitafélaga, auk þess sem verðmætt land fer undir umferðarmannvirki. T.d. hefur verið talið að helmingur lands í Reykjavík fari undir vegamannvirki og bílastæði. Jafnframt er gjaldskylda á innan við 5% af öllum bílastæðum í Reykjavík. Hversu mikils virði skyldi leigan af helmingnum af borgarlandinu vera? Og landinu í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Akureyri o.s.frv.?

Verkfræðistofan Línuhönnun uppreiknaði árið 2006 upp úr skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands kostnað vegna umferðarslysa. Á núverandi verðlagi er kostnaður af banaslysi að meðaltali 546 millj. kr., slys með alvarlegum meiðslum 85 millj. kr. og með litlum meiðslum 13 millj. kr., sjá þingskjal 886 frá 139. löggjafarþingi. Ljóst er að ábyrgðartrygging ökumanna greiðir einungis hluta tjónsins og afgangurinn lendir á einstaklingunum og samfélaginu. Í sama þingskjali er árlegur slysakostnaður vegna umferðarslysa metinn 21-29 milljarðar m.v. launavísitölu 2005.

Af þessu má sjá að hinar „óheyrilegu" upphæðir hrökkva skammt til að standa undir kostnaði við bifreiðar. Því má spyrja leiðarahöfund, ef þeir sem bílana keyra og vegina nota eiga ekki að standa undir þessum kostnaði, hverjir þá? Launþegar af launum sínum? Þeir sem ganga eða hjóla?

Þá er þegar búið að aflétta öllum vörugjöldum af umhverfisvænsta flokki bifreiða, svo sem metanbíla, og sú furðulega staða komin upp að „sparneytnir" bílar, sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti að fullu eða hluta, greiða ekkert vörugjald á meðan enn er 10% tollur af reiðhjólum. Og hvort skyldi nú vera umhverfisvænna að nota bílinn eða hjólið?

# Europris

Tilboðið gildir til og með laugardeginum 24. september

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

## Allt er þegar ÞRENNT er

### Kauptu ÞRJÁR EINS vörur og fáðu þá þriðju á HÁLFVIRÐI

**SALERNISPAPPÍR**
**8 Í PK**




199




199

-50%




99

**APPELSÍNUSAFI**
**1,5 LTR**




259




259

-50%




129

**ULLARGARN**
Superwash



319



319

-50%



159

## Tilboðið gildir á ÖLLUM VÖRUM í Europris

nema á gosi og sælgætisbar

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**INDRIÐI G. ÞORSTEINSSON** rithöfundur (1926-2000) lést þennan dag.

*„Enn í dag er sáralítið vitað um manninn sjálfan þótt ýmislegt af reynslu hans geymist í bókum og listaverkum."*

**ÞETTA GERÐIST: 2. SEPTEMBER ÁRIÐ 1666**

## Eldur brýst út í London og geisar í þrjá daga

Lundúnabruninn mikli hófst þennan dag árið 1666 en eldsupptök voru í bakaríi Thomas Farriner á Pudding Lane. Bruninn, sem stóð yfir í þrjá daga, eða til 5. september, er einn sá mesti sem orðið hefur á Englandi. Hann breiddist hratt út um alla miðborgina, náði yfir í fátækrahverfi borgarinnar og ógnaði um tíma Westminster.

Í brunanum eyðilögðust 13.200 hús, 87 kirkjur, þar á meðal Dómkirkja Páls postula, og flestar opinberar byggingar. Bruninn eyðilagði heimili sjötíu þúsund Lundúnabúa, en í miðborginni bjuggu um áttatíu þúsund manns.

Ekki er talið að margir hafi látið lífið en þó voru manntöl yfir millistéttina og fátæka ónákvæm og því getur verið að fleiri hafi látist en tölur gefa til kynna.



**KRÍTIK OG KENNINGASMÍÐ:** MÁLÞING UM RANNSÓKNIR Á SAMTÍMALISTFRÆÐI

# Löngu tímabært verkefni

Sex háskólanemar munu kynna rannsóknir sínar á íslenskri samtímalistfræði á málþinginu Krítik og kenningasmíð á sunnudaginn. Málþingið fer fram milli klukkan 15 og 17 í Listasafni Reykjavíkur og er öllum opið.

Verkefnið er samstarf LHÍ, Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur, Listfræði við HÍ, Nýlistasafnsins og Listfræðafélags Íslands og var unnið með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna, Rannís. Rannsökuð voru skrif fræðimanna og gagnrýnenda um íslenska samtímalist, auk skrifa listamanna sjálfra.

„Við söfnuðum saman textum í gagnagrunn en það hefur verið sár þörf á samantekt af þessu tagi og í raun krafa fræðimanna og listamanna og fólks innan þessa geira um árabil," segir Katrín Inga Jónsdóttir myndlistarmaður og nemi í listfræði við HÍ.

„Myndlist eru gerð lítil skil í samfélaginu yfirleitt og það var mikill sigur að fá styrk til að sinna þessu verkefni. Síðasta heildaryfirlit um íslenska myndlist kom út fyrir 40 árum. Undanfarna áratugi hefur því verið erfitt að stunda rannsóknir og afla sér heimilda um fagið," útskýrir Katrín en hópurinn þurfti að leita víða eftir efninu.

„Við vorum aðallega að safna greinum úr dagblöðum og blöðungum sem oft eru gefnir út í tengslum við sýningar en hefur ekki verið haldið til haga."

Markmið rannsóknarinnar er að heildaryfirlit náist yfir fræðiskrif um íslenska myndlist og grundvöllur skapist fyrir frekari útgáfu. Katrín segir vinnu hópsins í sumar mikilvægt skref en nauðsynlegt sé þó að halda rannsóknarstarfinu áfram.

„Vinnunni er ekki nærri lokið. Það er mikilvægt að komast yfir sem mest af skrifum um íslenska myndlist svo úr verði gagnabanki sem nýtist ekki bara fræðifólki við rannsóknir heldur einnig kennurum og nemendum. Efnið þarf síðan að gefa út í bókum svo það verði aðgengilegt almenningi og almenn þekking á myndlist eflist," segir Katrín og bætir við að fagna beri væntanlegri útgáfu á íslenskri listasögu nú í haust. Hún sé þó ekki nóg ein og sér.

„Það er ekki nóg að skrifa bara sögu myndlistar, þetta er önnur hlið á sögunni. Myndlistin er alltaf að berjast fyrir tilvist sinni í samfélaginu en vonandi verður það ekki eilífðarverkefni."

**heida@frettabladid.is**



**RANNSÓKNARHÓPURINN VIÐ STÖRF** Katrín Inga Jónsdóttir, önnur frá vinstri, ásamt samstarfsfólki sínu. Hópurinn kynnir niðurstöður rannsóknarverkefnis á íslenskri samtímalistfræði á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Iðnskólinn fær góða gjöf

S. Guðjónsson ehf. kom færandi hendi í Iðnskólann í Hafnarfirði í síðustu viku en fyrirtækið færði skólanum raflagnaefni og búnað í tölvur og símatengla ásamt öllum römmum og frágangsbúnaði. Áætlað virði gjafarinnar er rúmlega hálf milljón króna.

Á síðasta ári færði S. Guðjónsson ehf. skólanum ljósabúnað til kennslu í uppsetningu á lýsingabúnaði. Í fréttatilkynningu frá Iðnskólanum í Hafnarfirði er gjöfin sögð undirstrika skilning aðila í atvinnulífinu á mikilvægi samvinnu skólans og atvinnulífs.

Iðnskólinn tók nýja kennsluaðstöðu í rafiðngreinum í notkun í haust og er nú með mjög góða aðstöðu til kennslu í iðnaðarveitum, stórveitum og smábátaraflögnum. **- rat**



Ragnhildur Guðjónsdóttir deildarstjóri rafiðnaðardeildar, Ársæll Guðmundsson skólameistari, Skarphéðinn Smith, framkvæmdastjóri S.Guðjónssonar ehf., Gunnar Örn Steinarsson kennari, Björgúlfur Þorsteinsson kennari og Guðni Guðjónsson kennari.

---



†

*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát og útfarar okkar elskulegs sonar og bróður*

**Eyþórs Darra Róbertssonar**

**Róbert Ólafsson** · **Lilja Huld Steinþórsdóttir**
**Albert Marel Róbertsson** · **Berta María Róbertsdóttir**
**og aðstandendur**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kristjana Gísladóttir**
Eyrarholti 6, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 29. ágúst. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 8. september kl. 13.00.

**Magnús Haraldsson**
**Gísli Þór Magnússon** · **Kristín Sæmundsdóttir**
**Borghildur Kristín Magnúsdóttir**
**Pétur Már Gíslason og Hildur Una Gísladóttir**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Kristín Vilhelmína Biering**
Fossvogsbletti 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 31. ágúst. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 6. ágúst kl. 15.

**Moritz Wilhelm Sigurðsson** · **Margrét Dóra Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Sigurðsson** · **Anna Sigríður Zoëga**
**Auður Sigurðardóttir** · **Ólafur Halldórsson**
**Sigurður Þórir Sigurðsson** · **Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Knútur Bergsveinsson**
Kópavogsbraut 1a, áður Melgerði 36, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 30. ágúst. Jarðsungið verður frá Kópavogskirkju, miðvikudaginn 7. september kl. 13.oo. Þeim sem vilja minnast Knúts er bent á Krabbameinsfélag Íslands eða Minningarsjóð Sunnuhlíðar.

**Dýrólína (Lóa) Eiríksdóttir**
**Logi Knútsson** · **Ásta Kristjánsdóttir**
**Auðbjörg Halla Knútsdóttir** · **Sæmundur Kr. Þorvaldsson**
**Auður Lena Knútsdóttir** · **Rúnar Emilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

---



†

*Alúðarþakkir til allra sem sýndu okkur samúð og veittu okkur stuðning í veikindum og við fráfall okkar ástkæra*

**Eyjólfs Guðjónssonar**
fv. skipstjóra.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 11E, LSH, heimahlynningu Karitas og líknardeild LSH í Kópavogi fyrir einstaka umönnun.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Sigurrós Guðjónsdóttir**
**Anna Eyjólfsdóttir og fjölskylda.**

---



†

*Okkar ástkæra*

**Þuríður Benediktsdóttir**
frá Hömrum í Haukadal,
til heimilis að Furugerði 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 31. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Hjördís Óskarsdóttir**
**Kristján Ingason, Karl Ingason, Jón S. Hilmarsson,**
**Þuríður Kristín Hilmarsdóttir, fjölskyldur þeirra**
**og aðrir aðstandendur.**



**Fjölskyldudagur** verður haldinn á Laugarvatni um helgina. Þar verður boðið upp á gönguferðir með Müllersæfingum, stafagöngu, íþróttir og næringarráðgjöf svo dæmi séu nefnd. Háskólalestin verður á staðnum með eldorgel, undraspegla, teiknirólu og snúningshjól.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512

EINN SEM ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA

RISA BORGARI GRILLHÚSSINS

STÆRSTI HAMBORGARI Á ÍSLANDI

Hann er svo stór að hann dugar fyrir heila fjölskyldu

Grillhúsið




460 g af hreinu ungnautakjöti í risa hamborgarabrauði, ostur, salat, tómatar, icebergsalat, beikon, ljúffeng grillsósa og fullt af frönskum.

4.490 kr.

pepsi



Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi, sími: 5275000, grillhusid@grillhusid.is, www.grillhusid.is

Matreiðsluáhugi Ásu Maríu Reginsdóttur kviknaði þannig að henni fannst gaman að gera fallega rétti.

# Leggur upp úr fallegum mat



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sálfræðineminn Ása María Reginsdóttir hefur lengi haft gaman af því að elda og er sannkallaður listakokkur. „Áhuginn kviknaði í raun þannig að mér fannst gaman að gera fallegan mat og í dag legg ég upp úr því að elda góðan mat sem jafnframt gleður augað. Það á bæði við þegar ég býð fólki í mat eða elda fyrir mig og unnustann,“ segir Ása María og heldur áfram: „Mér finnst til dæmis sérstaklega gaman að gera salöt og leik mér þá með litina og reyni að gera þau sem fallegust, en þannig finnst mér maturinn verða lystugri og betri.“

En ertu listræn að öðru leyti? „Ég veit það nú ekki en okkur finnst gaman að hafa fallegt í kringum okkur og finnst skipta máli hvernig maturinn lítur út og er borinn fram,“ segir Ása María sem býr með fótboltamanninum Emil Hallfreðssyni í Verona á Ítalíu þar sem hann leikur með Hellas Verona. Þar drekkur hún í sig ítalska matargerðarlist og hefur jafnvel fengið að kíkja í pottana á veitingastöðum. „Við höfum komið okkur vel á meðal heimamanna og ég fæ stundum að kíkja inn í eldhús og hjálpa til.“ Er draumurinn þá að opna eigin veitingastað? „Já, hver veit,“ segir Ása María og deilir uppskrift í uppáhaldi.

„Þetta er í grunninn kjúklingasúpa frá vinkonu systur minnar sem hefur tekið nokkrum breytingum í gegnum árin. Hún er tilvalin í veislur og fer vel í unga sem aldna. Það er hægt að bera hana fram með nachos en okkur finnst gott að setja ost, kóríander og sólblómafræ út á.“

*vera@frettabladid.is*

## KJÚKLINGASÚPA

með kóríander og sólblómafræjum **FYRIR 4-6**

1 risastór laukur
fullt af íslensku smjöri
3-4 msk. sterkt karrí
2 kjúklingateningar
4 hvítlauksrif
3 dósir Hunts tómatar með basil, oregano & hvítlauk
1 stór dós niðursoðnar ferskjur
1 grillaður kjúklingur
1/2 l matreiðslurjómi
1/2 l rjómi
svartur pipar

**Meðlæti**
rifinn ostur
kóríander
sólblómafræ

**Aðferð**
*Skerið laukinn gróft. Steikið ásamt hvítlauk, smjöri og karrí. Bætið tómötunum og smávegis af vatni við. Leysið teningana upp í örlitlu heitu vatni og blandið saman við. Opnið ferskjudósina og hellið vökvanum í pottinn. Kryddið með svörtum pipar og látið malla í nokkrar mínútur. Skerið ferskjurnar í smáa bita. Rífið kjúklinginn niður í góða munnbita. Blandið rjómanum við rétt áður en súpan er borin fram.*



*Dreifið osti, kóríander og sólblómafræjum yfir hverja skál.*



*Eva Sveinsdóttir*
*Margfaldur Íslandsmeistari í Icefitness*

Þau vita hvað þarf til að ná árangri

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni.

Heilsuréttir Nings
og kroppurinn blómstrar

NINGS
TRANS FITA MSG

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is



*Sveinbjörn Sveinbjörnsson*
*Margfaldur BootCamp- og Crossfitt meistari Íslands*



**Með strætó á staðinn** Fimm strætóleiðir ganga um Kópavog en það eru leið 1, leið 2, leið 4, leið 28 og leið 35. Tvær síðastnefndu ganga innanbæjar.

ALHLIÐA INNRÖMMUN
Tempo
INNRÖMMUN
Hamraborg 1 • 200 Kópavogur • s. 554 3330

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir

20%
afsláttur af öllum vörum
laugardaginn
3. september
Opið 11-16

ÚR OG SKARTGRIPIR
KLUKKAN
HAMRABORG 10

# Bæði kostir og gallar við að búa í Hamraborg

**Sæmundur Þorsteinsson er einn af elstu íbúum Hamraborgarinnar í Kópavogi. Hann er fæddur árið 1920 og er orðinn svolítið fótafúinn en andinn er reiðubúinn að taka þátt í hátíðahöldum um helgina.**

„Ég hlakka til að fylgjast með lífinu í götunni en veit ekki hvort ég sé mér fært að vera þar þó mig langi til þess. Ég á nú góð börn og þau eru vís til hjálpa mér," segir Hamraborgarbúinn Sæmundur Þorsteinsson þegar hann er spurður út í Hamraborgarhátíðina sem nú er haldin í annað sinn.

Átján ár eru frá því að Sæmundur flutti í Hamraborgina, í hjarta Kópavogs, ásamt konu sinni, en áður bjuggu þau í Hvömmunum. Börnin voru tíu og eru níu þeirra á lífi. „Börnin eru mínar stoðir og styttur," segir Sæmundur sem missti konuna árið 2007. „Síðan hefur mér fundist ég hálfgert rekald en ég fæ svo mikla fyrirmyndarþjónustu hjá Kópavogsbæ að mig langar að það sé fært til bókar. Það er alltaf talað um það sem miður fer en sjaldnar um það sem vel er gert."

Sæmundur er meðal elstu íbúa Hamraborgar sem eru vel á fjórða hundrað. Hann segir bæði galla og kosti við að búa þar. „Mér hefur alla tíð fundist vanta lyftu í þetta hús og ýmislegt mætti segja um skipulagið. En margt er gott við Hamraborgina, sundlaug, og söfn í nágrenninu, bakarí við hliðina á mér og verslun og sjoppa niðri. Ég veit ekki annað en að þetta séu allt úrvals fyrirtæki. Ónæði af skemmtistöðum? Nei, það get ég ekki sagt."



Ég fæ svo mikla fyrirmyndarþjónustu hjá Kópavogsbæ að mig langar að það sé fært til bókar," segir Sæmundur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Glæpir sem settu bletti á Hamraborg fyrir nokkrum árum voru þungbærir íbúunum, þar á meðal Sæmundi. „Hér komu upp afskaplega leiðinleg mál sem fóru ekkert framhjá manni og snertu auðvitað alla. En ég er ánægður að vera hér og finnst ég vera borinn á höndum af góðu fólki."

*gun@frettabladid.is*

## Hamraborgarhátíð haldin í annað sinn

Hamraborgarhátíðin verður haldin í Kópavogi á morgun. Hátíðin sló í gegn í fyrra þegar hún var haldin í fyrsta sinn og vonast skipuleggjendur til þess að hún verði að árlegum viðburði. „Það var almenn ánægja með hátíðina í fyrra, bæði meðal þeirra sem komu að skipulagningu og meðal gesta. Andrúmsloftið var skemmtilegt og afslappað, " segir Rannveig Ásgeirsdóttir, ein skipuleggjenda hátíðarinnar.

Hátíðin verður með svipuðu sniði og í fyrra, skottmarkaðurinn á sínum stað og eins segir Rannveig atvinnurekendur í Hamraborginni marga verða með uppákomur á sínum snærum. „Við viljum fá bæjarbúar til að hittast, spjalla saman og rifja upp gamla tíma og líka að fá nýja fólkið hingað í miðbæinn. Hamraborgin breytist í göngugötu, menningarstofnanirnar verða opnar og hér verða tónlistaratriði og ýmislegt fleira. Dagskráin hefst klukkan 11 og svo spilum við þetta eftir eyranu fram eftir degi."



Skottmarkaðurinn verður á sínum stað á Hamraborgarhátíðinni á morgun. MYND/ÚR EINKASAFNI



Velkomin á Hamraborgarhátíð!
20%
afsláttur af nýjum vörum.
Markaðsstemning - ótrúleg verð.
Ef verslað er fyrir 10.000 kr.
færðu fallega gjöf.
OXXO boutique
Við erum á facebook. OXXO Iceland
OXXO boutique ehf • Hamraborg 5 • 200 Kópavogi • Sími: 561 2300

HÚLLUM HÆ Í HAMRABORG
ALLAN LAUGARDAGINN 3. SEPTEMBER
Láttu sjá þig, smakkaðu allt mögulegt
...og hafðu gaman af...
20% AFSLÁTTUR
AF NÝBÖKUÐUM BRAUÐUM
OG RÚNSTYKKJUM
Reynir bakari
KONDITORI
HAMRABORG 14 KÓPAVOGI SÍMI 554 4200
STOFA53



Helga Ástvaldsdóttir listakona.



Friðrik Jónsson



Sigríður Ingunn Elíasdóttir listakona.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Emelía Lóa Halldórsdóttir við saumavélina.

# Listin í Auðbrekku

**Menning og listir lifa góðu lífi í Kópavogi og í Auðbrekku hafa listamenn úr ýmsum áttum komið sér fyrir.**

Skruggusteinn er vinnustofa fimm listakvenna í Auðbrekku 4. Þær hófu samstarfið árið 1998 í Hamraborginni áður en þær fluttu sig í Auðbrekkuna, þar sem þær kunna vel við sig. Gestir og gangandi eru velkomnir í heimsókn á vinnustofuna en betra er að hringja á undan sér svo einhver listakvennanna sé við.

„Við komum úr ýmsum áttum, flestir eru að mála en nokkrir að fást við annað, fatahönnun og ýmislegt. Hér er alltaf eitthvað í gangi,“ segir Helga Ástvaldsdóttir, myndlistarmaður í Auðbrekku 6, en þar eru um 20 listamenn með vinnustofur. „Aðstaðan hér er mjög fín, hvert okkar leigir sitt herbergi en við erum með sameiginlega kaffistofu. Það er mikill samgangur milli fólks og við löbbum gjarnan á milli með kaffibollann. Eins höfum við sett upp sýningar hér á göngunum. Það eru allir alltaf velkomnir þegar dyrnar eru ekki læstar. Það er líka hægt ná sambandi við okkur gegnum verslunina á fyrstu hæðinni,“ segir Helga.

*- rat*



Listakonurnar í Skruggusteini: Auðbjörg Bergsveinsdóttir, Dóra Árna, Guðný Hafsteinsdóttir og Halla Ásgeirsdóttir. Á myndina vantar Hrafnhildi Bernharðsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


HAMRABORGARHÁTÍÐ 2011

3. september frá kl. 11.

- **Catalína** – Súpa og heimabakað brauð í boði auk tilboða í tilefni dagsins.
- **SOS Barnaþorpin** – Opið fram eftir degi, kynning á starfseminni. Blöðrur og fleira gefins.
- **18 Rauðar Rósir** – Tilboð á rósum.
- **Bókabúðin Hamraborg** – Ýmis tilboð í gangi.
- **Ynja undirfataverslun** – Frábær afsláttur!
- **Í 7 himni** – Prufutímar í leikfimi og jóga, spákonur á staðnum og lifandi tónlist kl. 15.
- **Móly** – Ýmis tilboð í gangi.
- **Ég C, Klippt og skorið, Café Dix, Snyrtistofan Jóna og Klukkan** – Pylsupartý kl. 14 og lifandi tónlist.
- **Ég C 15 ára!** – Fríar sjónmælingar og tilboð á gleraugum.
- **Klukkan Hamraborg 10** – 20% afsláttur af öllum vörum.
- **Klippt og Skorið Hársnyrtistofa** – Sérstök tilboð á Tigi hárvörum.
- **Muffin Bakery** – 200.000 muffins seldar, ert þú búin að smakka? Tilboð á okkar nr. 1 muffin, „súkkulaði bombu“ í tilefni dagsins. Ljóðahópur Gjábakka les upp ljóð kl. 14. Verið velkomin.
- **Videomarkaðurinn og Nóatún** – Grillveisla kl. 13 og ýmis tilboð í gangi. Einn af betri trúbadorum landsins tekur lagið.
- **OXXO boutique** – 20 % afsláttur af nýjum vörum í tilefni dagsins, tilboðsslár, o.fl.
- **Sukhothai** – tælenskur matsölustaður. Opið allan daginn – fjöldi tilboða.
- **Móðurást** – Heitt á könnunni og fullt af góðum tilboðum!
- **Gagnvirkni Hamraborg 1** – Færum 8mm kvikmyndafilmur yfir á DVD eða flakkara. Komdu með 3 en borgaðu fyrir 2. Gildir til 15. sept. Gagnvirkni.is
- **Café Dix** – Í tilefni hátíðarinnar býður Café Dix vinsæla Mexíkókjúklingasúpu á 50 % afslætti frá kl. 11-14.
- **Handíðir** – Ull til þæfingar, prjónaband, textíllitir og námskeið. Lítið inn - kynnið ykkur þæfingu og þæfið lítil hjörtu.
- **Fancy Pants Global (FPG) Hamraborg 12. 4. hæð** – Kaka í boði og prufun á óútkomnum snjallsímaleik milli kl. 14 og 17.
- **Tannlæknastofan Brostu**
- **Rauðakrosshúsið** – Opið hús kl. 13-16. Kynning á starfi Kópavogsdeildar, sölubás og heitt á könnunni.
- **Sjúkraþjálfun Kópavogs** – Kynning á starfsemi frá kl. 11.
- **Íþrótta- og tómstundafélög** – Kynningar á vetrarstarfi, sýningar og sprell.

- **Beint úr skotti** – Áhugasamir selja notað og nýtt beint úr skottinu á bílunum sínum.
- **Útimarkaður í Hamraborginni** – Handverk, sultur, skart, grænmeti og margt fleira verður til sölu í sölutjöldum.

**Menningarstofnanir**

- **Náttúrufræðistofa Kópavogs.** Opið kl. 13-17
Í anddyrinu stendur yfir sýningin „Holað í steininn“ en þar eru til sýnis verk eftir alþýðulistamanninn Hauk Einarsson.
- **Gerðarsafn.** Opið kl. 11-17
Leiðsögn um sumarsýningar Gerðarsafns kl. 15.
Góðar veitingar í kaffistofu.
- **Tónlistarsafn Íslands.** Opið kl. 13-17
Kynnist höfundi þjóðsöngsins!
Leiðsögn um sýninguna um Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Heimildarmynd um Sveinbjörn verður sýnd kl. 13 og mynd um ævi Sigfúsar Halldórssonar kl. 15. Aðgangur ókeypis.
- **Bókasafn Kópavogs.** Opið kl. 13-17
Fjölskyldan saman – Bókasafnið á 3 hæðum. Ný listsýning á 1. hæð: Gréta Pálsdóttir. DVD, CD og bækur. Listir, sport, krimmar og ástir, matur og börn. Kaffi á könnunni.
- **Salurinn.** Opið hús í Salnum kl. 13-15
Lifandi tónlist í forsal þar sem sýnishorn af dagskrá vetrarins verður flutt. Björn Thoroddsen, Jón Rafnsson, Hreindís Ylfa, Jana María, Ívar Helgason, Jónas Ingimundarson, Hera Björk ofl.
- **Bílasýning á Molaplaninu**
Vistvænir bílar frá Toyota og fornbílar frá Fornbílaklúbbi Íslands.

Hittumst, gleðjumst og kynnumst hjarta Kópavogs

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Leyndarmálið er einfalt

**My Secret-drykkirnir sem innihalda kraftaverkajurtina engifer hafa slegið í gegn. Þeir eru nú orðnir fimm talsins og er von á nýjum sportdrykkjum innan tíðar.**

„Við erum stöðugt að þróa og bæta nýjungum við vöruúrvalið okkar en nú eru á markaði fimm My Secret-drykkir sem allir njóta mikilla vinsælda,“ segir Anna María Jónsdóttir, verkefnisstjóri Engifers ehf. sem framleiðir drykkina. „Drykkirnir innihalda allir kraftaverkajurtina engifer en það hefur verið notað sem krydd og lækningajurt í þúsundir ára einkum í austurlenskum náttúrulækningum. Ég vil þó taka það fram að engifer er ekki á nokkurn hátt ætlað að koma í stað ráðgjafar fólks í heilbrigðisgeiranum og að fólk ætti í öllum tilfellum að ráðfæra sig við lækni áður en það hefur neyslu náttúrulegra bætiefna,“ segir Anna. Hún segir þó að margir sem hafi þjáðst af verkjum, bólgum, gigt, meltingartruflunum og orkuleysi hafi fundið verulegan mun á sér við neyslu engiferdrykkjanna. „ Það er yndislegt að heyra þessar reynslusögur frá fólki á öllum aldri sem hefur drukkið My Secret-drykkina að staðaldri.

## Eitthvað fyrir alla – fyrir öll tækifæri

Nú eru tvö ár síðan fyrsti My Secret-drykkurinn kom á markaðinn og hefur þeim fjölgað í fimm. „Sá guli er sterkastur og bæði hressandi og kröftugur. Það er minna magn af engifer í þeim rauða, svo við tölum um að hann sé léttari og því góður á milli mála og fyrir þá sem þola ekki eins sterkt engifer. Sá græni inniheldur einnig minna af engifer en sá guli en er með Cayenne pipar og Lemon Balm sem er algjört dúndur og því tilvalinn í ræktina. Cayenne pipar er mjög kröftugt krydd og oft kallað kraftaverkakryddið en það getur haft áhrif á fitubrennslu líkamans, dregið úr matarlyst, reynst gott við ýmsum magakvillum ásamt því að auka blóðflæðið. Piparinn er kröftugur við ristilhreinsun auk þess að vera rík uppspretta A- og C-vítamíns. Lemon Balm er hins vegar róandi.

Blái drykkurinn er með bláberjum og turmerik og hann er mildastur. Fimmti drykkurinn, Beat The Body With Goji, er mjög öflug fimm daga hreinsun en í drykknum er engifer, Gojiber, rauðrófur og Cayenne pipar. Við leggjum áherslu á að vinna drykkina eingöngu úr náttúrulegum hráefnum og þeir innihalda engin gervi-, litar- eða rotvarnarefni. Þá leggjum við áherslu á að nota vistvæna orkugjafa í framleiðsluna og nýtum til hennar jarðgufuna í Hveragerði,“ segir Anna og ítrekar að My Secret-drykkirnir séu ekki venjulegir svaladrykkir. „Við erum hins vegar að þróa og setjum bráðlega á markað gæðasportdrykki sem við leggjum mikinn metnað í.“

## Í úrslit í samkeppni drykkjarvöruframleiðenda

Anna segir að fyrirtækið fái mikið af fyrirspurnum erlendis um My Secret-drykkina og að heimasíðan sé bæði á ensku og dönsku. „Við höfum sent drykki til fjölmargra landa og það hefur skilað sér í því að nú erum við komin í úrslit í árlegri samkeppni drykkjarvöruframleiðenda, Water Innovation Awards, sem er gríðarlega mikil viðurkenning. Við kepptum í fjórum flokkum af þrettán og erum í úrslitum í þremur flokkum en úrslitin fara fram í Rio de Janeiro í Brasilíu. Upphaflega tóku 80 drykkjarvöruframleiðendur þátt svo við erum mjög sátt við árangurinn.“ Hún ítrekar í framhaldinu sérstöðu My Secret-drykkjanna. „Þeir eru fyrst og fremst hugsaðir sem fyrirbyggjandi og heilsubætandi drykkir og með kröftugri virkni sem geta verið hjálp við ýmsum kvillum sem fólk glímir við og engifer er meðal annars talið hafa góð áhrif á. Drykkirnir eru hins vegar ekki gerðir úr engifer eingöngu heldur eftir ákveðnu ferli, þar sem hlutföll engifers á móti öðrum náttúrulegum efnum í drykknum og meðhöndlun þeirra skiptir máli því efnin virka saman og hafa áhrif hvert á annað.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar, www.mysecret.is.“



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




## RAUÐUR AADA

Léttur aada er sá klassíski. Þessi aada er orðinn vel þekktur fyrir virkni sína. Sýnt hefur verið fram á að engifer er áhrifaríkt gegn einkennum morgunógleði, bílveiki og flökurleika. Auk þess hjálpar engifer við að brjóta niður eggjahvítu og fituríka fæðu, sem styður meltinguna. Ennfremur er engifer talið mjög fyrirbyggjandi.

*Inniheldur 6,5% engifer. Tilvalinn í bílinn eða í vinnuna*




## GRÆNN AADA

Cayenne er mjög kröftugt krydd og oft kallað kraftaverka kryddið. Cayenne getur haft áhrif á fitubrennslu líkamans, dregið úr matarlyst, reynst góð við ýmsum magakvillum ásamt því að auka blóðflæðið. Þá er hann kröftugur við ristilhreinsun. Cyanne er rík uppspretta A og C vítamíns. Lemon balm virkar róandi á magann og er mikið notað við magakveisum tengdum kvíða, stressi og ógleði. Einnig er það sagt róa öran hjartslátt í tengslum við streitu. Í Lemon balm er vírusdrepandi efni sem meðal annars er sagt virka vel gegn frunsum.

*Inniheldur 6,5% engifer. Frábær til að taka með sér í ræktina*



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 2. september 2011



## INGIBJÖRG GRÉTA GÍSLADÓTTIR

### Viss um að hönnun breyti heiminum

- Guðmundur Jör og Mundi hanna fyrir leikhús
- Á rúmstokknum
- 90'S TÍSKAN


EKTA SKÓLAVÉL

ALLT AÐ 4 TÍMAR Á RAFHLÖÐU

AÐEINS 2,6 KÍLÓ

Asus K53E-SX213V

- Intel Pentium B940 Dualcore örgjörvi
- 4GB DDR3 minni - stækkanlegt í 8GB
- 320GB SATA harður diskur
- Intel HD skjákort allt að 1720MB
- IceCool kælitækni
- Windows7 Home Premium 64-Bit stýrikerfi

TILBOÐ

Kr. 84.950

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í DAG OG YFIR HELGINA

GRÍPTU GÆSINA!

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

✻ Buslað í rigningu

**KERTALJÓS** Með lækkandi sól er klassískt að draga fram alla kertastjaka heimilisins og lífga upp á skammdegið. Það er gott ráð að kaupa kerti í ÖLLUM REGNBOGANS litum og gefa þannig gömlum kertastjökum nýjan og hressandi blæ.



## blogg vikunnar

### Dillað og dansað



Þeim sem vilja sletta úr klaufunum og dansa inn í haustið er bent á að leggja leið sína á Nasa á laugardagskvöldið. Þar heldur útvarpsþátturinn Party Zone dansveislu þar sem þýski plötusnúðurinn Henrik Schwartz er heiðursgestur. Íslensku plötusnúðarnir DJ Margeir og Benzol koma einnig fram ásamt Sean Danke.

### Eitthvað fyrir augað

Ljósmyndarinn Sigríður Ólafsdóttir, betur þekkt sem Sissa, opnar ljósmyndasýningu á Kex Hostel á laugardaginn. Sýningin ber heitið Honesty og er einlæg, djörf og beint frá hjartanu en viðfangsefnið er meðvirkni í ólíkum myndum. Tónverk eftir tónlistarmanninn Bigga Bix er spilað undir sem hluti af sýningunni. Hressandi viðkomustaður á laugardagsrúntinum. - áp



Fatahönnuðirnir Mundi og Guðmundur Jörundsson í leikhúsið:

# SPENNANDI REYNSLA

Fatahönnuðirnir Guðmundur Jörundsson og Mundi stíga sín fyrstu skref í leikhúsunum á næsta ári þegar þeir hanna búninga fyrir sitthvort leikritið í Borgarleikhúsinu.

Mundi ætlar að sjá um að klæða Vesturportsleikhópinn í leikritinu um Axlar-Björn og er strax byrjaður að brjóta heilann yfir búningavali.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á Axlar-Birni, sem var einn skæðasti fjöldamorðingi Íslandssögunnar og hefur gleymst gegnum tíðina. Ég var því ekki í vafa þegar Vesturport hafði samband,“ segir Mundi, sem er nú þegar byrjaður að funda með leikhópnum og vinna í persónusköpun. „Þetta er allt annað en að hanna sína eigin fatalínu og þetta verður engin Munda-tískusýning á sviðinu.“

Guðmundur, eða Gummi eins og hann er kallaður, sér um búningahönnun í leikriti Jóns Atla Jónassonar, Nóttin nærist á deginum. Það var Jón Atli sem hafði samband við Gumma, sem þótti þetta strax spennandi verkefni að takast á við. „Ég varð strax heillaður af verkinu. Það er spennandi að prófa leikhúsið og fín reynsla fyrir mig,“ segir Gummi og bætir við að þetta verði einnig krefjandi. „Verkið er frekar dimmt og drungalegt nútímaleikrit. Það þarf að passa að búningarnir taki ekki of mikla athygli á sviðinu en ég hlakka til að hefja ferlið með leikhópnum.“



**Fatahönnuðir í leikhúsið** Fatahönnuðirnir Guðmundur Jörundsson og Mundi stíga báðir sín fyrstu skref í leikhúsunum á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Báðir hafa þeir Mundi og Gummi vakið athygli fyrir hönnun sína en þeir eru um þessar mundir að vinna í sumarlínum næsta árs. Gummi hannar herrafatalínu fyrir Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar ásamt því að hanna herrafatnað fyrir verslunina GK. Mundi er á fullu að vinna í sumarlínu sinni, sem hann stefnir á að frumsýna innan skamms.

alfrun@frettabladid.is


SALON REYKJAVÍK

Hvet þig til að koma og prufa **NATURA KERATIN** kraftaverkameðferð sem virka!

*Haft eftir viðskiptavinum okkar:*

*Vilborg: Ég vaknaði á venjulegum tíma dreif mig í sturtu, eftir hana eyddi ég 5 mínútum í hárið, ég vissi ekki hvað ég átti að gera við næstu 45 mínúturnar sem ég yfirleitt eyddi í hárið á morgnanna!*

*Guðlaug: Besta fjárfestingin sem ég hef gert hvað varðar hár mitt!*





BYLTINGAKENND MEÐFERÐ ÞAR SEM KERATIN OG ALOE BARBADENSIS ER NOTUÐ TIL AÐ INNSIGLA HÁRIÐ. MÖGNUÐ MEÐFERÐ SEM GERIR HÁRIÐ MJÚKT, SLÉTTARI, HEILBRIGT OG GLANSANDI. ÞESSI MEÐFERÐ VIRKAR EINS OG KRAFTAVERK Á ÞURRT, ÚFIÐ, VIÐKVÆMT OG BROTTHÆTT HÁR. BESTI KOSTURINN FYRIR LITAÐ HÁR, HÁR MEÐ STRÍPUM EÐA SKEMMT HÁR.

**SALON REYKJAVÍK** GRANDAGARÐUR 5
101 REYKJAVÍK SÍMI: **56 85 305**


Ævisaga Carine Roitfeld

# Bók fyrir tískuljón

Fyrrverandi ritstjóri franska Vogue, Carine Roitfeld, gefur út ævisögu sína, Irreverent, 18. október næstkomandi. Bókarinnar er beðið með mikilli eftirvæntingu tískuspekúlanta enda Roitfeld áhrifamanneskja í tískuheiminum og þykir luma á nokkrum skemmtilegum sögum þaðan.

Bókin er tæpar 400 blaðsíður og inniheldur fullt af myndum úr einkaalbúmi Roitfeld. Einnig eru bréf og sögur frá frægum hönnuðum á borð við Alexander McQueen, John Galliano og Tom Ford í bókinni.



**Umdeild** Í sinni tíð sem ritstjóri Vogue fór Carine Roitfeld oft yfir strikið og var umdeild.




Roitfeld segist sjálf ekki skilja þessa eftirvæntingu en nýtur þess að vera í sviðsljósinu. „Ég er hvorki listamaður né rithöfundur. Ég stílisera myndatökur. Það er ekkert sérstakt við mig en kannski er ég á réttum stað á réttum tíma. Eftir að ég hætti hjá Vogue er ég að drukkna í alls konar tilboðum.“ - áp

## ✻ augnablikið



**KONA Í RAUÐU** Lady Gaga vantar ekki hugmyndaflugið þegar kemur að því að velja sér klæðnað. Hér er hún rauðklædd frá toppi til táar í fyrirpartíi MTV Video Music Awards. Takið eftir háu sólunum á skónum hennar. NORDICPHOTO/GETTY


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Í DAG OG Á MORGUN
LAUGARDAG
ALLT AÐ
FIMMTÍU
PRÓSENTA
AFSLÁTTUR
AF SÝNINGARVÖRUM
epal
Hans J. Wegner
Borge Mogenssen
Arne Jacobsen
Erik Magnussen
Philippe Starck
ofl.
Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is






Vagabond, fást í Kaupfélaginu

TÍSKA TÍUNDA ÁRATUGARINS SNÚIN AFTUR:

# GAMALT OG GOTT



Heklaður toppur frá Top Shop

Tískustraumar tíunda áratugarins hafa sótt í sig veðrið undanfarin ár og má nú finna slíkan fatnað víða. Grunge-ið kom aftur fram á sjónarsviðið fyrir nokkru síðan og nú hafa buxnakjólar, blómamynstur og Dr. Martens-skór fylgt í kjölfarið. Grunge-tískan var tengd tónlistarstefnu að sama nafni og kom fyrst fram á sjónarsviðið á fyrri hluta tíunda áratugarins. Líkt og tónlistin var grunge-tískan eins konar andsvar við tískustraumum og stefnum þess tíma. Ógreitt hár, rifnar gallabuxur, köflóttar skyrtur, lagskipting og strigaskór voru í miklu uppáhaldi meðal þeirra sem fylgdu straumum grunge-ins. Stefnan festi sig þó í sessi og árið 1993 hannaði Marc Jacobs sumarlínu fyrir Perry Ellis í anda grunge-ins. Jacobs var þó rekinn stuttu síðar.

Í sjónvarpsþáttunum Beverly Hills 90210 má sjá annars konar tískustrauma, blómakjóla, smekkbuxur, stutt pils og hvíta sokka við ökklaskó. Ljósu gallabuxurnar tröllriðu öllu og stuttermabolir eða magabolir sömuleiðis.

- sm



**Hvítklædd söngkona** Írska söngkonan Sinéad O'Connor var ein af fyrirmyndum ungu kynslóðarinnar á tíunda áratugnum. Hér klæðist hún síðkjól og hinum vinsælu Dr. Martens-skóm.
NORDICPHOTOS/GETTY



Síðkjóll frá Spútnik



**Leður og stuttbuxur** Drew Barrymore klæðist gallastuttbuxum, en þær hafa verið mjög í tísku síðustu tvö árin.



**Flott fyrirsæta** Fyrirsætan Kate Moss var að stíga sín fyrstu skref innan tískubransans á þessum tíma.



**Óskabarn tíunda áratugarins** Winona Ryder var óskabarn tíunda áratugarins. Hér sést hún í ljósum gallabuxum og stuttermabol.


OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
BORÐ 34.900.-
STÓLL 9900.-
LÍFRÆNT TE
690.- OG 790.-
STÓLL 8900.-
STÆKKANLEGT HRINGBORÐ 39.900.-
STOFUBORÐ 79.900.-
69.900.-
29.900.-
19.900.-
PAPASAN STÓLL
ÝMSAR GERÐIR AF PÚÐUM
TRÉSTYTTA
4490.-
TRÉSTYTTA
3490.-
KERTI FRÁ
690.-1290.-
SNYRTIBORÐ
69.900.-
SJÓNVARPSSKENKUR
89.900.-
NÁTTBORÐ/HLIÐARBORÐ
34.900.-
279.900.-
BRAUÐKÖRFUR FRÁ 790.-
139.900.-
LITLAR SKÁLAR
SETTIÐ FRÁ 890.-
the PIER
SALATSKÁLAR 2490.-
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880
TAKTU FLEIRI
TILBOÐ
ILMIR
VERÐ 2490.-
TAKTU 2 Á 3580.-
KERTI
VERÐ 129.-
TAKTU 10 Á 890.-
LJÓSASERÍUR
VERÐ 2990.-
TAKTU 2 Á 4990.-
HANDSÁPA
VERÐ 590.-
TAKTU 2 Á 990.-
BAÐSALT
VERÐ 890.-
TAKTU 2 Á 1390.-



**Dreymir um íslenskt tískuhús** Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Runway, trúir því að hönnun breyti heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# BAK VIÐ TJÖLDIN Í TÍSKUHEIMINUM




**Ingibjörg Gréta Gísladóttir vakti athygli fyrir vasklega framgöngu sína með fatahönnunarkeppnina Reykjavík Runway. Ingibjörg hefur komið víða við á lífsleiðinni en hún er menntuð leikkona og viðskiptafræðingur með brennandi áhuga á fótbolta.**

*Mynd:* Anton
*Orð:* Álfrún Pálsdóttir
*Förðun:* Harpa Kára/MAC

Hönnun breytir heiminum," segir Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Runway.

„Ég er þakklát öllum þeim sem komu að þessu verkefni og gerðu það að veruleika með því að vinna með hjartanu," segir Ingibjörg, sem er þessa dagana að gera upp keppnina og sjá hvað má betur fara fyrir næsta ár. Hún er nefnilega hvergi hætt og stefnir á að halda næstu keppni í nóvember 2012. „Ég er ennþá að vinna í þessu en maðurinn minn er reyndar búinn að láta mig vita að hann vilji fara að sjá meira af mér heima fyrir."

*Ég hef tískuna kannski ekki í puttunum, enda ekki hönnuður sjálf en ég nýt hennar fram í fingurgóma."*

## LEIKKONAN SEM LAUG SIG TIL SPÁNAR

Ingibjörg býr í smáíbúðahverfinu ásamt börnum sínum tveimur, manni og hundi. Hún útskrifaðist árið 1991 úr Leiklistarskólanum og vann við leiklistina í nokkur ár eftir útskrift.

„Ég útskrifaðist sem leikkona á síðustu öld en í dag nýt ég leiklistarinnar í stað þess að skapa hana sjálf. Leiklistin er stór partur af mér og mér finnst gott að koma í leikhúsið og verða fyrir áhrifum," segir Ingibjörg og fullyrðir að leikkonudraumurinn sé ennþá til staðar og hún geti hugsað sér að vinna við leiklistina aftur í framtíðinni.

Eftir að hafa lifað í leiklistinni í nokkur ár stóð Ingibjörg á krossgötum, vildi söðla um og sótti um stöðu fararstjóra á Spáni. „Það má eiginlega segja að ég hafi logið mig til Spánar. Ég fékk starfið á þeim forsendum að ég kynni spænsku, sem ég gerði alls ekki. Ég sagði að ég hefði lært spænsku en að ég þyrfti bara að rifja hana upp," segir Ingibjörg og brosir á meðan hún rifjar upp þennan tíma. „Ég hafði engar áhyggjur af því heldur tók ég bara eitt námskeið áður en ég flutti út og treysti á að þetta mundi koma með tímanum. Fyrsta veturinn úti komst ég ansi langt, enda neitaði ég að tala annað en spænsku. "

## HAGSÝNA HÚSMÓÐIRIN

Tíminn á Spáni lengdist í sjö ár og eignaðist hún tvo börn með spænskum barnsföður sínum. Þegar hún loks flutti heim var hún einstæð tveggja barna móðir og þá tók hin hagsýna húsmóðir völdin.

„Ég var ekki tilbúin aftur í harkið sem fylgir leiklistinni, ætlaði nú aldeilis að gera eitthvað meira praktískt og skellti mér í viðskiptafræðinám á Bifröst. Það var frábær tími en ég neita því ekki að hann var líka erfiður, sérstaklega þar sem dóttirin svaf varla heila nótt allan tímann, en þetta tókst nú allt á endanum," segir Ingibjörg, sem sérhæfði sig í nýsköp-

un og frumkvöðlafræði við Háskólann á Bifröst.

„Mér fannst þessi sérhæfing spennandi og með því að sérhæfa mig í þessum fræðum sameinaði ég sköpunarþörfina og framkvæmdagleðina," segir Ingibjörg, en mörgum þótti sérhæfing hennar óhentug og skildu ekki hvernig hún ætti að nýta sér frumkvöðlafræði á vinnumarkaðnum. En nú eru breyttir tímar og segir Ingibjörg að kreppan hafi sem betur fer haft mjög jákvæð áhrif á nýsköpun í landinu.

„Ég man að ég sótti um í banka árið 2006 eftir útskrift, bara vegna þess að leiðir allra lágu þangað. Frumkvöðlafræðingur í bankakerfinu er nú kannski svolítið langsótt. En að lokum leiddi sérhæfingin mig í Hugmyndahús háskólanna, eitt flottasta nýsköpunarverkefni sem komið hefur fram á sjónarsviðið hér á landi."

## REYKJAVÍK RUNWAY

Ingibjörg hefur geysilega trú á íslenskri hönnun og hefur unnið að uppbyggingu fatahönnunar bæði í gegnum Hugmyndahúsið og nú með Reykjavík Runway. Þó að hún sé sjálf engin tískudrós hefur hún gaman af þessum heimi og vill vera bak við tjöldin í tískuheiminum.

„Ég hef tískuna kannski ekki í puttunum, enda ekki hönnuður sjálf, en ég nýt hennar fram í fingurgóma. Ég vil hafa áhrif og þjónusta fatahönnuði og ég nýt þess að fylgjast með tískunni og vinna með fólki sem er skapandi á þeim vettvangi."

Ingibjörg var með vinnusmiðjur fyrir fatahönnuði í Hugmyndahúsinu, sem fékk styrk frá Vinnumálastofnun til að halda því verkefni áfram í sumar. Þegar Hugmyndahúsinu var síðan lokað ákvað hún að tækifærið væri of dýrmætt til að sleppa því. Ingibjörg hélt verkefninu áfram, fékk aðstöðu hjá Listaháskólanum í sumar og bætti fatahönnunarkeppni við. „Þá fór boltinn að rúlla og það má segja að ég hafi verið með keppnina á heilanum síðan. Fatahönnun er í mikilli uppsveiflu í dag og við eigum mikið af efnilegum hönnuðum sem geta náð langt í tískuheiminum."

## ÍÞRÓTTAMANNESKJAN

Þó að Ingibjörg hafi ekki haft mikinn tíma aflögu síðustu mánuði æfði hún markvisst hlaup og hljóp í annað sinn hálft maraþon í Reykjavíkurmaraþoninu. Einnig hefur hún mikinn áhuga á fótbolta, þar sem hún heldur með Barcelona og Víkingi þar sem sonur hennar æfir.

„Ég er engin sérstök íþróttamanneskja en ákvað fyrir nokkrum árum að setja sjálfa mig í fyrsta sæti. Ég hleyp og stunda Glo Motion í Rope Yoga setrinu á hverjum morgni," segir Ingibjörg og og bætir við að með því að setja heilsuna í forgang, finnist henni nást meiri árangur á öllum sviðum.

Ingibjörg ætlar sér að halda ótrauð áfram við að þjónusta íslenska fatahönnuði. Hún er á leið á tískuvikuna í New York nú í september að kynna fatahönnuði og draumurinn er að stofna íslenskt tískuhús í framtíðinni.

„Mitt mottó er að maður á aldrei að reyna eitthvað, heldur einfaldlega bara gera það. Það er allt inni í myndinni og ekkert ómögulegt."

* myndaalbúmið



Fjölskyldan í hjólataxa í London



Á hlaupum



Á þorrablóti á Kanaríeyjum með Auði og Jóhönnu, samstarfskonum mínum.





**Flott** Smith stödd baksviðs á barnum CBGB's árið 1977. Hún hefur alltaf þótt flott tískufyrirmynd.



**Á sviðinu** Patti Smith mynduð á sviði árið 1978.



**Fögur** Patti Smith situr fyrir hjá ljósmyndara í Los Angeles árið 1974.

NORDICPHOTOS/GETTY



**Ávallt töff** Smith í Los Angeles árið 2001. Hún er engu minna flott í dag en hún var fyrir fjörutíu árum.

Fimm hlutir sem þú vissir ekki um Patti Smith:

# AMMA PÖNKSINS

**Patti Smith er ekki síður þekkt sem tískufyrirmynd en tónlistarmaður, en látlaus og tilgerðarlaus fatastíll hennar hefur verið mörgum konum innblástur í gegnum árin. Smith var hluti af pönkhreyfingunni í New York á áttunda áratugnum og er tónlist hennar blanda af rokktónlist og ljóðagerð. Smith hefur gjarnan verið nefnd „amma pönksins“ enda hefur hún enst lengur en margur annar í tónlistarbransanum.**

★ Foreldrar Smith ólu hana upp sem Vott Jehóva og hlaut hún strangt trúarlegt uppeldi. Hún sagði þó skilið við söfnuðinn á unglingsaldri og snerist til búddatrúar.

★ Smith hætti í skóla árið 1964 og hóf störf í verksmiðju nærri heimili sínu. Hún eignaðist dóttur árið 1967 en gaf hana til ættleiðingar.

★ Smith og systir hennar fluttu til Parísar árið 1969 og unnu fyrir sér með því að leika tónlist á götum úti. Þegar Smith sneri aftur til New York flutti hún inn á Chelsea-hótelið, sem hefur verið heimili margra kunnra tónlistarmanna.

★ Smith giftist tónlistarmanninum Fred Smith og göntuðust vinir hennar með það að hún hefði aðeins gifst honum því hann bæri sama eftirnafn og hún. Með Fred, sem lést árið 1994, átti hún tvö börn, Jackson og Jesse, en Jackson er kvæntur Meg White, trommara hljómsveitarinnar The White Stripes.

★ Smith vinnur um þessar mundir að sinni fyrstu glæpasögu. Hún er mikill aðdáandi glæpasagna og voru bækurnar um Sherlock Holmes í miklu uppáhaldi hjá henni er hún var barn.




## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

### Kynlíf foreldra og áhugaleysi

**?** Maki minn hefur næstum því algerlega misst áhugann á kynlífi. Er svona áhugaleysi tímabundið eða varanlegt? Henni þykir líkamsvessi minn tengdur kynlífi ógeðslegur og það hefur aukist með árunum. Er eðlilegt að konum þyki slíkt ógeðslegt? Hvað veldur?

**SVAR:** Það er ómögulegt að segja hvort áhugaleysi makans er varanlegt eða tímabundið þar sem margir þættir geta spilað inn í. Það væri ráðlagt að leita ráðgjafar hjá kynfræðingi sem gæti aðstoðað ykkur við vandann og hvernig mætti leysa úr honum. Sama á við um líkamsvessann, mig grunar að það gæti tengst áhugaleysi makans á kynlífinu. Vessarnir eru hluti af kynlífi og ef henni þykja þeir ógeðfelldir er sennilegt að áhugi hennar til kynlífs minnki. Þetta þarf að skoða nánar með aðstoð kynfræðings.

**?** Er foreldrum óhætt að stunda kynlíf í sama herbergi og ungbarn ef þau deila herberginu? Hvenær fara smábörn að taka eftir slíkri hegðun og muna eftir henni?



**SVAR:** Minnið er flókið fyrirbæri og rannsóknir hafa sýnt að ungbörn muni og geti hermt eftir því sem þau læra nokkrum dögum seinna. Hvað varðar kynlíf, þá er skilningur þeirra á fyrirbærinu oftast ekki til staðar. Þrátt fyrir að barn um eins árs aldur sjái ykkur stunda kynlíf er ólíklegt að það hafi merkingu í huga þess. Hvað ungbarn varðar þá ættu þið ekki að hafa áhyggjur af því að stunda kynlíf með það inni í herberginu. Foreldrahandbækur mæla með að kynlíf sé stundað þegar barnið sefur, svo þið getið notið ykkar áhyggjulaust. Barnið ætti þá að gista í sínu eigin rúmi, bæði ykkar vegna og vegna öryggi barnsins. Hávaði er svo annað. Ef barnið vaknar auðveldlega við læti þarf að taka tillit til þess. Börn þroskast á mismunandi hraða og mörg eru farin að mynda þriggja orða setningar og spyrja spurninga um tveggja ára gömul, en eru farin að veita hlutum athygli mun fyrr. Þetta er því í raun spurning um hvernig þið ætlið að nálgast umræðu um kynferðisleg málefni við barnið ykkar. Ef barnið sér ykkur stunda kynlíf, ætlið þið að útskýra athöfnina sem eðlilega hegðun, eða nálgast þetta með skömm og neita að tala um það? Nú er ég ekki að leggja til að þið stundið kynlíf markvisst fyrir framan barnið, alls ekki, en kynlíf og samfarir eru eðlilegur hluti af lífi fullorðins fólks. Börn vilja fá kynfræðslu frá foreldrum sínum og hún þarf að byrja snemma. Opin umræða um kynferðisleg málefni leiðir af sér jákvæðari sýn á kynlíf og þau börn byrja seinna að stunda kynlíf og nota frekar getnaðarvarnir.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is*

# GOLFÚTSALA

## 10 – 50% AFSLÁTTUR

**Pro Quip regn- og vindfatnaður, notaður af Ryder liði Evrópu**

Jakkar frá aðeins **14.175**
Buxur frá aðeins **11.920**
Vindjakkar og vesti frá **9.520**



**Golfbolir og þunnar Fleece peysur**

**aðeins kr. 3.591**

**Barna- og unglingagolfsett**

í standpoka frá **19.350**
Stakar kylfur frá **3.870**
hanskar, pokar, kerrur
ofl.





**Rafmagnskerrur**

Verð frá **76.410**



**Stakar kylfur**

Járnkylfur frá aðeins **4.320**
Hálfvita (rescue) frá **6.792**
Driverar frá **8.910**
Pútterar frá **4.230**

**Járnasett 10-50% afsláttur**

HI-TEC



**Golfskór**

Verð frá **8.220**
Nike dömuskór **13.230**

BRIDGESTONE · HiPPO · Titleist · PING · NIKEGOLF · PINNACLE · JOHN LETTERS · Lynx GOLFVÖRUR



**Ódýr golfsett**

Heilt sett án poka
**29.664**
Hálft sett án poka
**16.110**



**Þriggja hjóla golfkerrur**
frá **17.910**

**Golfpokar**

Kerrupokar frá **12.320**
Standpokar frá **7.740**
Ferðapokar á hjólum frá **8.910**

**Almennur opnunartími virka daga 11 til 18**

**Golf outlet**

Ármúla 40 · 2. hæð · Sími 553 9800 · www.golfoutlet.is



AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen S: 5125429, gsm 6154349 ivarorn@365.is

Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344 sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms S: 5125432, gsm 6924700 sigridurh@365.is

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* 10 ÁRA 2001-2011 FRÉTTABLAÐIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011






**Átak** Michael Kors og Diane Von Furstenberg vilja ekki nota fyrirsætur sem eru yngri en sextán ára gamlar. Fyrirsætan Hailey Clauson sýndi þó haustlínu Von Furstenberg í vetur, þá aðeins fimmtán ára gömul. NORDICPHOTOS/GETTY

Bandarískir hönnuðir vilja ekki nota barnungar fyrirsætur:

# Krefja fyrirsætur um skilríki

Diane Von Furstenberg, fatahönnuður og formaður Samtaka bandarískra fatahönnuða, hefur hvatt kollega sína til að nota ekki barnungar fyrirsætur í sýningum sínum, en aldurstakmark fyrirsætu er sextán ár. Von Furstenberg notaði þó fyrirsætuna Hailey Clauson þegar haustlína þessa árs var sýnd, en Clauson var aðeins fimmtán ára gömul.

Nú hefur Von Furstenberg gripið til frekari aðgerða og óskar eftir því að fyrirsætur framvísi skilríkjum áður en ráðið er í verkefni. Hún hvetur aðra hönnuði til að fylgja í fótspor hennar. Fatahönnuðurinn Michael Kors tekur undir með Von Furstenberg og segir fyrirsætur gjarnan ljúga til um aldur sinn. „Um leið og ég sagðist ekki ætla að nota fyrirsætur sem væru yngri en sextán ára fóru þær að ljúga til um aldur sinn. Ég fékk stúlku eftir stúlku í viðtal og allar sögðust þær vera frá Austur-Evrópu og sextán ára gamlar. Ég hugsaði með mér: „Er rúta fyrir utan full af sextán ára stúlkum?“ Ég vil síður nota barnungar stúlkur í sýningar því það skiptir engu máli hversu fallegar þær eru á þessum aldri, sannleikurinn er sá að þær hafa ekki upplifað nóg sem hægt er að greina á ljósmynd. Þær eru sviplaus fegurð,“ sagði Kors í viðtali við Interwiev. **- sm**


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir



NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is




**Áhrifafólkið** Þær Grace Goddington, Anna Wintour og Virginia Smith verða á sínum stað á fremsta bekk á tískusýningum um allan heim í september. NORDICPHOTOS/GETTY

Tískuvikurnar raðast upp

# Mánuður tískunnar

Nú er genginn í garð sá mánuður sem fær tískuunnendur til að iða í skinninu. Í septembermánuði raðast stærstu tískuvikurnar í heimi hver á eftir annarri en það er New York sem ríður á vaðið strax í næstu viku.

Innkaupafólk, fyrirsætur og fjölmiðlafólk, svo ekki sé minnst á bloggara, verða því á ferðinni þennan mánuðinn og gefa hinum almenna lesanda sumartískuna 2012 beint í æð gegnum Twitter og aðra samskiptavefi. Í lok þessa mánaðar verður því ljóst hvort tískan tekur óvænta stefnu á næsta ári eða heldur áfram á svipaðri braut. ***- áp***

**Tískudagatal**

**New York** 8.-15. september

**London** 16.-22. september

**Míláno** 21.-27. september

**París** 27. september-5. október


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir


Flottar buxur fyrir haustið,
koma í fjórum litum
Bolur: 7.990 kr.
HAUST 2011
NÝJAR VÖRUR KOMNAR
galleri sautján
Kringlunni | Smáralind
Kíkið á okkur á ntc.is eða á facebook



# YFIRHEYRSLAN

**María Lilja Þrastardóttir, femínisti og háskólanemi**



**Háir hælar eða flatbotna skór?** Háir hælar, því þannig er ég nær guði.



**Ómissandi í snyrtibudduna?** Nú, það er að sjálfsögðu varalitur, en mikið væri gaman að vera spurður að einhverju öðru en hvað leynist í snyrtibuddunni minni.

**Uppáhaldslitur?** Karrígulur, túrkísblár og pastellitir.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Áskrift að Skjá Einum, djók.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Ég vildi að ég ætti flugvél og pumpuorgel.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Jukebox Babe, alltaf.

**Uppáhaldshönnuðurinn?** Katrín Anna Guðmundsdóttir, jafnréttishönnuður.

**Uppáhaldsdrykkur?** Freyðivín og mjólk.







Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með

# Kröftugt og hitandi

## Engifer er talið hafa margvíslega góða eiginleika

Engifer hefur verið notað í austurlenskum náttúrulækningum í margar aldir, meðal annars til þess að örva meltingu og til að lækna magakveisur, vindverki og vindgang, meltingartruflanir og krampa. Einnig hefur engifer verið notað til þess að lina bólgu og gigtarverki, slá á hálsbólgu og hósta og önnur einkenni kvefs, lina höfuðverk, þar á meðal mígreni, hreinsa líkamann og meðhöndla nýrnakvilla ásamt ótal fleiru. Sé engifer sett á stirða vöðva eða liði getur það linað sársaukann.

Þegar jurt hefur þau áhrif að efnaskiptin í líkamanum verða hraðari er talað um að hún sé hitandi eða orkumikil. Engiferrótin hefur þessa eiginleika. Hún örvar trega blóðrás, meðal annars til höfuðs, útlima og innri líffæra. Engifer örvar sem sagt blóðflæði, sogæða- og taugakerfi og örvar lungnastarfsemi. Engifer spornar við slæmri meltingu, kuldatilfinningu og slímmyndun. Það færir orku innra með líkamanum upp á yfirborðið, opnar svitaholur og líkaminn myndar svita og hreinsar sig þannig. Engifer virkar örvandi á meltinguna því að það sefar meltingarveginn og dregur úr krömpum og truflun á meltingu. Engiferrótin örvar einnig hringrás vökva í líkamanum og er sérstaklega hjálpleg við kvefi og inflúensu.





### STERKUR AADA

Hefur gert frábæra hluti fyrir hundruð Íslendinga. Hann hefur samkvæmt reynslusögum viðskiptavina okkar hjálpað til við meltinguna, magasýrur, sogæðakerfið, bólgur, gigt, sykurfíkn, grunnbrennslu líkamans og fleira. Engifer inniheldur yfir 100 efnasambönd, 12 andoxunarefni og 17 efni sem þekkt eru fyrir sótthreinsandi eiginleika. Engifer getur kallað fram heilbrigðan svita sem er mikilvæg líkamsstarfssemi sem afeitrar ekki bara líkamann heldur flytur bakteríuvaldandi efni út á yfirborð húðarinnar.

*Inniheldur 10% engifer. Hressandi drykkur sem getur gefið mikla orku*






### BLÁR AADA

Bláber innihalda mikið magn af andoxunarefnum. Þau eru holl fyrir hjartað því þau vinna á slæma kólesterólinu og eru holl meltingunni þar sem þau verka bæði á niðurgang og harðlífi. Þau eru þekkt fyrir bólgueyðandi eiginleika sína samkvæmt rannsóknum úr háskólum erlendis og talin hafa góð áhrif á ýmsar tegundir af gigt. Túrmerik hefur verið notað við magaóþægindum og er náttúrulegur hreinsir fyrir lifrina. Turmeric er ríkt af andoxunarefnum og E vítamíni

*Inniheldur 6,5 % engifer. Prófaðu og finndu virknina*




### BEAT THE BODY WITH GOJI

**Öll efnin í drykknum hafa hreinsandi eiginleika á mismunandi hluta líkamans. Þannig eru rauðrófur þekktar fyrir hreinsandi áhrif sín á blóð, ristil og meltinguna, goji-ber eru sögð draga úr matarlyst, vera bólgueyðandi, hjálpa lifur við hreinsun og hafa góð áhrif á blóðþrýsting og hjarta. Bláberin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt líkt og goji-berin, en cayenne-piparinn er talinn auka fitubrennslu ásamt mörgum öðrum eiginleikum.**

**Gegn framvísun þessa miða 2 FYRIR 1 AF GOJI DRYKK Á DIGRANESVEGI 10**



**Sýnir á LÓKAL** Þremur útskriftarnemum úr Fræði og framkvæmd hefur verið boðið að sýna verk sín á leiklistarhátíðinni LÓKAL um helgina. Þeirra á meðal er Ragnheiður Harpa Leifsdóttir sem sýnir verkið Dagskrá um eldingar í Norðurpólnum í kvöld klukkan 18.






Flóamarkaður verður haldinn á Eiðistorgi á morgun frá 11 til 17.

# Gullmolar til sölu

**Flómarkaður verður haldinn á Eiðistorgi á morgun frá klukkan 11 til 17. Öllum er frjálst að kaupa og selja enda söluplássið ókeypis.**

Flóa- og kompumarkaðir hafa átt auknu fylgi að fagna undanfarin ár. Flóamarkaðurinn á Eiðistorgi hefur verið haldinn þrisvar sinnum síðastliðinn vetur og vor og eftir sumarfrí er nú blásið til leiks á ný. Á morgun geta allir sem vilja komið með kompudótið sitt, föt og annað og boðið það falt gestum og gangandi.

Anna Þóra Björnsdóttir setti upp bás á markaðnum fyrstu helgina í júní ásamt tveimur vinkonum sínum. „Við vorum að selja gömul föt og ýmislegt dót, fullt af kiljum sem voru mjög vinsælar og jafnvel gamlar myndavélar,“ segir Anna Þóra. Algengasta verðið á markaðnum segir hún vera frá 500 til 1.500 krónur enda séu fæstir að leita eftir dýrum munum. Þær vinkonur græddu samt vel. „Við vorum þrjár saman og seldum fyrir áttatíu þúsund krónur,“ upplýsir hún og segir fólk óhrætt við að prútta sem geri stemninguna skemmtilega. „Svo getur maður fundið alls konar gullmola þarna,“ segir hún glettin.

Markaðurinn verður opinn frá 11 til 17. Ekki er tekið gjald fyrir plássið heldur getur fólk sett upp bása endurgjaldslaust meðan húsrúm leyfir. Tekið skal fram að fólk verður að koma með eigið borð. Ef vel tekst til er líklegt að markaðurinn verði haldinn fyrsta laugardag í mánuði fram að jólum.



Bílarnir sem komust í úrslit í vali á bíl ársins 2012.

## Bíll ársins valinn í dag

TILKYNNT VERÐUR UM VAL Á BÍL ÁRSINS 2012 Í DAG. NÍU BÍLAR KOMUST Í ÚRSLIT EN VEITT ERU VERÐLAUN FYRIR SIGURVEGARA Í ÞREMUR FLOKKUM.

Vegna hruns í bílasölu í kjölfar efnahagshrunsins hefur ekki verið valinn bíll ársins á Íslandi síðustu þrjú ár. Nú verður gerð bragarbót þar á og í dag verður tilkynnt um bíl ársins 2012. Fyrir valinu stendur Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB).

Bílunum er skipt í þrjá flokka. Níu bílar komust í úrslit. Í flokki minni fólksbíla eru það Ford Fiesta, Ford Focus og Audi A1. Í flokki stærri fólksbíla eru BMW 520, Volvo S60 og Kia Sportage. Í flokki hybrid- og metanbíla eru það Lexus CT 200, Volkswagen Passat og Toyota Auris.

Dómnefndin tekur tillit til útlits og hönnunar bílanna, aksturseiginleika, afkastagetu, eldsneytisnotkunar og visthæfi, öryggisbúnaðar og endursöluvirðis svo ýmislegt sé nefnt. Veittur verður verðlaunaskjöldur fyrir sigurvegara í hverjum flokki en stigahæsti bíllinn í heildina hlýtur Stálstýrið og sæmdarheitið Bíll ársins 2012. Nánari upplýsingar eru á www.billarsins.is.












TOYOTA
Reykjanesbæ



**Ford Transit með krana!!!!**
Til sölu Frod Transit 125-350 diesel árg. 2002 ekinn ca 140 þ km 5 gíra skoðaður 2012 er á tvöföldu að aftan, bíll mikið endurnýjaður s.s. turbína, vél, kúpling, spíssar, olíuverk og .fl á pallinum er áfastur Hiab krani, bíll í góðu standi verð 1290 þús, án vsk. Uppl. s. 420 6600

**Toyota Reykjanesbæ**
**Njarðarbraut 19, 260**
**Reykjanesbær**
**Sími: 420 6600**

100bilar.is bílasala




VW Touareg 2 V6, árg. 2008, ek. 52þ.km, 281hö, bensín, leður, lúga, rafmagns hleri, 19" felgur og góð heilsársdekk, Sparneytinn bíll sem lítur mjög vel út, Ásett verð aðeins 5990þús. kr, er í salnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Toyota Corolla Verso Árg.'07 1,8 Ssk. 7 manna. Verð 1.7 millj. Uppl. í s. 693 2991.



Toyota Rav4 ár 2002 ekinn aðeins 33.500 km er í góðu lagi en útlitsgallar, upplýsingar á bilauppbod.is



**Rúmgóður fjölskyldu bíll**
Mazda 6 wagon 5/2004. Ek. 99 þús. Ssk, filmur, dráttarkúla og vel útbúinn. Þjónustu og smurbók. Verð 1.350 þús. S: 896 1683



Sparibaukur til sölu. Renault Megane Coupe '99 ekin 110 þ.km. Þarfnast smá aðhlyningar fyrir skoðun. Verð 250.000,- Frekari uppl. í síma 695 9588



Land Cruiser 100 '02, diesel, 7 manna, ssk., ek. 260 þús. V. 3690 þús. Ákv. 1 mil. S: 692 7596.



Toyota Avensis Wagon árg 2004'sjálfsk sk 2012 ásett verð1590 tilboð 1290 uppl 899 4984.



BMW 318 sjáfssk. árg. '01 ek. 200þús. Ný yfirfarin. Verð 850þús. Uppl. s. 693 2991



Toyota Avencis '03. beinsk. nýsk. V. 950 þ. uppl. 893 2131

## 0-250 þús.

Ford Fiesta ág, 04.Ek, 108þ km. Í mjög góðu lagi. auka dekk fylgja V.650,000-. Uppl. s;6901353

## 250-499 þús.

Til sölu Skoda Oktavia árg '00. Ek. 167þús. Uppl í síma 865 9637.

## 1-2 milljónir



Toyota Yaris Sol '06 Ek 43þ. Beinskiptur, sparneytinn, nýskoðaður og ný heilsársdekk. Toppeintak! Verð 1.550 6912755

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bílinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Vantar góðan bíl á 100 - 200 þús staðgr. Verður að vera skoðaður 2012. GSM 8997751.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Til sölu Yamaha WR 450R árg 2009 ekið 75km Nýtt hjól.Götu skráð. S: 898 2811.

## Fjórhjól



Can Am outlander max xt 400 Álfelgur, spil. Handahlífar, dess þjófavörn. Gott í leik og vinnu. Verð 2.490.000.- Upplýsingar í Ellingsen 820-1418 & 840-1757 www.ellingsen.is



til sölu Arctic Cat 500 fjórhjól, hátt og lágt drif, driflæsing. árgerð 2010, ekið 400 km. ýmis skipti skoðuð. Tilboð 1750 þús. Upplýsingar í síma 897 5599

## Vélsleðar



Arctic Cat M8 Sno Pro árg 2007 ekinn 1800. Sem nýr einn með Öllu. S: 898 2811.

## Kerrur




Daxara kerrur. Eigum nokkar notaðar kerrur til sölu Bæði 218 „205x132x45" og 168 „154x114x40" Verð 199.000.- Fyrstur kemur fyrstur fær ! Uppýsingar veita sölumenn Ellingsen 8201418 & 8401757 www.ellingsen.is




Vinsælu netakerrurnar komnar aftur á frábæru verði, stutt kr 179,999 löng kr 229,999 Hagkaup, sími 563-5000.

Kerra til sölu. S. 554 0942

## Hjólhýsi



Einstakur tabbert 86, gagnheill viður, hiti í gólfi, sófasett, of dyrt ad segja allt, isabella fortjald, verd 1100 þús stg. Toyota selfossi 480 8000

## Tjaldvagnar



Til sölu Combi Camp tjaldvagnar 2007, fortjald fylgir. Verð 590-630 þús. Uppl. í s. 848 1488.

## Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum að byrja rífa Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

## Bílaþjónusta



INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Hreingerningaþjónusta S:770-4630 Flutningsþrif, teppa og steinteppahreinsun ásamt bónvinnu ofl.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Vanir Málarar, múrarar og flísarar geta bætt við sig verkefnum. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Uppl. s. 774 5775.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Garðyrkja







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

## Til sölu

**HRIKALEGA FLOTTUR BÍLL, AÐEINS ÖRFÁIR TIL Á LANDINU.**



**AUDI RS4 quattro 420 hestöfl Árg. 2007, ek. 49 Þ.KM, 6 gírar.topplúga, cd. magasín, bose hljóðkerfi, bluetooth, bakkskynjarar, 19" álfelgur, leðursæti, ný heilsársdekk. Verð 8.500.000.**

HEIMS BÍLAR Klettháls 2 • 110 Reykjavík • 567 4000

**Bílahöllin Bíldshöfði 5, 112 RVK - Sími 567 4949**



**Bakus GKT400L Buggy 6/2008**
**Ásett verð 690.000.- vill skipta á dýrara 2 manna götuskráðu fjórhjóli eða 4x4 Buggy.**

## Til sölu

**Úrval brettatjakka**



Eigum á lager Toyota / BT brettatjakka á einföldum og tvöföldum gaffalhjólum

Tökum notaða brettatjakka upp í

TOYOTA BT
KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3500 / www.kraftvelar.is




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.




**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

PERFECT MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS!!!! 659 62 69

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Magic Hands, whole body massage. S. 849 5247.

**THE NEW!**
Whole Body Massage in Reykjavik. Any Time 696 4713

## Spádómar




## Rafvirkjun

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Kósýkvöld í rökkrinu**
Saltkristalslampar, selenite lampar, náttúruleg ilmkerti. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata) Opið mán-fös 12-18 Verið velkomin! ditto.is

Borðstofuborð og 4 stólir. V. 65.000 þ. S. 893 9340

Ísskápar á 20 - 30 þ. Þvottavélar á 20 - 30 þ. Þurrkarar á 20 - 30 þ. Eldavél 60 cm á 25. þ. Gasgrill á 10 þ. Uppþvottavélar á 20 þ. Borðuppþvottavél á 25 þ. Video á 5 þ. S. 896 8568

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
**-**
**JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Verslun




Dúndur útsala á fatnaði. Jakki 6.000 kr. Topreiter Ögurhvarf 2, Kópavogi. S. 565 5151.




## Fyrirtæki

www.hobbystore.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Ýmislegt



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893 3503 eða 845 8588.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríar prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Heilsunudd. Thailenskt heilsunudd. Joom nuddari Heilsustöðin Rósin Bolholti 4. Pantanir sími 892 3899.

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**



Hreinræktaðir Am. Cocker spaniel hvolpar til sölu, tilbúnir til afhendingar, með ættbók og örmerktir. Yndislegir fjölskylduhundar, sem fara ekki úr hárum. Frekari uppl. í 892 3502 Inga

Minisnauser rakkar til sölu,afhendast ættbókarfærðir og örmerktir eftir 10.sept Upplýsingar í síma 822 1919 og 822 1920

Chihuahua hvolpar til sölu. 2 síðhærðir rakkar. Ættbók frá HRFÍ. Uppl. 823-8833

## Húsgögn

Ný rúmdýna 90x200, úr Marco, til sölu á hálfvirði. Uppl. í síma 699 2901.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir




## Húsnæði í boði

**Gistiheimili**
**-**
**Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

30 fm íbúð í Vesturbæ, til leigu frá 3. sept. S. 615 3184

Skólafólk ódýrt húsnæði fyrir veturinn. Strætó leiðir í allar áttir. Vatn, hiti, rafmagn innifalið. Skammtíma- eða langtímaleiga. S. 821 4848 eða 578 4848

## Húsnæði óskast

Vantar 2ja herbergja íbúð til leigu helst miðsvæðis. Skilvísar greiðslur Upplýsingar í síma 8665788

## Sumarbústaðir




## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
fyrir ýmsar gerðir og stærðir tjaldvagna, felli- og hjólhýsa. Öruggt og gott húsnæði. Uppl. í síma 849 7889.

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. bátar o.fl. upphitað, gott verð S: 612 6130 email: solbakki.311@gmail.com

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
UPPHITAÐ, þurrt, hreint og lyktarlaust. Verð og myndir á Facebook: Húsvagnageymslan Eyrarbakka S: 564-6501

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Vetrargeymsla á farartækjum og eftirvögnum í upphituðu húsnæði með sólarhrings öryggis- og brunakerfisvakt. Upl. 868 9087 og husbilageymsla@gmail.com (einnig á Facebook: Húsbílageymsla)

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði, Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði, Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Hótel í 101 RVK óskar eftir duglegum einstaklingum í þrif, bæði í hlutastarf og í fullt starf, unnið er fyrri part dags, virka daga og um helgar. Umsóknir sendist á housekeepingrvk@yahoo.com

CenterHotels /Miðbæjarhótel ehf óska eftir duglegu áreiðanlegu og stundvísu fólki í störf herbergjaþernu, aðstoð með morgunverðar og þvottahúss.Umsóknir sendist á j ob@centerhotels.com

SKALLI Ögurhvarfi leitar eftir manneskju í fullt starf. Skilyrði: 18+, íslenskumælandi, hafa góða þjónustulund, snyrtimennska. Tekið við umsóknum á staðnum.

Beitningamenn vantar á 350 tonna bát sem rær frá Vestfjörðum. Uppl. í síma 861 7655. Potrzebni sa pracownicy na beite na Vestfjordach. Wiadomosc pod nr. 861 7655.

**Starfsfólk óskast á Hótel Lunda**
í Vík í Mýrdal tímabundið. Starfslýsing: Aðallega þjónastarf en það má búast við ýmislegum verkefnum sem finnast við störf á hóteli. Endilega hafið samband ef áhugi sé fyrir hendi Hótel Lundi 870 Vík Sími: 4871212 netfang: hotellundi@islandia.is

Smiðir - járnamenn óskast til starfa í SuðurNoregi. Uppl. í s. 0047 96677974. eftir kl. 14:00 á daginn

**Laus staða á Hressingarskálanum, yfirmatreiðslumaður**
Vel launað framtíðarstarf á lifandi skemmtilegum vinnustað. Við leitum af yfirmatreiðslumanni sem þarf að vera skipulagður,hugmyndaríkur, skemmtilegur, sjá um starfsmannahald í eldhúsi, innkaup og fl. Vinsamlegast sendið cv á valdi@hresso.is

## Atvinna óskast

Öflugur forritari óskar eftir forritunarstarfi, með víðtæka reynslu. Uppl. s. 896 8202 Sigurjón

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál










# TIL SÖLU Í HVALFJARÐARSVEIT



## Heiðarskóli:

Heiðarskóli í Hvalfjarðarsveit stendur við ána Leirá í Hvalfjarðarsveit. Húsnæðið er einkar vel staðsett með tilliti til fjarlægðar frá Reykjavík,( 50 km) Akranesi og Borgarnesi (20km). Heiðarskóli er í einkar blómlegri sveit, stutt er í ýmsar útivistaperlur og skemmtilegar gönguleiðir og reiðleiðir eru í næsta nágrenni. Stutt er á golfvelli (Akranes, Þórisstaðir, Borgarnes). Sundlaug á staðnum. Sumarhúsasvæði eru í næsta nágrenni. Húsnæðið gæti m.a. hentað vel til ferðaþjónustu eða til reksturs skólabúða.

**ÖLL TILBOÐ SKOÐUÐ**



## Skólastígur 1-5:

Um er að ræða raðhús sem eru staðsett við Heiðarskóla. Þau eru þrjú, á jarðhæð með kjallara. Möguleiki að kaupa öll saman sem eina eign eða sem þrjú hús.

Í Hvalfjarðarsveit er gjaldfrír leikskóli frá 9-14. 50% afsláttur er af fæðiskostnaði í grunnskóla og leikskóla.

Allar nánari upplýsingar eru á fastvest.is Soffía Sóley Magnúsdóttir löggiltur fasteignasali Sími 431-4144.

**FASTEIGNAMIÐLUN VESTURLANDS**

SOFFÍA MAGNÚSDÓTTIR,
LÖGGILTUR FASTEIGNA- OG LEIGUMIÐLARI
KIRKJUBRAUT 40
SÍMI 431 4144 - 846 4144
**fastvest.is**

## Atvinna

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Viltu vinna með börnum og ungmennum ?

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa með börnum og ungmennum.**

Vinnutími er frá 13.00 - 17.00.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Uppeldismenntun æskileg en ekki skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Möguleiki er á sveigjanlegum vinnutíma á ársgrundvelli.

**Karlar jafnt sem konur á öllum aldri eru hvött til að sækja um störfin.**

Nánari upplýsingar veitir Ellert Baldur Magnússon æskulýðsfulltrúi. Senda má fyrirspurnir á ellert@hafnarfjordur.is eða hafa samband við Skrifstofu æskulýðsmála í síma 585-5750 eða 664-5510.

Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar merktar „Starfsfólk – börn og ungmenni" eða með rafrænum hætti á ellert@hafnarfjordur.is.

**Skrifstofa æskulýðs- og tómstundamála.**

### Píanóleikari óskast

**Karlakór Selfoss óskar að ráða píanóleikara til að annast undirleik með kórnum og aðstoða við æfingar eftir því sem við á.**

Umsókn með upplýsingum um tólistarmenntun og starfsreynslu umsækjanda þarf að berast eigi síðar en **20. september n.k.** til formanns kórsins, Gísla Á. Jónssonar, Dælengi 13, 800 Selfoss, sem veitir nánari upplýsingar um starfið og ráðningarkjör í síma 482 1824 og 893 4824.

Senda má umsókn á netfangið gisliemma@gmail.com. Upplýsingar um kórinn er að finna á heimasíðunni **www/karlakorselfoss.is**

Stjórn Karlakórs Selfoss

## Fundir / Mannfagnaður

### AÐALFUNDUR

AÐALFUNDUR AFS Á ÍSLANDI VERÐUR HALDINN FÖSTUDAGINN 16. SEPTEMBER NK.

Um er að ræða aukaaðalfund í framhaldi af breyttu uppgjörstímabili samtakanna sem samþykkt var á síðasta aðalfundi. Fundurinn verður haldinn á skrifstofu samtakanna, að **Ingólfsstræti 3 í Reykjavík**, og hefst **kl. 17.00.**

Á dagskrá er skýrsla stjórnar og ársreikningur samtakanna frá síðasta aðalfundi. Ekki mun fara fram stjórnarkjör eða önnur regluleg aðalfundarstörf þar sem að á síðasta aðalfundi var samþykkt að nýkjörin stjórn myndi sitja til loka yfirstandandi uppgjörstímabils auk þess næsta.

Stjórnin

AFS
AFS á Íslandi

Ingólfsstræti 3, 2. hæð · 552 5450 · www.afs.is

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Hrólfsskálamelur – Seltjarnarnesi
# Glæsilegt fjölbýlishús. Einstök staðsetning









Glæsilegar lúxusíbúðir í nýju þriggja hæða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru afar vandaðar og er mikið lagt í hönnun, efnisval, búnað og frágang. Stærðir eru frá 84 fm. upp í 225 fm. og afhendast þær fullbúnar án gólfefna. Eitt til þrjú bílastæði fylgja hverri íbúð.
**Sölumenn Fasteignamarkaðarins sýna. Sjá nánari skilalýsingu á www.fastmark.is**

# HEIMILISTÆKI
# Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.



**Melissa**
**Sléttujárn** 635172
- Svartar keramík plötur
- Betri hitadreifing
- Hægt að hengja upp
- Hámarkshiti: 185°C (+/- 10°C)

**2.490kr**
GOTT VERÐ



**Melissa**
**Hárblásari** 635142
- 2200w hárblásari
- 2 hraða- og 3 hitastillingar
- Cool shot (kaldur blástur)
- Ofhitunarvörn
- Færanleg sía

**2.490kr**
áður 2.990.-



**Melissa**
**Krullujárn** 635173
- 25mm krullujárn
- Keramík húðað
- Hitastig: 120-180°C
- PTC hitari gefur jafna hitadreifingu
- 360°snúningur á kapli

**2.990kr**
GOTT VERÐ



**SEVERIN**
**Handþeytari** HM3827
- 200w handþeytari
- 5 hraðar
- Hnoðarar fylgja

**2.990kr**
GOTT VERÐ



**Melissa**
**Samlokugrill** 643096
- 750w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar
- Litur: Hvítur

**2.990kr**
áður 3.990.-



**Melissa**
**Brauðrist** 643222
- 740w Brauðrist
- Tekur 2 brauðsneiðar
- 6 Hitunarstig
- Cancel takki
- Mulningsbakki

**2.990kr**
GOTT VERÐ



**SEVERIN**
**Eldhúsvog** KW3667
- Eldhúsvog
- Skýr LCD skjár
- Gler fótur
- 5kg
- 1g kvarði

**3.990kr**
GOTT VERÐ



**Melissa**
**Hraðsuðuketill** 645246
- 2200w
- 1,7 lítra
- Litur: Hvítur

**2.990kr**
GOTT VERÐ



**Melissa**
**Safapressa 700w** 644013
- 700w Safapressa
- Tekur grænmeti og heila ávexti einnig
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tveir hraðar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt í þrifum

**9.990kr**
GOTT VERÐ



exido

**Blandari 400w**
246041
- 400w blandari
- 1.5L glerkanna
- 2 hraðastillingar og púls
- Stainless stál hnífar
- Innbyggður öryggisrofi

**5.990kr**
áður 6.990.-

Gildir til 8. september á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hróss, **6.** frá, **8.** klettasprunga, **9.** gogg, **11.** mjöður, **12.** samstæður jakki og pils, **14.** vinna, **16.** klafi, **17.** þvottur, **18.** við, **20.** tveir eins, **21.** óvættur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ríki, **3.** einnig, **4.** bönd, **5.** andi, **7.** ávöxtur, **10.** flík, **13.** op, **15.** tré, **16.** mælieining, **19.** tímabil.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** lofs, **6.** af, **8.** gjá, **9.** nef, **11.** öl, **12.** dragt, **14.** starf, **16.** ok, **17.** tau, **18.** hjá, **20.** rr, **21.** mara.
**LÓÐRÉTT:** **1.** land, **3.** og, **4.** fjötrar, **5.** sál, **7.** ferskja, **10.** fat, **13.** gat, **15.** furu, **16.** ohm, **19.** ár.


## Helgarblað
alla laugardaga



## Stoltastur af skóginum

Eymundur og Eygló Ólafsdóttir rækta og framleiða eigin vörur í Vallarnesi á Fljótsdalshéraði. Þau eru leiðandi í lífrænni ræktun á Íslandi.

**Meðal annars efnis:**

**Áttu byssu? Hefurðu drepið mann?**
Ólafur Þ. Stephensen rifjar upp kynni sín af Valerie Plame söguhetju kvikmyndarinnar Fair Game.

**Vildi að ég hefði komið fyrr til Íslands**
Breski soul-popparinn og eitísgoðið Paul Young er orðinn eldandi fjölskyldumaður.




Allt sem þú þarft


# Bauðstu góðan daginn?

**BAKÞANKAR**
**Mörtu Maríu Friðriksdóttur**



Góðan daginn–dagurinn var í Reykjavík í gær. Þetta vissi ég ekki fyrr en langt var liðið á dag. Þá rakst ég óvart á myndband af borgarstjóra með risanef bjóða okkur góðan daginn. Í myndbandinu óskar hann okkur til hamingju með daginn og hálfpartinn stærir sig af því hversu vel tókst til í fyrra.

**GÓÐAN** daginn–dagurinn er enda algjörlega uppfinning borgarstjóra okkar og í slúðurmola sem birtist í Fréttablaðinu þann 16. júní á síðasta ári kemur fram að Jón Gnarr hafi tekið við sem borgarstjóri daginn áður og hafi flutt af því tilefni tímamótaræðu í borgarstjórn. Hann sagðist meðal annars vilja hafa svokallaðan „góðann daginn–dag" árlega þar sem borgarbúar myndu bjóða hver öðrum góðan daginn og brosa.

**GÓÐAN** daginn–dagurinn var sem sagt haldinn hátíðlegur í annað sinn í gær. Ég uppgötvaði ekki hvaða „merkisdagur" var fyrr en seint og síðar meir. Það er svo sem eftir öðrum vinnubrögðum þessarar borgarstjórnar, mikilvægir atburðir falla í skugga skrípaláta. Meira hefur farið fyrir fréttum af ýmsum uppátækjum og skrýtnum viðburðum sem meirihluti borgarstjórnar hefur staðið fyrir heldur en raunverulegum afrekum. Ég hef til dæmis tekið eftir fréttum af borgarstjóra okkar að koma fram klæddur eins og kona, umræðu um ísbjörn í Húsdýragarðinn og læknisferð borgarstjóra eftir húðflúrun skjaldamerkis Reykjavíkur á framhandlegginn.

**HVAR** voru hins vegar frásagnir og efnislegar umræður um þriggja ára fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar í febrúar síðastliðnum, mánuðinum þegar átti að skila henni? Meirihluti borgarstjórnar hefur reyndar útskýrt þessa töf með því að flutningi á málefnum fatlaðra frá ríki til borgar og óvissu um fjármögnun á málaflokknum sé um að kenna.

**BORGARMÁLIN,** borgarstjórinn og Besti flokkurinn voru meðal annars umræðuefni mín og vinkonu minnar um daginn. Henni fannst það nú alla vega ágætt að það væru bara tvö ár eftir af kjörtímabilinu. Ég leit undrandi á hana og sagði: „Tvö ár? Meinarðu ekki tæp þrjú ár?"

**LEIKARASKAPUR** og skrípalæti eru góð tilbreyting í stjórnmálunum við og við. Kosningabaráttan á síðasta ári var til að mynda ágætis skemmtun og góðan daginn–deginum fylgir jákvæður boðskapur en þrátt fyrir uppátækin verður líka að huga að alvarlegri málum. Þangað til borgarstjóri ákveður að takast á við erfiðari málin tel ég dagana til næstu kosninga.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BT

Opið til 22 alla daga

GRIFFILL BT

UNDIR SAMA ÞAKI

# FARTÖLVUDAGAR

## flottar fartölvur frábærir kaupaukar

VAXTALAUST 12 vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða

119.999

SAMSUNG

**Samsung RV520-S03**
Skjár: 15,6" HD LED (1366x768)
Örgjafi: Intel Pentium B940 2,00 GHz,2 MB
Skjákort: Nvidia GeForce GT520M 1GB
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz

89.999

SAMSUNG

**Samsung RV515-S01**
Skjár: 15,6" LED HD
Örgjafi: AMD Dual-Core E-350 1.6 GHz
Skjákort: AMD Radeon HD 6470 512mb
Harður diskur: 320GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz

129.999

packard bell

**Packard Bell TS13-SB-004**
Skjár: 15,6" LED HD
Örgjafi: AMD Vision A6-3400M Quad Core
Skjákort: ATI HD650G DX11 512MB
Harður diskur: 640GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 6GB DDR3 1333MHz

169.999

SAMSUNG

**Samsung RV711**
Skjár: 17,3" LED HD+
Örgjafi: Intel Core i5 480M - 2,66GHz
Skjákort: NVIDIA GeForce 315M 1GB
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz

179.999

packard bell

**Packard Bell NX69-HR-018**
Skjár: 15,6" LED HD
Örgjafi: Intel i5-2410M
Skjákort: Nvidia Geforce GT540M 2GB
Harður diskur: 750GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 8GB DDR3 1333MHz

# Hvaða leið velur þú?

## veldu þér BT pakka með fartölvunni

**BT pakki 1**
**Lyklaborð og mús**
verðmæti 8.999 kr.

**BT pakki 2**
**Minnislykill 16GB**
verðmæti 7.999 kr.

**BT pakki 3**
**Fartölvutaska**
margar gerðir í boði
verðmæti allt að 9.999 kr.

**BT pakki 4**
**Prentari**
verðmæti 7.999 kr.

**veldu þinn BT pakka**
**0 kr. með fartölvu**
meðan birgðir endast
gildir ekki með öðrum tilboðum

BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 - Vefverslun BT opið allan sólarhringinn - www.bt.is

! **SÍÐUSTU FORVÖÐ Í KRÝSUVÍK** Síðasti dagur sýningarinnar Huldufólk og talandi steinar í Sveinshúsi í Krýsuvík verður á sunnudag, frá klukkan 13 til 17.30. Sýningin lýsir myndheimi Sveins Björnssonar sem var að þróast yfir í fantasíur upp úr 1960 í verkum sem sýnd voru á samsýningum hans og danskra listamanna á Charlottenborg í Kaupmannahöfn á 7. áratugnum.

# Tilnefnt til netverðlauna



**JÖKLAR** Steinunn Knútsdóttir, Hrafnhildur Hagalín og Árni Pétur Guðjónsson.

Netleikhúsið Herbergi 408 er tilnefnt til Evrópsku útvarps- og sjónvarpsverðlaunanna (Prix Europa) fyrir verkið Jökla. Þetta er í annað sinn sem leikhúsið er tilnefnt til verðlaunanna í flokki nýrra miðla en fyrra skiptið var fyrir verkið Herbergi 408 árið 2010.

Jöklar er gagnvirkt netverk unnið í smiðju leikskáldsins Hrafnhildar Hagalín og leiklistarkonunnar Steinunnar Knútsdóttur, en þær stóðu einnig að Herbergi 408. Jöklar var flutt samtímis á fimm stöðum á landinu fyrr á þessu ári.

Í tilefni af tilnefningunni opnar leikhúsið gagnvirka netútgáfu af Jöklum á slóðinni herbergi408.is klukkan 16 í dag.

Nýjasta verk netleikhússins Herbergi 408 er School of Transformation, sem unnið var í samvinnu við norska netleikfélagið Mobile Homes, og hefur verið sýnt undanfarið í Tjarnarbíói.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 2.9. Kl. 19:30 16. sýn. | Fös 9.9. Kl. 19:30 18. sýn. | Fös 16.9. Kl. 19:30 20. sýn. |
| Lau 3.9.Kl. 19:30 17. sýn. | Lau 10.9. Kl. 19:30 19. sýn. | Lau 17.9. Kl. 19:30 21. sýn. |

**Listaverkið** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 1.10. Kl. 16:00 2. sýn. | Sun 2.10. Kl. 19:30 4. sýn. | |
| Lau 1.10. Kl. 19:30 3. sýn. | Fös 7.10. Kl. 19:30 5. sýn. | |

**Hreinsun** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 21.10. Kl. 19:30 2. sýn. | Fim 3.11. Kl. 19:30 5. sýn. | Lau 19.11. Kl. 19:30 8. sýn. |
| Fim 27.10. Kl. 19:30 3. sýn. | Fös 4.11. Kl. 19:30 6. sýn. | |
| Fös 28.10. Kl. 19:30 4. sýn. | Mið 9.11. Kl. 19:30 7. sýn. | |

**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 18.9. Kl. 19:30 2. sýn. Ö | Sun 25.9. Kl. 19:30 5. sýn. | Sun 2.10. Kl. 19:30 8. sýn. |
| Fös 23.9. Kl. 19:30 3. sýn. | Fös 30.9. Kl. 19:30 6. sýn. | |
| Lau 24.9. Kl. 19:30 4. sýn. | Lau 1.10. Kl. 19:30 7. sýn. | |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 28.8. Kl. 14:00 31. sýn. | Sun 11.9. Kl. 14:00 33. sýn. | Sun 25.9. Kl. 14:00 35. sýn. |
| Sun 4.9. Kl. 14:00 32. sýn. | Sun 18.9. Kl. 14:00 34. sýn. | |

**Verði þér að góðu** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 2.9. Kl. 20:00 | Sun 4.9. Kl. 21:00 | Sun 11.9. Kl. 19:30 |
| Lau 3.9. Kl. 21:30 | Lau 10.9. Kl. 19:30 | |

**Uppnám** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 3.9. Kl. 22:00 U | Fös 16.9.Kl. 22:00 | Fös 30.9. Kl. 2:00 |
| Fös 9.9. Kl. 22:00 | Fös 23.9. Kl. 22:00 | |

33% LÆGRA MIÐAVERÐ MEÐ LEIKHÚSKORTI
Sími í miðasölu 5511200

Allt að 60% afsláttur
Útivistarjakkar 20% til 60% afsláttur
Útivistarbuxur 20% til 60% afsláttur
og fleira og fleira...
Ekki missa af þessu
Takmarkað magn!
Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is



**UPPNÁM** Skemmtisýningin er tvískipt; fyrir hlé halda Pörupiltar heimspekilegt uppistand en tvíeykið tónelska Viggó og Víóletta heldur námskeið um gildi þess að sópa öllum vandamálum undir teppið og brosa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# SKEMMTUN Í UPPNÁMI

**Þjóðleikhúskjallarinn gengur í endurnýjun lífdaga þegar skemmtisýningin Uppnám verður frumsýnd. Pörupiltarnir bjóða upp á heimspekilegt uppistand og Viggó og Víóletta halda músíkalskt sjálfshjálparnámskeið.**

Skemmtisýningin Uppnám verður frumsýnd í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld. Sýningin er tvískipt og hefst á sýningu Pörupiltanna, Homo Erectus, og lýkur á Sjálfshjálparsöngleik Viggós og Víólettu. Túlkun Pörupiltanna Dóra Maack, Nonna Bö og Hermanns Gunnarssonar er í höndum leikkvennanna Alexíu Bjargar Jóhannesdóttur, Maríu Pálsdóttur og Sólveigar Guðmundsdóttur.

„Við bregðum okkur í hlutverk karlmanna sem kynntust á sjálfsstyrkingarnámskeiði hjá Vinnumálastofnun,“ segir Sólveig. „Þeir hafa farið á mörg slík námskeið og hafa því svör á reiðum höndum varðandi ýmis samfélagsleg vandamál. Þeir ræða einnig samskipti kynjanna í bland við ljóðalestur og dans. Sýninguna mætti kalla heimspekilegt uppistand.“

Að fyrri sýningu og hléi loknu stígur á svið tvíeykið glaðlynda Viggó og Víóletta. Það samanstendur af leik- og söngvurunum Bjarna Snæbjörnssyni og Sigríði Eyrúnu Friðriksdóttur, sem saman hafa glatt gesti ýmissa skemmtana undanfarin þrjú ár. Flytja þau Sjálfshjálparsöngleik Viggós og Víólettu, sem tekur á útlendingahatri, kynþáttafordómum og öllum öðrum vandamálum heimsins.

„Tvíeykið telur meðvirkni bæta allt, best sé að sópa öllu undir teppið og brosa,“ segir Bjarni, sem lofar áhorfendum magakrampa af hlátri.

Nokkrar endurbætur hafa verið gerðar á kjallara Þjóðleikhússins í sumar, sviðið hefur verið stækkað og áætlað að sýna fleiri verk.

„Við erum mjög spennt að vera með fyrstu frumsýninguna í nýjum Þjóðleikhúskjallara,“ segir Bjarni.

Söngleikurinn er klukkustundar langur og er sungið í þrjú korter. Textar eru samdir við stef úr söngleikjum á borð við Rocky Horror Show, Litlu hryllingsbúðina og söngleikinn Legally Blonde. Eitt frumsamið lag er í sýningunni. Ber það heitið Aðdáendaher og er farið að hljóma í útvarpi.

„Þetta er alvöru söngleikjasmellur,“ segir Bjarni. Að frumsýningu lokinni verður Uppnám sýnt öll föstudagskvöld í september klukkan 22. Hægt er að nálgast miða á midi.is og leikhusid.is.

hallfridur@frettabladid.is

# Sviðslistaþing í Tjarnarbíói

Sviðslistaþing Leiklistarsamband Íslands (LSÍ) verður haldið í Tjarnarbíói á sunnudag í tengslum við Lókal-hátíðina. Norræn sviðsverk verða í forgrunni á þinginu enda kemur norrænt samstarf til með að vera áberandi í starfi LSÍ á komandi ári.

„Við vildum nota tækifærið og fjalla um samlegðaráhrif þess að Norðurlöndin vinni saman til að koma sér á kortið á alþjóðavísu,“ segir Ása Richardsdóttir, forseti LSÍ. Gestafyrirlesari á þinginu verður Åsa Edgren, stjórnandi umboðsskrifstofunnar Loco World. Hún fjallar um sameiginlegt norrænt verkefni í Norður-Ameríku, sem ætlað er að auka sýnileika norræna sviðslista. Verkefnið hefst í ársbyrjun 2012 og stendur til 2016.

Norrænt samstarf hefur færst í aukana á vettvangi sviðslista á Íslandi undanfarin misseri, eins og mátti til dæmis merkja á Lókal-hátíðinni í fyrra sem og í ár. Að ári verða síðan haldnir norrænir leiklistardagar hér á landi.



**ÁSA RICHARDSDÓTTIR**

„Það er okkar trú að við fáum meiru áorkað ef við leggjum krafta okkar saman,“ segir Ása Richardsdóttir. „Við höfum líka komist að því í gegnum þessi norrænu samstarfsverkefni að það eru mjög merkilegir hlutir að gerast á Norðurlöndunum.“

Norrænar bókmenntir og kvikmyndir hafa vakið nokkra athygli á alþjóðavísu undanfarið og segir Ása sannarlega dæmi um sviðslistamenn sem hafi gert það líka. „Það er mikið af sterku sviðslistafólki á Norðurlöndunum sem hafa vakið athygli fyrir utan landsteinana, meðal annars Vesturport og Erna Ómarsdóttir svo ég nefni tvö íslenskt dæmi. En það má auðvitað alltaf gera enn betur, ekki síst ef við stillum saman strengi okkar.“

Vonir standa til að Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista verði stofnuð um næstu áramót en Ása segir mikla þörf á slíkri miðstöð.

„Hún myndi virka sem bakhjarl sviðslistafólks, jafnt stofnana, hópa sem þegar hafa getið sér gott orð á alþjóðavettvangi sem og þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref.“

Sviðslistaþingið í Tjarnarbíói hefst klukkan 11 á sunnudagsmorgun.

- bs


219.000 leikhúsgestir geta
ekki haft rangt fyrir sér
Skelltu þér í
Borgarleikhúsið!
Áskriftarkort
4 sýningar að eigin vali
á 11.900 kr.
Í fyrra sló áskriftarsalan öll met.
Tryggðu þér áskrift í tíma.
BETRA Í ÁSKRIFT
Hringdu í síma 568 8000, farðu á
borgarleikhus.is eða kíktu við í miðasölu
Borgarleikhússins við Listabraut.
Leikhús á bíóverði
fyrir ungt fólk.
Áskriftarkort á aðeins 6.500 kr.
fyrir 25 ára og yngri.
Borgarleikhúsið
DREKINN

# Gildiskenningar í Gallerí Klósetti

Listakonan Eva Ísleifsdóttir opnar sýninguna Gildiskenningar / Value Theory á morgun í Gallerí Klósetti.

Myndmál í verkum Evu er fengið frá táknum forns samfélags í bland við táknmyndir 21. aldarinnar. Veltir hún fyrir sér hinni eilífu löngun mannsins til þess að ráða, ná stjórn á hlutunum ásamt því að kanna flókið tilfinningasvið hans. Setur hún fram spurninguna: Hvað gerist á milli athafnanna að stjórna og að hvetja?

Eva lauk meistaraprófi í skúlptúr frá The Edinburgh College of Art vorið 2010.

Eftir útskrift hefur Eva verið iðin við vinnslu verkefna og sýninga bæði hér á landi sem og erlendis. Má þar nefna samsýningarnar The Return of the Losers í Kalmar Art Museum í Svíþjóð árið 2011 og Að elta fólk og drekka mjólk í Hafnarborg í ágúst 2010. Hún var meðal listamanna í verkefninu Land&Sea, sem sýnt var hérlendis og í Danmörku. Jafnframt stofnaði hún vinnustofuna Why Bíldudalur? á Bíldudal ásamt Jóni Þórðarsyni.

Allir eru velkomnir á sýninguna sem verður opnuð á morgun klukkan 17.






**EVA Á KLÓSETTINU** Eva Ísleifsdóttir sækir efnivið í tákn forns samfélags sem og táknmyndir 21. aldar.








**BJART MEÐ KÖFLUM** Söngleikurinn gerist á sjöunda áratugnum og setur tónlist þess tíma sterkan svip á verkið.

## Bjart með köflum aftur á fjalirnar

Sýningar á söngleiknum Bjart með köflum eftir Ólaf Hauk Símonarson hefjast aftur í Þjóðleikhúsinu nú um helgina.

Bjart með köflum gerist á sjöunda áratugnum og segir frá hatrömmum átökum milli sveitabæja, þar sem ástin ólgar, heiftin kraumar og rokklögin hljóma af blússandi krafti. Tónlist frá tímabilinu setur sterkan svip á verkið sem er sýnt á Stóra sviðinu í kvöld og á morgun.

Með aðalhlutverk fara Hilmir Jensson, Heiða Ólafsdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson og tónlistarstjóri er Jón Ólafsson.



**HEIÐURSGESTUR** Danska kvikmyndagerðarkonan Lone Scherfig verður heiðursgestur á RIFF-hátíðinni.
NORDICPHOTOS/AFP

## Lone Scherfig heiðursgestur

**Heiðursgestur á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík 2011 verður danska kvikmyndagerðarkonan Lone Scherfig. Hún hlýtur heiðursverðlaun RIFF fyrir framúrskarandi listræna sýn. Verðlaunin verða veitt í nafni frú Vigdísar Finnbogadóttur og verður afhending þeirra árlegur viðburður á hátíðinni héðan í frá.**

**Scherfig er í hópi fremstu kvikmyndagerðarmanna Norðurlanda og hefur hlotið margvísleg verðlaun fyrir kvikmyndir sínar. Hún sló í gegn á alþjóðlegum vettvangi með mynd sinni Ítalska fyrir byrjendur árið 2000, sem verður einnitt sýnd á RIFF-hátíðinni í ár.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 2. september 2011**

### Tónleikar

**20.00** Anna María Group og Paavo 3 spila í Norræna húsinu. Tónleikarnir eru hluti af Jazzhátíð Reykjavíkur 2011. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Árlegir hausttónleikar Harðar Torfa í Borgarleikhúsinu. Miðaverð er kr. 3.500.

**21.00** Hljómsveitin Kiriyama Family spilar á Bar 11. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Breski gítarleikarinn Guthrie Govan heldur tónleika á Café Rosenberg. Tónlistarmaðurinn Beggi Smári hitar upp. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

**22.00** Tónleikar í tilefni sextugsafmælis Björgvins Gíslasonar á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

**23.00** Elifantree og Kandinsky Effect spila á tónleikum á Sódómu sem eru hluti af Jazzhátíð Reykjavíkur. Miðaverð er kr. 1.500.

**23.00** Hljómsveitirnar Moses Hightower og Kiriyama Family leika á Svínarí á Faktorý. Aðgangur er ókeypis.

**23.00** Rvk Underground og fatahönnuðurinn Mundi með dansveislu á Square. Erlendi plötusnúðurinn Aeroplane þeytir skífum ásamt Oculus, Óla Ofur, Gísla Galdri og Benna B ruff, Dj Adda Intro og 7. Víddinni. Miðaverð er kr. 1.500 og gildir miðinn einnig á tískusýningu Munda fyrr um kvöldið.

### Leiklist

**18.00** Dagskrá um eldingar, lokaverkefni Ragnheiðar Hörpu Leifsdóttur af brautinni Fræði og Framkvæmd við Listaháskóla Íslands, verður sýnt í leikhúsinu Norðurpólnum. Sýningin er hluti af leiklistarhátíðinni Lókal. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**20.00** Leiksýningin Fjalla-Eyvindur verður sýnd í leikhúsinu Norðurpólnum. Sýningin er hluti af leiklistarhátíðinni Lókal. Miðaverð er kr. 3.200 en hátíðarpassi kostar kr. 15.000.

**20.00** Sýningin Verði þér að góðu með leikhópnum Ég og vinir mínir sýnd í Kassanum, Þjóðleikhúsinu. Sýningin er hluti af leiklistarhátíðinni Lókal. Miðaverð er kr. 3.200 en hátíðarpassi kostar kr. 15.000.

**21.30** Kvikmyndir eftir Matt Holm verða sýndar ásamt verkunum Magus (Re) Genesis og Sargent & Victor í Iðnó. Viðburðurinn er hluti af leiklistarhátíðinni Lókal. Aðgangseyrir er kr. 2.200.

**22.00** Pörupiltar og tvíeykið Viggó og Víóletta frumsýna leikverkið Uppnám í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

**23.00** Tvíeykið 2boys.tv sýnir verkið Phobophilia í Tjarnarbíói. Sýningin er hluti af leiklistarhátíðinni Lókal. Miðaverð er kr. 2.200 en hátíðarpassi kostar kr. 15.000.

### Opnanir

**18.00** Samtökin S.L.Á.T.U.R opna sýningu í Suðsuðvestur, Keflavík. Sýnd verða ný verk eftir Pál Ivan Pálsson, Jesper Pedersen, Þráinn Hjálmarsson, Magnús Jensson, Hallvarð Ásgeirsson Herzog, Þorkel Atlason, Guðmund Stein Gunnarsson og Áka Ásgeirsson. Allir velkomnir.

### Fundir

**12.00** Innovit nýsköpunar og frumkvöðlasetur heldur haustfund í stofu HT-102 á Háskólatorgi í Háskóla Íslands. Allir velkomnir.

### Hönnun

**21.00** Fatahönnuðurinn Mundi sýnir fatalínu sína fyrir sumarið 2012 á tískusýningu í Gamla bíói.

### Uppákomur

**11.00** Uppákoman Collage Party á sér stað í Tjarnarbíói sem hluti af leiklistarhátíðinni Lókal. Allir velkomnir.

### Bæjarhátíðir

**12.00** Menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar Ljósanótt mun standa yfir helgina með fjölbreyttri dagskrá. Nánari upplýsingar á ljosanott.is.

### Tónlist

**23.30** Plötusnúðurinn Dj Gay Latino Man þeytir skífum á Prikinu. Allir velkomnir.

**23.30** Plötusnúðurinn Housekell þeytir skífum á Bakkus. Allir velkomnir.

### Myndlist

**11.00** Gréta Pálsdóttir sýnir portrett- og módelmyndir unnar í olíu á 1. hæð Bókasafns Kópavogs. Myndirnar eru til sölu. Allir velkomnir.

**14.00** Sýningin Sjónhending, vatnslitaverk eftir Derek Karl Mundell, stendur yfir í Sal íslenskrar grafíkur. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**



**KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR** Rekur ævi listakonunnar Karítasar í tveimur skáldsögum sem spanna alla 20. öldina.

# Karítas og Óreiða koma út í Noregi

**Norski útgefandinn Gyldendal hefur fest sér útgáfurétt á skáldsögunum Karítas: Án titils og Óreiða á striga eftir Kristínu Marju Baldursdóttur.**

**Bækurnar hafa áður komið út á dönsku, frönsku, ítölsku, sænsku, þýsku og hollensku.**

**Skáldsögurnar tvær hlutu mjög góðar viðtökur þegar þær komu út á Íslandi 2004 og 2007, bæði meðal lesenda og gagnrýnenda og var Karítas: Án titils meðal annars tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Í bókunum er rakin ævi listakonunnar Karitasar og spannar sagan alla tuttugustu öldina. - bs**

# Sjónarlok í Hafnarhúsi

**Sýningunni Sjónarmið – á mótum myndlistar og heimspeki, lýkur í Hafnarhúsinu á sunnudag. Viðfangsefni sýningarinnar eru listaverk sem afhjúpa bresti í viðteknum skilgreiningum á list og hlutverki hennar, verk sem kveikja heimspekilega umræðu og túlka má sem innlegg í hana. Alls komu átta heimspekimenntaðir sýningarstjórar að sýningunni.**

**Sýningin fékk fullt hús stiga hjá Rögnu Sigurðardóttur, myndlistarrýni Fréttablaðsins, sem sagði að enginn með minnsta áhuga á íslenskri myndlist ætti að láta hana framhjá sér fara.**



# Fólk

folk@frettabladid.is

**1 MÁNUÐUR** er tíminn sem afmælishátíðarhöld litlu Suri Cruise munu standa yfir. Suri, dóttir leikaraparsins Katie Holmes og Tom Cruise, á afmæli í apríl og er heimilishaldið undirlagt í veislum allan mánuðinn.



## Sló met á Twitter



Tilkynning söngkonunnar Beyoncé um að hún væri ófrísk á MTV-verðlaunahátíðinni á sunnudag varð til þess að met á síðunni Twitter var slegið.

Hvorki meira né minna en 8.868 tíst á sekúndu voru send á milli notenda síðunnar eftir að Beyoncé sýndi bumbuna að söng loknum. Fyrra metið var sett í júlí eftir að japanska kvennalandsliðið vann Bandaríkin í úrslitaleik heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu, eða 7.196 tíst.

Beyoncé, sem er 29 ára, á von á sínu fyrsta barni með eiginmanni sínum til þriggja ára, rapparanum Jay-Z. Bæði eru þau afar vinsæl og því ætti tístfjöldinn ekki að koma svo mikið á óvart.

Á meðal annarra vinsælla viðburða á Twitter að undanförnu er tap Brasilíu fyrir Paraguay í Suður-Ameríkukeppninni í fótbolta, fögnuður nýs árs í Tókýó og þegar tilkynnt var um dauða Osama Bin Laden.

**SETTI MET** Allt ætlaði um koll að keyra á Twitter þegar Beyoncé tilkynnti um óléttu sína.






**GLEÐI Á KEX** Bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir ræddu um nýju plötuna við útgefandann Baldvin Esra Einarsson hjá Kimi Records.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Djassarar skáluðu á KEX

**Önnur plata djasskvartettsins ADHD er nýkomin út. Liðsmenn sveitarinnar fögnuðu útgáfunni á gistiheimilinu KEX við Skúlagötu á miðvikudagskvöld.**

Það var glatt á hjalla í útgáfuteiti ADHD á KEX á miðvikudagskvöld. Kvartettinn gaf út fyrstu plötu sína fyrir tveimur árum og hlaut hún almennt lof gagnrýnenda. Önnur platan var að koma í verslanir og virðist hún við fyrstu hlustun engu síðri. Meðlimir sveitarinnar eru Óskar Guðjónsson saxófónleikari, Davíð Þór Jónsson hljómborðsleikari, Ómar Guðjónsson gítarleikari og Magnús Trygvason Eliassen trommuleikari.



Davíð Þór Jónsson og Kjartan Kjartansson.



Dagný Diðriksdóttir og Kristín Ólafsdóttir.



Frank og Ólafur.


# Helgarsprengja í Flash







- Peysur
  ~~Áður 6.990~~
  Nú 4.990
- Leðurjakkar
  ~~Áður 14.990~~
  Nú 11.990
- Aladínbuxur
  3.990
  3 stærðir 4 litir
- Fleiri góð tilboð

Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201


## Of erfitt fyrir Janet Jackson að taka þátt



**OF ERFITT** Janet Jackson segir það of erfitt að koma fram á tónleikunum.

Janet Jackson, systir poppkóngsins sáluga Michaels Jackson, ætlar ekki að koma fram á minningartónleikum um hann á Þúsaldarleikvanginum í Cardiff í Wales 8. október.

Ástæðan er sú að skömmu áður, eða 27. september, hefjast réttarhöld yfir lækni Jacksons, Dr. Conrad Murray. „Vegna réttarhaldanna hentar tímasetning tónleikanna mér ekki. Þetta yrði of erfitt fyrir mig," sagði Janet. Búist er við að Murray lýsi í réttarhöldunum yfir sakleysi sínu vegna ákæru um að hann hafi gefið popparanum banvænan lyfjaskammt.

Beyoncé Knowles hefur á hinn bóginn samþykkt að taka þátt á tónleikunum. Hún ætlar að syngja lag hljómsveitarinnar Jackson 5 í gegnum gervihnött. Aðrir sem koma fram eru Christina Aguilera, Cee Lo Green, JLS og Craig David.

Bræður Jacksons, Jermaine og Randy, eru óánægðir með tónleikana og segja tímasetninguna engan veginn við hæfi vegna réttarhaldanna yfir Murray. „Þrátt fyrir að við styðjum það að bróðir okkar sé heiðraður getum við ómögulega tekið þátt í viðburði sem gerist á sama tíma og réttarhöld vegna dauða Michaels verða haldin," sögðu þeir í yfirlýsingu.



**RÉTTARHÖLD AÐ HEFJAST** Réttarhöld yfir Conrad Murray hefjast í október.



HNÍFAPARA-SKÚFFA 995
HRISTARI 399
SÓSU-HRISTARI 199
UPP-ÞVOTTAGRIND MEÐ BAKKA 1.495
PLASTDAGAR
Í RÚMFATALAGERNUM!
SKIPULAGS-BOX 399
29 LÍTRA PLASTKASSI MEÐ LOKI 1.795
6 X 450 ML. PLASTBOX MEÐ LOKUM 299
MÁ FARA Í ÖRBYLGJU OG FRYSTI
NÝTT!
NÝTT!
BEDROLLER MEÐ LOKI OG Á HJÓLUM 2.995
PASSAR UNDIR RÚM
PLAST-KASSI Á HJÓLUM UNDIR RÚM 1.995
NÝTT!
30 SM. HÁAR FLOKKUNAR-RUSLAFÖTUR 2.495
NÝTT!
3 STK.
KORNBOX 3 SAMAN 1.495
3 STK.
6 STK.
6 STK. STÓR BOX MEÐ LOKUM 2.995
NÝTT!
KÖKU-DISKUR MEÐ LOKI OG HANDFANGI 1.295
37 LÍTRA PLASTKASSI MEÐ LOKI 1.995
VASKAFAT 499
PLAST-GRINDUR VERÐ FRÁ: 99
100 LÍTRA MEÐ LOKI OG Á HJÓLUM 3.995
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
PLASTFATA 399



**ÞRIÐJA MYNDIN** Næsta James Bond-mynd verður sú þriðja með Daniel Craig í aðalhlutverki.

## James Bond til Indlands

**Nýjasta James Bond-myndin verður líklega tekin upp að hluta til á Indlandi. Þetta verður önnur Bond-myndin sem verður tekin upp þar í landi. Octopussy sem kom út 1983 var sú fyrsta. Einnig er talið að einhverjar tökur verði í Suður-Afríku.**

**23. Bond-myndin hefur enn ekki fengið nafn. Leikstjóri verður Sam Mendes, sem á að baki myndir á borð við American Beauty og Road To Perdition, og frumsýning verður 9. nóvember á næsta ári. Daniel Craig verður sem fyrr í hlutverki njósnara hennar hátignar, 007.**

# MYNDUÐU STERKA ÞRENNINGU

**Kvikmyndin Á annan veg í leikstjórn Hafsteins Gunnars Sigurðssonar er komin í bíó. Myndin var tekin upp á aðeins sextán dögum og fóru upptökur fram á sunnanverðum Vestfjörðum.**

„Ég er mjög stoltur að eiga þátt í þessu verkefni. Ég er mjög sáttur við útkomuna," segir Sveinn Ólafur Gunnarsson leikari.

Hann fer með aðalhlutverkið á móti Hilmari Guðjónssyni í kvikmyndinni Á annan veg sem fer í almennar sýningar í kvöld. Auk þeirra fer Þorsteinn Bachmann með stórt hlutverk.

Á annan veg er lágstemmd kómedía sem segir frá tveimur starfsmönnum Vegagerðarinnar sem stunda tilbreytingasnauða vinnu á afskekktum fjallvegum á níunda áratugnum. Myndin, sem var að miklu leyti unnin í sjálfboðavinnu, er sú fyrsta sem leikstjórinn Hafsteinn Gunnar Sigurðsson sendir frá sér. Hún er einnig fyrsta mynd Sveins og Hilmars í aðalhlutverkum.

Á annan veg var tekin upp á mettíma, eða sextán dögum, og fóru tökur fram á sunnanverðum Vestfjörðum. Íbúar Patreksfjarðar veittu tökuliðinu góða aðstoð á meðan það bjó í bænum. „Það fylgdi þessu gott karma frá fyrsta degi. Við vorum mjög sterk þrenning, ég, Haddi [Hafsteinn Gunnar] og Himmi [Hilmar Guðjónsson]. Þetta verkefni hafði einhvern veginn meðbyr alveg frá byrjun," segir Sveinn Ólafur. „Haddi talaði um það í byrjun þegar við komum á Patró að þar væri valinn maður í hverju rúmi og það reyndist vera raunin."



**STERK ÞRENNING** Hilmar Guðjónsson, Hafsteinn Gunnar Sigurðsson og Sveinn Ólafur Gunnarsson mynduðu sterka þrenningu við tökurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sveinn hafði gaman af því að vinna með Hilmari. „Það skapaðist sérstakur vinskapur með okkur. Ég vissi af honum en við þekktumst ekkert. Núna erum við miklir og góðir vinir." Spurður hvort stemning í anda kvikmyndarinnar Brokeback Mountain hafi verið uppi á heiði við tökurnar hlær hann. „Þetta er kannski frekar rannsókn á karlmennsku en þessi mynd fer samt ekki í sömu átt. Þetta er kannski á einhvern hátt okkar kúreki, þessi vegavinnumaður, en ekki samkynhneigði kúrekinn."

Hilmar segir að það hafi verið gjörsamlega æðislegt að leika í myndinni. Hann kveðst aldrei hafa haft neinar áhyggjur meðan á gerð hennar stóð. „Maður gleymdi sér bara í verkefninu, það var svo gaman að vinna það." Samstarf hans og Sveins Ólafs gekk einnig mjög vel að hans mati. „Þetta var byrjunin á mjög góðri vináttu."

Á annan veg hefur verið tilnefnd til verðlauna á hinni virtu kvikmyndahátíð San Sebastian fyrir bestu frumraun leikstjóra. Hátíðin verður haldin á Spáni dagana 16. til 24. september.

freyr@frettabladid.is








**HLÝLEGRA UM AÐ LITAST** Ásgeir Kolbeinsson á skemmti- og veitingastaðnum Austur eftir endurbæturnar sem hafa staðið yfir að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ásgeir bíður spenntur eftir Jim Carrey

„Vissulega kostaði þetta heilmikið en þetta er góð fjárfesting þar sem við erum með góðan stað í höndunum," segir Ásgeir Kolbeinsson, eigandi skemmti- og veitingastaðarins Austur.

Haldið verður upp á tveggja ára afmæli staðarins í kvöld kl. 21 og velunnurum og fastagestum boðið. Miklar endurbætur hafa staðið yfir á framsvæði Austur og að sögn Ásgeirs verður mun hlýlegra um að litast en áður. „Þetta verður bæði skemmtilegra til setu fyrir veitingahúsagesti á kvöldin og jafnframt yfir daginn. Við ætlum að hafa opið núna yfir daginn og bjóða upp á kaffi og létt bakkelsi."

Kynntur verður nýr kvöldmatseðill þar sem allir vinsælustu réttirnir verða áfram til staðar en bætt verður við léttari réttum. „Konur eru oft til í léttari rétti. Við erum að koma til móts við þær og bæta við meira spennandi konuréttum."

Þegar Ásgeir keypti Austur á 150 milljónir króna hvíldi leynd yfir því hver eða hverjir hefðu aðstoðað hann við kaupin. Nýlega var því haldið fram að Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka, hefði stutt við bakið á honum og Ásgeir staðfestir það. „Hann kom að þessu í kringum kaupin á staðnum og aðstoðaði mig með það. Við erum búnir að þekkjast lengi og hann er öflugur fjármálamaður."

Spurður um Jim Carrey, sem ætlaði að koma hingað til lands í sumar og skemmta sér á Austur, segir Ásgeir að enn standi til að gamanleikarinn komi til landsins. „Það var búið að leggja upp dagsetningu fyrir hann og búið að skipuleggja heilmikið af hlutum á landinu. Eins og gengur með þessar stjörnur var sagt allt í einu: „Ég þarf að fresta", og það var ekki gefin frekari skýring á því. En það er samt sami áhugi hjá honum að koma. Það virðist vera ansi „spontant" þetta lið og þetta getur gerst með stuttum fyrirvara."

Hann segir að vissulega hafi verið svekkjandi þegar Hollywood-stjarnan hætti við komuna. „Sérstaklega ef hann ætlar að draga þetta til vetrarins. Það er kannski ekki alveg besti tíminn til að koma." - fb



Með hjálm eru
óskabörnin okkar
öruggari
í umferðinni
ÓSKABÖRN
ÞJÓÐARINNAR
Hjólum alltaf
með hjálm
EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM
Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| CRAZY, STUPID, LOVE LUXUS VIP | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| LARRY CROWNE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 10:10 | 2D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 3:20 - 5:40 - 10.30 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | 3D | L |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 3 - 5:30 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| BÍLAR 2 íslenskt tal | kl. 5.30 | L |
| THE CHANGE UP | kl. 8 | 14 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 7 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:30 | 16 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES 2D | kl. 10:20 | 12 |
| STRUMPARNIR DIGITAL-3D m/íslensku tali | kl. 5:40 | L |
| CARS 2 2D m/íslensku tali | kl. 5:40 | L |
| FRIENDS WITH BENEFITS 2D | kl. 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 5:20 | 3D | L |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5:20 | 2D | L |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 8 - 10:20 | 3D | 16 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 8 | 2D | 14 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 5:20 - 10:40 | 2D | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 | 2D | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 10:30 | 3D | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| SMURFS M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| SMURFS M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |
| CARS 2 M/ ísl. Tali | kl. 3 | 3D | L |
| Kvikmyndahátíð daganna 26.Ágúst til 12.September | | | |
| BAARÍA M/Íslenskum texta | kl. 5 | 2D | 7 |
| THE TREE OF LIFE Ótextuð | kl. 5:20 | 2D | 10 |
| THE BEAVER Ótextuð | kl. 8 | 2D | 12 |
| RABBIT HOLE M/Íslenskum texta | kl. 8 | 2D | 12 |
| RED CLIFF enskur texti | kl. 10 | 2D | 14 |
| FAIR GAME Ótextuð | kl. 10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| CRAZY, STUPID, LOVE. | kl. 6 - 8 | | 7 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:10 | | 16 |
| BÍLAR 2 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | 2D | L |
| GREEN LANTERN | kl. 8 | | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10:10 | | 12 |


# Jónsi dáleiddi Crowe

**Bandaríski leikstjórinn Cameron Crowe er almennt talinn vera snillingur í notkun tónlistar í kvikmyndum sínum. En hann hyggst venda kvæði sín í kross í sinni nýjustu mynd með aðstoð Jónsa úr Sigur Rós.**

Það styttist í að nýjasta kvikmynd Camerons Crowe, We Bought a Zoo, verði frumsýnd. Myndin skartar Matt Damon, Scarlett Johansson og Thomas Haden Church í aðalhlutverkum og segir frá ungum föður sem ákveður að endurreisa gamlan dýragarð. Crowe hefur haft einstakt nef fyrir tónlist í kvikmyndum sínum og notkun hans gæðir þær miklu lífi. Leikstjórinn hóf ungur störf hjá bandaríska tónlistartímaritinu Rolling Stone og sú fortíð hefur mótað kvikmyndagerð leikstjórans. Hann gerði þessum endurminningum sínum góð skil í kvikmyndinni Almost Famous.

Crowe lýsir því hins vegar í viðtali við vefsíðuna ifc.com hvernig hann notar tónlist á allt annan hátt í We Bought a Zoo og það sé ekki síst fyrir tilstilli tónlistar Jónsa. „Við urðum gjörsamlega ástfangin af tónlistinni hans og Sigur Rósar og hlustuðum á þá allan tímann sem við vorum í upptökum. Þegar við vorum hálfnuð lá það einhvern veginn í augum uppi að Jónsi myndi semja tónlistina þannig að ég skrifaði honum tölvupóst og náði í skottið á honum á Íslandi. Hann bað um að fá að lesa handritið og ég sendi honum bæði það og atriði úr myndinni. Hann stökk bara upp í flugvél, kom hingað frá Íslandi, samdi tónlistina strax og við höfum verið í hálfgerðri dáleiðslu síðan."

Cameron viðurkennir að tónlistin í myndunum hans hafi yfirleitt verið samansett eins og safnskífa til að ná fram rétta andrúmsloftinu og draga fram persónuleika myndarinnar. „Ég hef alltaf nálgast kvikmyndir mínar á þann hátt en nú er þetta frábrugðið, tónlist Jónsa er eins og viðbótarpersóna. Ég hef aldrei gert neitt þessu líkt og ég er virkilega spenntur fyrir þessu." Crowe grunar hreinlega að það verði ekki mörg lög eftir aðra listamenn í myndinni því Jónsi sé hamhleypa til verka, hann sé alltaf að semja ný lög. „Tónlist mun ekki leika neitt minna hlutverk í myndinni, hún verður bara öðruvísi."



**SÖGULEGT SAMSTARF** Bandaríski leikstjórinn **Cameron Crowe** segir í viðtali við vefsíðuna ifc.com að samstarfið við Jónsa sé sögulegt; íslenski tónlistarmaðurinn hafi samið nýja persónu inn í myndina We Bought a Zoo. Leikstjórinn hyggst notast við tónlist á allt annan hátt en hann hefur áður gert og það sé ekki síst vegna samstarfsins við **Jónsa.** NORDICPHOTOS/GETTY

freyrgigja@frettabladid.is

# Mynd sem veitir von

Bíó ★★★★

**The Tree of Life**

Leikstjóri: Terrence Malick

**Aðalhlutverk:** Brad Pitt, Sean Penn, Jessica Chastain



Bandarísk bíóhúsakeðja hengdi nýlega upp aðvörunarskilti í kvikmyndahúsum sínum vegna myndarinnar The Tree of Life. Á skiltinu eru bíógestir upplýstir um það að myndin sé óhefðbundin að uppbyggingu, og fólk er hvatt til þess að sjá myndina með opnum hug. Skiltið sjálft er gott og blessað, en tilvist þess er engu að síður óþægileg áminning um það hversu mikið almenningur hefur fjarlægst listræna kvikmyndagerð.

The Tree of Life er ljóðræn og óræð. Henni hefur verið líkt við kvikmyndina 2001: A Space Odyssey eftir Stanley Kubrick og kvikmyndir hins rússneska Andrei Tarkovskí. Samanburðurinn á rétt á sér, en þó er ekki verið að „stæla" neinn. Sagan er sögð í svipmyndum sem líkjast helst minningum eða draumi, og hún nær lengst aftur til þess tíma þegar heimurinn varð til.

Leikstjóri myndarinnar, Terrence Malick, hefur leikstýrt sex kvikmyndum á síðustu 42 árum. Hann þykir sérvitur og spes, og myndir hans bera þess merki. The Tree of Life veltir fyrir sér sígildum spurningum um uppruna heimsins, þróunarkenninguna, vísar í Biblíuna og Freud til skiptis, og innan um þetta allt saman leynist lítil fjölskyldusaga þar sem Brad Pitt og undirgefin eiginkona hans koma ungum sínum á legg.

Myndin er sannkölluð veisla fyrir augu og eyru, og margfalt áhugaverðari en flest það sem ratað hefur í kvikmyndahús að undanförnu. Hún veitir manni von um bjartari tíma fram undan í kvikmyndagerð, og ef ég fengi að ráða yrði aðvörunarskilti bandarísku bíókeðjunnar tekið niður samstundis. Þó að sumir labbi út í fússi, þá eru ef til vill aðrir sem álpast inn í ógáti og sjá eitthvað nýtt og framandi sem kveikir í þeim. Sjálfur þyrfti ég þó helst að sjá myndina aftur áður en ég fer út í stóru yfirlýsingarnar.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Stríðsyfirlýsing gegn meðalmennsku. Mögnuð upplifun og ég tek hatt minn ofan fyrir Malick.





| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| 30 MINUTES OR LESS LÚXUS | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| Á ANNAN VEG | KL. 8 | 10 |
| THE CHANGE-UP | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 3.30 - 5.50 - 8 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 10 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| FRIENDS WITH BENEFITS KL. | 10.10 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| Á ANNAN VEG | KL. 6 - 8 - 10 | 10 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| THE CHANGE-UP | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| GREATEST MOVIE EVER SOLD | KL. 5.50 | L |
| SPY KIDS 4D | KL. 5.50 | L |
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 10.20 | 16 |
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| THE CHANGE-UP | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 6 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE DEVILS DOUBLE | 5.50, 8 og 10.20 |
| CHANGE UP | 8 og 10.20 |
| SPY KIDS - 4D | 4 og 6 |
| CONAN THE BARBERIAN | 8 og 10.20 |
| STRUMPARNIR - 3D | 4 og 6 - ISL TAL |
| STRUMPARNIR - 2D | 4 - ISL TAL |

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / www.bioparadis.is / midi.is

**FÖSTUDAGUR:** ÍSLENSKUR TEXTI / ENGLISH SUBTITLES

| | |
|---|---|
| ANDLIT NORÐURSINS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ANIMAL KINGDOM | 17:50, 20:00, 22:10 |
| MARY & MAX | 18:00 |
| HOWL | 20:00, 22:00 |
| MONSTERS | 20:00, 22:00 |






# RÝMINGARSALA HEFST Í DAG!

## Í INTERSPORT SMÁRALIND

# 20-60%

AFSLÁTTUR AF

## ÖLLUM VÖRUM

OPIÐ Í DAG, FÖSTUDAG FRÁ KL. 11:00-19:00
LAUGARDAG FRÁ KL. 11:00-18:00 OG SUNNUDAG FRÁ KL. 13:00-18:00

INTERSPORT

EXPO • www.expo.is

# sport

sport@frettabladid.is



**NORÐMENN** verða án þriggja af sínum stærstu knattspyrnustjörnum í kvöld. John Arne Riise og Morten Gamst Pedersen eru meiddir og þá er John Carew ekki í góðu leikformi og verður á bekknum. Moa, framherji Hannover 96, verður í norsku sókninni í hans stað en hann hefur verið sjóðheitur í Þýskalandi í upphafi tímabilsins. Hann skoraði einnig annað markið í 2-1 sigrinum á Íslandi fyrir ári síðan.



**EGIL „DRILLO“ OLSEN** Hefur komið norska landsliðinu upp í tólfta sæti á FIFA-listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Utan vallar um landsliðið:

## Þarf að leita í smiðju Drillos

**FÓTBOLTI** Eiríkur Stefán Ásgeirsson, íþróttafréttamaður á Fréttablaðinu, hefur sett saman pistil um stöðu íslenska landsliðsins sem mætir Noregi í Osló í kvöld.

Þar skrifar hann meðal annars um það að stærsti munurinn á stjórnartíð Ólafs Jóhannessonar, þjálfara íslenska landsliðsins, og Egils „Drillo“ Olsen, þjálfara Noregs, sé að Drillo sé löngu búinn að finna sitt lið og hafi haldið sig við það. Hið sama sé ekki hægt að segja um Ólaf.

Ólafur hættir sem þjálfari eftir undankeppnina og nýr maður verður að mati Eiríks að kynna sér hvaða mistök voru gerð í stjórnartíð forvera hans og ef til vill líka hvernig í óskÖpunum Egil „Drillo“ Olsen, þjálfari Noregs, kom liðinu á þann stall sem það er á í dag. Allan pistil Eiríks Stefáns má finna á Vísi.

# Leikmenn bera líka sök á genginu

**Ísland mætir Noregi í undankeppni EM 2012 ytra í kvöld. Rúrik Gíslason, leikmaður Íslands, vorkennir Ólafi Jóhannessyni þjálfara fyrir þá gagnrýni sem hann hefur fengið og segir að leikmenn beri líka sök.**

**FÓTBOLTI** Ísland mætir Norðmönnum á Ullevaal-leikvanginum í Ósló í undankeppni EM 2012 í kvöld. Fátt annað en stoltið er í húfi hjá íslenska liðinu en það norska á í harðri baráttu um sæti í sjálfri lokakeppninni í Póllandi og Úkraínu á næsta ári.

Í síðustu viku var tilkynnt að Ólafur myndi stíga til hliðar að lokinni undankeppninni þegar samningur hans við KSÍ rennur út. Sjálfur segir hann að sú tilkynning hafi engu breytt í undirbúningi leiksins.

„Ég mun klára minn samning og sinna minni vinnu eins vel og ég get. Þetta hefur því engu breytt,“ sagði Ólafur á blaðamannafundi íslenska liðsins á Ullevaal í gær. Hann segist engin sérstök viðbrögð hafa fengið frá leikmönnunum um tíðindin. „Nei, ekki nein.“

Rúrik Gíslason var einnig á fundinum og segist sjálfur ekki hafa leitt hugann mikið að stöðu Ólafs. „Landsleikir skipta alltaf jafn miklu máli, hvort sem Óli er að hætta eða ekki. Hann er enn þjálfarinn okkar.“

Mikil og sterk umræða hefur verið um stöðu Ólafs undanfarna mánuði og segir Rúrik að honum sé viss vorkunn. „Auðvitað vorkennir maður Óla, hann hefur fengið alla gagnrýnina. En það má ekki heldur gleyma því að við erum lið og þó svo að þjálfarinn taki mikla ábyrgð á því berum við leikmenn okkar sök. Við vitum vel að við höfum ekki verið að standa okkur eins og við getum best.“



**EINN AF FRAMTÍÐARMÖNNUNUM** Rúrik Gíslason er af ungu mönnunum í íslenska A-landsliðinu. Hér er hann í leik með 21 árs landsliðinu á EM í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ísland vann síðan keppnisleik árið 2008 og segir Rúrik að leikmenn hungri í sigur. „Ég hef alltaf góða tilfinningu fyrir landsleikjum og er ávallt fullur sjálfstrausts. Við förum inn í alla leiki til að vinna og það er engin breyting á því núna. Vissulega eru meiðsli og forföll í okkar hópi en við eigum góða leikmenn sem koma inn í liðið í þeirra stað. Ég finn að menn eru hungraðir í sigurinn.“

Á blaðamannafundinum voru þeir sem fyrir svörum sátu spurðir af norskum blaðamönnum út í stöðu Íslands á heimslista FIFA. Rúrik gaf lítið fyrir þær spurningar. „Þetta skiptir mig engu máli. Við vitum best sjálfir hvernig við höfum staðið okkur upp á síðkastið og tek ég þessu ekki alvarlega.“

Um leikinn sjálfan sagði Ólafur að hann ætti von á því að Norðmenn myndu sækja hratt og stíft á íslensku vörnina. „Lykilatriði verður eins og alltaf að verjast vel. Ég býst við mikilli hápressu frá Norðmönnum og hef undirbúið liðið fyrir það.“

Mikil forföll eru í íslenska landsliðinu og verður Kristján Örn Sigurðsson í banni í kvöld. Indriði Sigurðsson gæti tekið stöðu hans sem miðvörður og Hjörtur Logi Valgarðsson þá komið inn í stöðu vinstri bakvarðar. Aron Einar Gunnarsson er frá vegna meiðsla, sem og Ólafur Ingi Skúlason, og því líklegt að Helgi Valur Daníelsson sinni stöðu varnartengiliðs við hlið Eggerts Gunnþórs Jónssonar. Að öðru leyti ætti uppstillingin að vera nokkuð hefðbundin, með Kolbein Sigþórsson sem fremsta sóknarmann.

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
skrifar frá Ósló í Noregi
eirikur@frettabladid.is





40%

ecco

afsláttur af Ecco golfskóm



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 29.995
Verð nú kr. 17.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150024-54411



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 24.995
Verð nú kr. 14.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150014-56904



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 29.995
Verð nú kr. 17.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150024-56462



Casual Cool - dömu
Verð áður kr. 27.995
Verð nú kr. 16.995
Stærðir: 35 - 43 | Vörunr. 120023-56455



Casual Cool - dömu
Verð áður kr. 24.995
Verð nú kr. 14.995
Stærðir: 35 - 43 | Vörunr. 120013-56938



Classic - herra
Verð áður kr. 29.995
Verð nú kr. 17.995
Stærðir: 39 - 50 | Vörunr. 140524-51222



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 24.995
Verð nú kr. 14.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150014-56901



Comfort Classic - herra
Verð áður kr. 33.995
Verð nú kr. 20.995
Stærðir: 40 - 47 | Vörunr. 141004-01007



Casual Cool - dömu
Verð áður kr. 27.995
Verð nú kr. 16.995
Stærðir: 35 - 43 | Vörunr. 120023-51052

Síðustu pörinn af Sumarlínunni 2011 nú á 40% afslætti frá 2. til 6. september, komdu og gerðu kaup.



19 63
ecco.com

ecco
KRINGLAN
Sími 553 8050

Hallgrímur Jónasson, leikmaður SönderjyskE og íslenska landsliðsins, vill færa sig sunnar í Evrópu:

# Vil taka næsta skref á ferlinum í Hollandi



**FÓTBOLTI** Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson var valinn í íslenska landsliðið fyrir leikina gegn Noregi og Kýpur en Ísland mætir fyrrnefnda liðinu ytra í dag. Hann segist ánægður með að hafa fengið kallið en Fréttablaðið hitti á Hallgrím á hóteli íslenska liðsins í Osló.

„Ég er alltaf ánægður með að vera valinn í íslenska landsliðið. Ég hef nokkrum sinnum verið valinn og spilað einn leik - gegn Færeyjum í Kórnum,“ sagði Hallgrímur en hann hóf atvinnumannaferilinn árið 2009 þegar hann fór til GAIS í Svíþjóð frá Keflavík. Hann var lánaður fyrir núverandi tímabil til SönderjyskE í Danmörku þar sem hann hefur staðið sig vel í upphafi tímabilsins.

„Það eru sjö leikir búnir og við erum í þriðja sæti. Menn eru því jákvæðir á þeim bænum eins og er,“ sagði Hallgrímur sem segist hafa fagnað tækifærinu á að komast til Danmerkur. „Ég var ekki að fá þau tækifæri hjá GAIS sem ég taldi að ég ætti skilið og ég hef þar að auki alltaf haft áhuga á að spila í Danmörku. Þetta voru því bara góð skipti fyrir mig.“

Samningurinn rennur út um áramótin og er óvíst hvað tekur við þá. „Það hafa verið einhverjar þreifingar á milli félaganna en ég veit ekki hvernig þau mál standa. Það eina sem ég get gert er að spila þessa leiki og reyna að gera mitt besta.“

Hann er ánægður með þann tíma sem hann hefur verið í atvinnumennskunni. „Ég er mjög ánægður. Ég hef lært mjög mikið og tekið út mikinn þroska. Reyndar byrjaði ég á því að fara í aðgerð og spilaði því ekki mikið í upphafi. En síðan þá hefur mér gengið vel og ég hef ekkert nema gott um dvölina að segja.“

Spurður um framtíðaráætlanir segir hann stefnuna vera að spila í sterkari deild. „Ég hef lengi sagt að draumurinn sé að komast til Hollands. Ég var þar þegar ég var ungur og það er eitthvað sem heillar mig við hollenska boltann. Ef ég held áfram að gera mitt besta þá vona ég að sá draumur geti ræst einn daginn.“ **- esá**



**BJÖRN BERGMANN SIGURÐARSON** Átti mjög flottan leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björn Bergmann kláraði Belga:

## Ætla að fara aftur alla leið

**FÓTBOLTI** Björn Bergmann Sigurðarson var hetja íslenska 21 árs landsliðsins í 2-1 sigri á Belgum á Vodafonevellinum í gærkvöldi en þetta var fyrsti leikur íslenska liðsins í undankeppni EM 2013. Björn Bergmann skoraði bæði mörkin þar af sigurmarkið þremur mínútum fyrir leikslok.

„Það er alveg bókað að við ætlum í annað ævintýri í þessari keppni. Þetta eru frábærir strákar og þeir eru ekkert síðri heldur en hinn hópurinn. Við reynum að fara alla leið,“ sagði Björn Bergmann og hann var ánægður með mörkin sín. Björn Bergmann var aðeins einn af þremur leikmönnum í 21 árs liðinu í dag sem var með í úrslitakeppni EM í Danmörku í sumar

„Ég er ekki búinn að vera að skora mikið með félagsliðinu mínu og var ekki búinn að skora í síðustu fimm leikjum. Það komu tvö núna og það er alveg geðveikt,“ sagði Björn Bergmann sem hefur þó lagt upp ófá mörkin fyrir félaga sína í Lilleström í sumar. „Það telur líka en það er miklu skemmtilegra að skora sjálfur,“ sagði Björn Bergmann léttur að lokum. **- óój**

## ÚRSLIT Í GÆR

*1. deild karla*

**HK - Haukar 0-2**
0-1 Björgvin Stefánsson (11.), 0-2 Hilmar Trausti Arnarsson (82.). HK er fallið í 2. deild.

**Þróttur R. - ÍR 1-3**
1-0 Sveinbjörn Jónasson (34.), 1-1 Árni Freyr Guðnason (45.), 1-2 Jón Gísli Ström (55.), 1-3 Árni Freyr Guðnason (65.)

**Leiknir R. - Fjölnir 3-0**
1-0 Ólafur Hrannar Kristjánsson (22.), 2-0 Ólafur Hrannar (35.), 3-0 Ólafur Hrannar (90.+3)

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **19** | **14** | **3** | **2** | **45-12** | **45** |
| Selfoss | 19 | 12 | 2 | 5 | 34-16 | 38 |
| **Haukar** | **20** | **10** | **5** | **5** | **28-17** | **35** |
| Fjölnir | 20 | 8 | 7 | 5 | 30-29 | 31 |
| **BÍ/Bolungarvík** | **19** | **9** | **4** | **6** | **24-29** | **31** |
| Víkingur Ó. | 19 | 8 | 4 | 7 | 28-21 | 28 |
| **Þróttur R.** | **20** | **8** | **2** | **10** | **24-40** | **26** |
| KA | 19 | 7 | 2 | 10 | 25-32 | 23 |
| **ÍR** | **20** | **6** | **4** | **10** | **25-36** | **22** |
| Grótta | 19 | 4 | 7 | 8 | 14-25 | 19 |
| **Leiknir R.** | **20** | **4** | **4** | **12** | **26-30** | **16** |
| HK | 20 | 2 | 6 | 12 | 20-36 | 12 |




## > John Cusack

„Stundum hittir maður fólk og líður eins og maður hafi þekkt það í langan tíma.“

***John Cusack leikur í kvikmyndinni Hot Tub Time Machine, sem segir frá fjórum vinum sem eru orðnir leiðir á lífinu og ákveða að ferðast aftur til áttunda áratugarins í afar sérstakri tímavél. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER GLAÐUR

# *Sjónvarpsefni af bestu gerð*

Ég hef oft bölsótast út í lélega ameríska sjónvarpsþætti. Ég hef yfirleitt uppgötvað góðu þættina (Sopranos) of seint, gefist upp á miðri leið (Lost) eða hreinlega misst af gleðinni (Arrested Development). Ég er ekki einn af þeim sem hala niður þætti af netinu og er því oft ári á eftir hjá öllum félögunum (þegar ég talaði um síðasta þátt Entourage var bara hlegið að mér enda kom í ljós að um ársgamalt efni var að ræða og ég átti enn töluvert í land í að verða viðræðuhæfur).

En nú hillir undir að langri og leiðinlegri bið eftir þolanlegu sjónvarpsefni sé lokið því Game of Thrones stendur fyllilega undir væntingum. Í fyrsta þættinum var mikið um bera rassa og brjóst og ég velti því fyrir mér, bara í skamma stund, hvort Stöð 2 hefði nokkuð keypt „ódýru“ útgáfuna af Lord of the Rings (svona svipaða týpu og kvikmyndina Babe Runner en það er önnur saga). Annar þátturinn reyndist hins vegar vera hin besta skemmtun, valdabaráttan á eftir að ná hámarki og ekki verður tekið á óvinum ríkisins með neinum silkihönskum.

Því miður kann ég ekki að sveifla sverði þrátt fyrir að hafa barist með birkipriki í Hellisgerði í Hafnarfirði. En ef ég gæti hoppað hæð mína í fullum herklæðum og klofið mann í herðar niður myndi ég pottþétt sækja um statistahlutverk þegar þættirnir verða teknar upp hér á landi. Og ég myndi jafnvel bjóðast til þess að vera berrassaður, ef það væri stemning fyrir því.



## RÚV

**10.00 HM í frjálsum íþróttum**

**12.25 Hlé**

**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**17.20 Mörk vikunnar**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Litlu snillingarnir** (10:12)

**18.30 Galdrakrakkar** (34:47) (Wizard of Waverly Place)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** (Árborg - Hornafjörður) Spurningakeppni sveitarfélaga. Lið Árborgar og Hornafjarðar keppa.

**21.15 Náttúruöflin** (Forces of Nature) Maður sem er að fara að gifta sig missir af flugi vegna óhapps en fær far með aðlaðandi og sérviturri konu. Leikstjóri er Bronwen Hughes og meðal leikenda eru Ben Affleck og Sandra Bullock. Bandarísk bíómynd frá 1999.

**23.05 Wallander – Lekinn** (Wallander: Läckan) Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Sænsk sakamálamynd frá 2009.

**00.35 Geislamengun** (Silkwood) Þetta er saga Karenar Silkwood, starfsmanns í plútónverksmiðju í Oklahoma, sem var viljandi látin verða fyrir geislun, pyntuð andlega og hugsanlega myrt til að koma í veg fyrir að hún segði frá brotum á öryggisreglum í verksmiðjunni. Bandarísk bíómynd frá 1983. (e)

**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Who the #$&% is Jackson Pollock**

**10.00 Something's Gotta Give**

**12.05 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**

**14.00 Who the #$& is Jackson Pollock**

**16.00 Something's Gotta Give**

**18.05 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**

**20.00 Hot Tube Time Machine**

**22.00 The Painted Veil**

**00.05 .45**

**02.00 According to Spencer**

**04.00 The Painted Veil**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (24:175)

**10.15 60 mínútur**

**11.00 The Amazing Race** (2:12)

**11.45 Life on Mars** (17:17)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Ocean's Eleven**

**15.00 Auddi og Sveppi**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (11:21)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 Týnda kynslóðin** (3:40) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur og munu þau fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.

**19.45 So You Think You Can Dance** (22:23)

**21.10 So You Think You Can Dance** (23:23) Úrslitastundin er runnin upp og nú kemur í ljós hver verður næsta dansstjarna Bandaríkjanna?

**22.40 Sleepless in Seattle** Rómantísk gamanmynd sem fjallar um feðga. Sonurinn gringir í sjónvarpssál- fræðing og óskar þess að pabbi hans finni nýja eiginkonu. Langt í burtu heyrir Annie Reed í stráknum og hrífst af því sem hann segir.

**00.30 Ghost Image** Sálfræðitryllir um unga konu sem missir kærasta sinn í bílslysi. Fljótlega fer hún að fá skilaboð frá honum í gegnum tölvuna og áttar sig ekki á því hvort það sé hluti að raunveruleikanum eða hvort hún sé í raun að missa vitið.

**02.05 Tropic Thunder** Sprenghlægileg ævintýramynd.

**04.05 The X-Files: I Want to Believe**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**16.35 Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ**

**17.30 Undankeppni EM** Bein útsending frá leik Noregs og Íslands í undankeppni EM. Leikurinn fer fram á Ulleval Stadion í Osló.

**20.10 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.

**20.40 Kobe - Doin , Work** Í þessari mögnuðu mynd fylgjumst við með einum degi í lífi Kobe Bryant. 30 myndavélar fylgdu Kobe eftir í þennan eina dag en myndin er eftir sjálfan Spike Lee.

**22.10 Floyd Mayweather vs. Ricky Hatton** Útsending frá bardaga ársins sem fór fram laugardaginn 8. desember en þar mættust Floyd Mayweather og Ricky Hatton.

**23.20 Undankeppni EM** Útsending frá leik Noregs og Íslands í undankeppni EM.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.35 Sunnudagsmessan**

**16.50 Swansea - Sunderland** Útsending frá leik Swansea og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.

**18.40 Chelsea - Norwich** Útsending frá leik Chelsea og Norwich City í ensku úrvalsdeildinni.

**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**21.00 PL Classic Matches: Blackburn - Leicester, 1997**

**21.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.

**22.00 Diego Simeone** Argentinumaðurinn Diego Simeone er hvað frægastur fyrir að hafa fiskað David Beckham að velli a HM 1998 i Frakklandi en þessi magnaði leikmaður verður kynntur nanar i þessum frabæra þætti.

**22.25 PL Classic Matches: Man United - Middlesbrough, 1996**

**22.55 Blackburn - Everton**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dynasty** (24:28) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.05 Running Wilde** (13:13) (e)

**16.30 Happy Endings** (13:13) (e)

**16.55 Rachael Ray**

**17.40 Parenthood** (2:22) (e)

**18.30 Real Hustle** (9:10) (e)

**18.55 Haustkynning SkjásEins 2011**(e)

**19.20 America's Funniest Home Videos** (31:50)

**19.45 Will & Grace** (5:24)

**20.10 According to Jim** (3:18)

**20.35 Mr. Sunshine** (3:13)

**21.00 The Bachelorette** (3:12)

**22.30 30 Rock** (1:23) (e)

**22.55 The Bridge** (9:13) (e)

**23.40 Got To Dance** (1:21) (e)

**00.30 Smash Cuts** (27:52)

**00.55 Whose Line is it Anyway?** (37:42) (e)

**01.20 Judging Amy** (3:23) (e)

**02.05 Real Housewives of Orange County** (15:15) (e)

**02.50 Will & Grace** (5:24) (e)

**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**

**07.40 The Barclays** (3:4)

**12.10 Golfing World**

**13.00 PGA Tour - Highlights** (34:45)

**13.55 The Barclays** (4:4)

**16.55 Champions Tour - Highlights** (17:25)

**17.50 2010 PGA TOUR Playoffs Official Film** (1:1)

**18.40 Inside the PGA Tour** (35:42)

**19.00 Deutsche Bank Championship** (1:4)

**22.00 Golfing World**

**22.50 PGA Tour - Highlights** (31:45)

**23.45 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (104:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Chuck** (4:19)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Heimsréttir Rikku** (2:8) Nýr og glæsilegur matreiðsluþáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að helga hvern þátt matargerð þjóðar sem á sér ríkulega matarhefð. Hún fræðir okkur um uppruna þeirra og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan og aðgengilegan hátt.

**22.20 The Closer** (6:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna 6 ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons sem stöðugt þarf að glíma við íhaldssemi karlanna í lögreglunni.

**23.05 The Good Guys** (6:20)

**23.50 Sons of Anarchy** (6:13)

**00.35 Týnda kynslóðin** (3:40)

**01.10 Chuck** (4:19)

**01.55 The Doctors** (104:175)

**02.40 Fréttir Stöðvar 2**

**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.

**21.00 Motoring** Stígur keppnis heldur um púlsinn hjá akstursíþróttamönnum.

**21.30 Eldað með Holta** Kristján Þór eldar kjúkling með fjölbreyttum áherslum.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.50**

### So You Think You Can Dance



Það er komið að úrslitastundu í þessum frábæru dansþáttum. Í kvöld kemur í ljós hver verður næsta dansstjarna Bandaríkjanna.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Foreldrahlutverkið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hver myrti Móleró? **15.25** Í dagsins önn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Jazzhátíð Reykjavíkur 2011 **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Töfrateppið **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.27** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.20** Deal or No Deal **11.55** Monarch of the Glen **12.45** Skavlan **13.35** Skavlan **14.25** Deal or No Deal **15.00** Deal or No Deal **15.35** Deal or No Deal **16.10** ‚Allo ‚Allo! **16.35** ‚Allo ‚Allo! **17.00** ‚Allo ‚Allo! **17.25** Fawlty Towers **18.00** Live at the Apollo **18.45** Live at the Apollo **19.30** Skavlan **20.20** Skavlan **21.10** Skavlan **22.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **22.50** Skavlan **23.40** Skavlan **00.30** Skavlan **01.20** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **02.05** Live at the Apollo **02.50** Live at the Apollo

## DR 1

**10.10** Jersild Live **10.35** Dage i haven **11.05** Vores Liv **11.35** Aftenshowet **12.30** Gintberg på kanten **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Thomas og hans venner **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Ernst **14.35** Dyk Olli dyk **14.50** Mægtige maskiner **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Skjulte Stjerner **19.00** TV Avisen **19.30** Skjulte Stjerner **19.45** Wanted **21.30** 8 mm

## NRK 1

**10.00** Friidrett **12.30** Folk **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** Nyheter **15.10** Munter mat **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** Eventyrlege Himalaya **18.55** 20 sporsmål **19.20** Poirot **20.50** Muntre glimt fra Smil til the skjulte kamera **21.00** Kveldsnytt **21.25** VM friidrett **22.25** De kaller oss artister **23.00** VM friidrett **02.00** Dansefot jukeboks u/chat **05.10** Disneytimen **06.05** Førkveld

## svt1

**08.00** Gomorron Sverige **09.00** Mitt i naturen **09.30** Friidrott **12.45** Intervju ur Gomorron Sverige **13.10** Flugor **13.15** Debatt **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Båttokig **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Friidrott **20.00** The Women **21.50** Kommissarie Barclay **22.50** Rapport **22.55** Friidrott **03.30** Rapport **03.45** Korsfarare och fredsmäklare **04.15** Sverige! **04.45** Mitt i naturen





Minningar- og styrktartónleikar Hönnu Lilju Valsdóttur og barna



GUÐRÍÐARKIRKJU GRAFARHOLTI MÁNUDAGINN 5. SEPTEMBER KL. 20.30. MIÐAVERÐ KR. 3.000. MIÐASALA FER FRAM Á MIDI.IS OG VIÐ INNGANG GUÐRÍÐARKIRKJU.

STYRKTARSJÓÐUR: 0322-13-700345 KT. 080171-5529

Fram koma: Páll Óskar Hjálmtýsson söngvari, Monika Abendroth hörpuleikari, Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) söngvari, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari, Sigurður I. Snorrason klarinettleikari, Davíð Ólafsson söngvari, Stefán Helgi Stefánsson söngvari, Helgi Már Hannesson píanóleikari, Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari, Jögvan Hansen söngvari, Jón Jónsson söngvari, Gospeltónar, Jóhann Friðgeir Valdimarsson söngvari og Gréta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari.

Öll vinna við tónleikana er án endurgjalds og mun allur aðgangseyrir renna beint í styrktarsjóð fyrir eiginmann og börn Hönnu Lilju. Einnig verður tekið á móti frjálsum framlögum.

www.facebook.com/styrktartonleikar.honnu.lilju

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Tvímælalaust lagið Emergency með Ruede Hagelstein.“*

Alexander Briem fjöllistamaður.

# Lagahöfundar leggja undir sig heilsuhótel

„Þetta er ekkert yfirskin hjá lagahöfundum sem eru að fara saman í detox,“ segir Jón Ólafsson, framkvæmdastjóri FTT, Félags íslenskra tónskálda og textahöfunda.

Dagana 5.-9. september fer fram söngvasmiðja á vegum félagsins á Heilsuhótelinu Ásbrú í Reykjanesbæ. Hótelið hefur einna helst verið þekkt fyrir detox-meðferðir sínar og þar ræður ríkjum engin önnur en Jónína Ben. Jón segir staðsetninguna fyrst og fremst hagkvæma, þeir taki hótelið á leigu og engin önnur starfsemi verði í gangi á meðan. „Ég fór út á land og skoðaði gistiaðstöður en fann aldrei neitt nógu stórt og ódýrt, þetta heilsuhótel er á gamla varnarsvæðinu og allt hjá Kananum er svo stórt.“

Samkomuna heiðrar góður gestur, lagahöfundur að nafni Paul Simm, en hann hefur unnið með listamönnum á borð við Amy Winehouse, Sugababes, All Saints og Neneh Cherry. Jón segir hann vera mikinn hvalreka fyrir íslenska lagahöfunda. Og af þeim verður nóg á heilsuhótelinu. Meðal þeirra sem boðað hafa komu sína eru Jónas Sigurðsson, Hafdís Huld, Örlygur Smári og Jens Hansson auk nokkurra efnilegra lagahöfunda frá Írlandi, Danmörku og Svíþjóð. **- fgg**



**EKKERT DETOX** Jens Hansson, Jónas Sigurðsson og Hafdís Huld eru meðal þeirra sem ætla að mæta í söngvasmiðju FTT á Heilsuhótelinu Ásbrú í Reykjanesbæ. Meðal annarra gesta má nefna Paul Simm sem vann með Amy Winehouse og Sugababes.










**GUNNHILDUR YRSA:** MEÐ HEILT KLAPPLIÐ FYRIR SIG

# Enginn skortur á stuðningi hjá fyrirliða Stjörnunnar

„Það geta oft verið mikil læti en maður tekur ekki eftir því. Það er kannski einna helst þegar fólk kemur í heimsókn að einhver hefur orð á þessu,“ segir Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, hinn 23 ára gamli fyrirliði Íslandsmeistaraliðs Stjörnunnar í knattspyrnu.

Stjarnan, með Gunnhildi í broddi fylkingar, rauf loks áralanga einokun og áskrift Vals að Íslandsmeistaratitlinum í kvennaknattspyrnu þegar liðið lagði Aftureldingu á þriðjudaginn. Og það er kannski engin tilviljun að Gunnhildur skuli bera fyrirliðabandið því heima fyrir þarf hún að kljást við nánast heilt fótboltalið af systkinum. Þau eru allt í allt átta; einn eldri bróðir, fjórar yngri systur og tveir litlir bræður. „Það hefur aldrei vantað barnapíur á heimilið og við höfum yfirleitt hjálpast að. Við höfum samt alltaf verið mjög sjálfstæð og getað bjargað okkur sjálf.“

Og fjölskyldan í Garðabænum er eins ólík og meðlimirnir eru margir, knattspyrnugenið hefur til að mynda ekki ratað í alla. „Urður, sem er nítján, hefur aldrei haft neinn áhuga á íþróttum en bæði Ilmur, fimmtán ára, og Þórunn, fjórtán ára, æfa. Yngri bræður mínir, Sæmundur og Sigurður Tumi, eru hins vegar ekkert fyrir fótbolta, þeir elska að lesa og læra. Þeir eru samt stoltir af stóru systur sinni.“

Það vantaði hins vegar ekkert upp á mætinguna á þriðjudaginn þegar öll fjölskyldan mætti til að hvetja lið Stjörnunnar áfram og Gunnhildur viðurkennir að það hafi verið frábær stund. „Ég hef æft síðan ég var átta ára og það var frábært að upplifa það að Stjarnan skyldi vera orðin eitt af bestu liðum landsins.“ Gunnhildur, sem er kærastann Ólaf Arnar, efast hins vegar um að hún eigi sjálf eftir að eignast jafn mörg börn og foreldrar sínir. „Nei, ég held að besta forvörnin gegn því að eignast mörg börn sé að eiga mörg systkini,“ segir hún og hlær.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**SAMHELDIN SYSTKINI** Frá vinstri séð: Urður (19) sem heldur á Sigurði Tuma (8) og Gunnhildur (23) situr fyrir miðju með Elfi Fríðu (3). Ilmur (15) heldur á Sæmundi Tóka (6) og loks situr Þórunn á gólfinu fyrir framan. Á myndina vantar elsta bróðurinn, Tind. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Frjálsar ástir hafa jákvæð áhrif

„Það hefur greinilega jákvæð áhrif á okkur að vera innan um þessar frjálsu ástir í leikritinu,“ segir Erna Hrönn Ólafsdóttir, söng- og leikkona, en það vill svo skemmtilega til að Erna er þriðji meðlimur leikhópsins í Hárinu sem á von á barni.

Magni Ásgeirsson á von á sínu öðru barni í desember og Eyþór Ingi Gunnlaugsson á von á barni í nóvember. Jóhannes Haukur Jóhannesson eignaðist síðan son fyrir stuttu, svo í raun verða þau fjögur með barnavagna á næsta ári.

„Þetta er skemmileg tilviljun og við höfum örugglega öll smitast af kynorkunni í leikritinu. Spurning hvort við stofnum svona foreldra-Hár-hóp okkar á milli á næsta ári?“

Erna á von á sér á sjálfan Valentínusardaginn, 14. febrúar, en barnið fæðist inn í stóran systkinahóp því fimm börn eru fyrir á heimili Ernu.

„Já, það verður nóg að gera. Ég á tvö börn fyrir og maðurinn minn á þrjú en barnið er okkar fyrsta saman. Það verða því sex börn á heimilinu á næsta ári og væntanlega mikið fjör,“ segir Erna, hvergi bangin við barnaskarann. „Yngsta barnið er sex ára svo það verður bara eitt bleyjubarn. Mitt yngsta er átta ára svo það er orðið frekar langt síðan ég gekk í gegnum meðgöngu síðast en mér líður prýðilega.“

Erna er þessa dagana að koma sér fyrir í útvarpi, þar sem hún kemur inn í þáttinn Fjögur sex á FM957 ásamt Brynjari Má Valdimarssyni. „Það er alveg frábært. Ég hef verið FM957-röddin undanfarið ár og þetta er því ákveðið framhald á því.“ **- áp**



**FJÖLGUN** Það verður nóg að gera hjá Ernu Hrönn Ólafsdóttur á næsta ári þegar hún bætir sjötta barninu við fjölskylduna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# VETRAR LAGERSALA

**MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM ÚTIVISTAR- OG VETRARFATNAÐI**

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

| VERÐDÆMI | ÁÐUR | NÚ |
|---|---|---|
| **Útivist:** | | |
| 3 laga jakkar | 37.990 | 15.900 |
| 3 laga buxur | 37.990 | 18.900 |
| Primaloft úlpur | 35.990 | 17.900 |
| Superstretch-peysur | 17.990 | 7.900 |
| Gönguskór | 29.990 | 19.900 |
| Regnbuxur | 12.990 | 7.900 |
| Snjóbuxur | 24.990 | 12.900 |
| Soft-shell jakkar | 19.990 | 4.900 |
| 2ja laga skíðaúlpur | 29.990 | 14.900 |
| Dúnúlpur | 34.990 | 12.900 |
| Regnjakkar | 19.990 | 9.900 |
| Flíspeysur | 13.990 | 5.900 |
| Skólatöskur | 9.990 | 3.900 |
| **Barna:** | | |
| Barna flís | 9.990 | 2.900 |
| Barna superstretch | 14.990 | 4.900 |
| Barnaúlpur | 22.990 | 9.900 |
| Barna soft-shell | 14.990 | 2.900 |
| Barnagallar | 13.990 | 5.900 |
| Barna regnjakkar | 10.990 | 4.900 |
| Barna snjóbuxur | 14.990 | 8.900 |

### OPNUNARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 1.sept. | kl. 12-20 |
| Föstudagur | 2.sept. | kl. 12-20 |
| Laugardagur | 3.sept. | kl. 10-18 |
| Sunnudagur | 4.sept. | kl. 11-18 |
| Mánudagur | 5.sept. | kl. 12-20 |




**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekkumegin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Júdas svíkur engan

Dansleikur með rokksveitinni sígildu Júdasi í kvöld er einn af fjölmörgum skemmtilegum tónlistargjörningum sem boðið verður upp á á Ljósanótt í Reykjanesbæ um helgina. **Magnús Kjartansson,** forsprakki Júdasar, segir þá félaga hafa tekið stöku gigg á Ljósanótt síðustu ár og alltaf sé jafn mikið fjör. Ekki er það skrítið þar sem sveitin kemur jafnan fram undir yfirskriftinni „Júdas svíkur engan". „Enda gerum við alltaf okkar besta," segir Magnús. Ballið verður haldið á veitingastaðnum Ránni.



### Gísli á flandri

Leikhópurinn Vesturport er vanur því að vera á flakki út um allan heim og um helgina ætlar leikhópurinn enn og aftur að leggja land undir fót. Reyndar heldur hann bara til Akureyrar, þar sem fluttur verður gamanleikurinn Húsmóðirin í menningarhúsinu Hofi. Einn meðlimur hópsins þarf reyndar að fara í gegnum flugstöðina í Keflavík því **Gísli Örn Garðarsson** kemur heim frá London til að leika í sýningunni, en hann er að setja upp Hróa hött í London.

- þj, - fgg



## Mest lesið VÍSIR

1. Þingmannsbörnum fjölgar ört
2. Flugmenn gleyma kunnáttunni
3. Bústaður brann til kaldra kola
4. Með fölsuð skilríki í Leifsstöð
5. Góðan daginn Reykvíkingar - myndband





